

Lög og reglur LH

Útgáfa 2017 - 1



Efnisyfirlit:

1	Lög Landssambands hestamannafélaga (LH)	13
1.1	Skipulag	13
1.1.1	Nafn-heimili-aðild	13
1.1.2	Tilgangur og markmið	13
1.2	Stjórnun.....	13
1.2.1	Stjórnunaraðilar	13
1.2.2	Landsþing	13
1.2.3	Atkvæðisréttur á landsþingi.....	14
1.2.4	Dagskrá landsþings	14
1.2.5	Aukaþing	15
1.3	Formannafundur aðildarfélaga.....	15
1.3.1	Boðun formannafundar	15
1.3.2	Hlutverk og seturéttur	15
1.3.3	Dagskrá formannafundar	16
1.4	Stjórn.....	16
1.4.1	Kosning stjórnar	16
1.4.2	Starfssvið stjórnar	17
1.4.3	Stjórnskipaðar nefndir	17
1.5	Fjármál	17
1.5.1	Tekjur og gjöld LH	17
1.6	Ýmislegt.....	18
1.6.1	Dómstóll.....	18
1.6.2	Aðgengi stjórnar að mótum	18
1.6.3	Kjör heiðursfélaga	18
1.6.4	Að leggja samtökin niður	18
1.6.5	Gildistaka.....	18
2	Agareglur.....	19
2.1	Almennar reglur	19
2.2	Siðareglur: Velferð hestsins	19
2.2.1	Á öllum stigum undirbúnings og þjálfunar keppnishrossa skal velferð hrossins hafa forgang fram yfir allt annað	19
2.2.1.1	Góð meðferð hestsins	19
2.2.1.2	Þjálfunaraðferðir	19
2.2.1.3	Járningar og reiðtygi	19
2.2.1.4	Flutningur.....	19

2.2.1.5 Ferðalög	20
2.2.2 Hross og keppendur skulu vera í góðri þjálfun, hæf og við góða heilsu áður en þeir fá leyfi til að keppa	20
2.2.2.1 Þjálfun og hæfni	20
2.2.2.2 Heilbrigðisástand	20
2.2.2.3 Lyfjameðferð	20
2.2.2.4 Skurðaðgerðir	20
2.2.2.5 Fylfullar eða nýkastaðar hryssur	20
2.2.2.6 Misnotkun hjálpartækja	20
2.2.2.7 Blæðing	20
2.2.3 Keppni má ekki ógna velferð hestsins	20
2.2.3.1 Keppnissvæði	20
2.2.3.2 Undirlag	21
2.2.3.3 Óvenjulegt veður	21
2.2.3.4 Aðstaða fyrir hross á keppnisstað	21
2.2.3.5 Hæfi til flutnings	21
2.2.4 Allt kapp skal lagt á að vel sé farið með hross eftir hverja keppni og að meðferð að loknum keppnisferli sé góð (við hæfi)	21
2.2.4.1 Dýralæknismeðferð	21
2.2.4.2 Dýralæknismiðstöðvar	21
2.2.4.3 Slys í keppni	21
2.2.4.4 Aflífun	21
2.2.4.5 Hætt keppni	21
2.2.4.6 Menntun	21
2.3 Siðareglur: Heiðarleg keppni og hestaíþróttir	22
2.3.1 Ábyrgð keppenda, leiðbeinenda og þjálfara	22
2.3.2 Ábyrgð ráðandi samtaka (innlendra sem alþjóðlegra samtaka)	22
2.3.3 Ábyrgð dómara, starfsmanna, dýralækna og allra annarra embættismanna	23
2.3.4 Ábyrgð blaðamanna og annarra fjölmíðla	23
2.3.5 Ábyrgð áhorfenda	23
2.4 Formáli	23
2.5 Heilbrigðisreglur	24
2.6 Lyfjanotkun	24
2.7 Andmæla- og agareglur	24
2.7.1 Almennar grundvallarreglur	24
2.7.2 Almennar reglur	24
2.7.3 Kærur	25

2.7.4 Dæmt úr keppni og agaviðmið.....	26
2.7.4.1 Umfang.....	26
2.7.4.2 Skrá.....	26
2.7.4.3 Viðurlög.....	26
2.7.4.4 Dæmt úr leik og agareglur	26
2.8 Íslenskar sérreglur.....	28
2.8.1 Auglýsingar móta	28
2.8.2 Framkvæmdanefndir móta	28
2.8.3 Skipan yfirdómnefndar	28
2.8.4 Skipun dómara á mótt.....	28
2.8.5 Verkefni framkvæmdanefndar	29
2.8.6 Keppnisröð	29
2.8.7 Verkefni yfirdómnefndar	29
2.8.8 Skyldur keppenda.....	29
2.8.9 Kærur	30
2.8.10 Skyldur dómara og starfsmanna	30
2.8.10.1 Starfsmenn	30
2.8.10.2 Dómarar	30
2.8.10.3 Yfirdómnefnd	30
2.8.11 Dómstólar ÍSÍ.....	31
2.8.12 Ferðalög erlendis	31
3 Almenn ákvæði fyrir gæðingakeppni, íþróttakeppni og kappreiðar	32
3.1 Um keppni.....	32
3.2 Keppendur og útbúnaður þeirra	32
3.3 Félagaskipti	32
3.3.1 Félagaskipti	32
3.3.2 Heimild til undirritunar félagaskipta.....	32
3.3.3 Keppandi og keppni	32
3.3.4 Heimild til félagaskipta	33
3.4 Erlendir ríkisborgarar	33
3.5 Viðurlög	33
3.6 Um breytingar	33
4 Reglugerð um flokkaskiptingu og keppnisgreinar í aldursflokkum.....	34
4.1 Aldursflokkaskipting.....	34
4.2 Styrkleikaskipting fullorðinsfloks	34
5 Reglugerð LH fyrir Íslandsmót.....	36

5.1	Ákvörðun um Íslandsmótsstað og dagsetningu.....	36
5.2	Keppnisgreinar á Íslandsmóti.....	36
5.3	Auglýsing Íslandsmóts.....	36
5.4	Framkvæmdanefnd Íslandsmóts	36
5.5	Skipan dómara Íslandsmóts	37
5.6	Hlutverk yfirdómnefndar Íslandsmóts	37
5.7	Ýmis ákvæði um Íslandsmót	37
5.8	Listi yfir lágmarkskröfur	37
5.9	Gildissvið	37
6	Reglur um undirbúning og framkvæmd Landsmóta	38
6.1	Ákvörðun um Landsmót.....	38
6.2	Hlutverk stjórnar LH	38
6.3	Tímasetning Landsmóta.....	38
6.4	Keppnisgreinar Landsmóts.....	38
6.5	Val hrossa og keppenda á Landsmót	38
6.6	Ráðstöfun hugsanlegs hagnaðar Landsmóts	39
6.7	Flutningsstyrkir.....	39
6.8	Um reglur um Landsmót	39
7	Reglugerðir um gæðingakeppni.....	40
7.1	Formáli	40
7.1.1	Markmið.....	40
7.1.2	Vilji.....	40
7.1.3	Taktur og samræmi.....	40
7.1.4	Framtak og gangrými	40
7.1.5	Fas og hreyfingarfegurð	40
7.2	Dómsatriði í gæðingakeppni:.....	40
7.2.1	Fet	40
7.2.2	Brokk	41
7.2.3	Hægt tölt	41
7.2.4	Greitt tölt	41
7.2.5	Stökk.....	41
7.2.6	Tölt A-flokkur	41
7.2.7	Skeið	41
7.2.8	Vilji.....	41
7.2.9	Fegurð í reið	41
7.3	Um keppnishesta, sýnendur og búnað.....	41

7.3.1	Keppnirsréttur og skráning.....	41
7.3.2	Sýnandi, búnaður hests og knapa	42
7.3.3	Fyrirmæli.....	42
7.3.4	Hrekkir og fleira.....	42
7.3.5	Aflestur örmerkis	42
7.4	Um dómara, dómstörf og framkvæmd keppni.....	42
7.4.1	Dómarar og dómnefnd	42
7.4.2	Dómarar og dómstörf	43
7.4.3	Framkvæmd keppni	43
7.4.4	Vallarstærð:.....	43
7.5	Reglugerð LH fyrir einkunnaútreikning í gæðingakeppni.....	44
7.5.1	Reiknireglu um uppgjör dóma	44
7.5.2	Verkefni.....	44
7.5.2.1	A-flokkur gæðinga	44
7.5.2.2	B-flokkur gæðinga	44
7.5.2.3	C flokkur gæðinga	45
7.5.2.4	C1 flokkur gæðinga	45
7.6	Um úrslitakeppni gæðingakeppninnar	46
7.6.1	Þátttökuréttur í úrslitakeppni	46
7.6.2	Framkvæmd úrslitakeppni	46
7.6.2.1	Alhliða hestar – A-flokkur	46
7.6.2.2	Klárhestar með tölti – B-flokku	47
7.6.2.3	C flokkur gæðinga	47
7.6.2.4	C1 flokkur gæðinga	47
7.6.2.5	Hestar jafnir eftir úrslit	48
7.6.3	Keppnirsröð á stórmótum	48
7.7	Reglugerð LH um barna-, unginga- og ungmannakeppni	48
7.7.1	Keppendur í yngri flokkum.....	48
7.7.2	Keppnishesturinn í yngri flokkum	48
7.7.3	Einkunnir í yngri flokkum	48
7.7.4	Verkefni yngri flokka	49
7.7.4.1	Pollagæðingakeppni.....	49
7.7.4.2	Barnaflokkur.....	50
7.7.4.3	Unglingaflokkur.....	50
7.7.4.4	Ungmennaflokkur	50
7.7.5	Keppnirsréttur í úrslitum yngri flokka	50

7.7.6	Framkvæmd úrslita í yngri flokkum	50
7.7.6.1	Úrslitakeppni – pollaflokkur.....	50
7.7.6.2	Úrslitakeppni – barnaflokkur	50
7.7.6.3	Úrslitakeppni – unglingsflokkur	50
7.7.6.4	Úrslitakeppni – ungmennaflokkur	51
7.8	Reglur LH um gæðingakeppni á lands- og fjórðungsmótum	51
7.8.1	Sérstök forkeppni.....	51
7.8.1.1	B-Flokkur gæðinga	51
7.8.1.2	A-Flokkur gæðinga	51
7.8.1.3	Barnaflokkur.....	52
7.8.1.4	Unglingsflokkur.....	52
7.8.1.5	Ungmennaflokkur	52
8	Íþróttakeppni FIPO.....	53
8.1	Almennar reglur um íþróttakeppni.....	53
8.1.1	Löglegir hestar.....	53
8.1.2	Reiðtygi	53
8.1.2.1	Hnakkar	53
8.1.2.2	Beisli og beislabúnaður	53
8.1.2.3	Hlífar.....	54
8.1.3	Járningar.....	54
8.1.3.1	Hófar	54
8.1.3.2	Skeifur	54
8.1.3.3	Staðsetning skeifu	54
8.1.3.4	Skaflar	55
8.1.3.5	Uppslættir	55
8.1.3.6	Ásuður og pottanir	55
8.1.3.7	Botnar	55
8.1.3.8	Bannaðar skeifur, hringir og botnar.....	55
8.1.4	Hlífar.....	55
8.1.4.1	Endurjárningar	56
8.1.4.2	Járninga- og hlífaskoðun	56
8.2	Knapar	56
8.2.1	Almennt.....	56
8.2.2	Löglegir knapar.....	57
8.2.3	Útbúnaður knapa	57
8.3	Reglur fyrir FIPO keppni	57

8.3.1 Auglýsingar og skráningar	57
8.3.2 Vellir	57
8.3.2.1 Innanhússmót	57
8.3.3 Dómarar	58
8.3.4 Starfsmenn vallar	58
8.3.5 Tímavarsla	58
8.3.6 Stundvísí	58
8.3.7 Rásröð	58
8.3.8 Upphitunarhestur	59
8.3.9 Samanlagðar greinar	59
8.3.9.1 Fjórgangur	59
8.3.9.2 Fimmgangur	59
8.3.9.3 Samanlagðar greinar í yngri flokkum	59
8.3.10 Ábyrgð	59
8.3.11 Mót viðurkennd af FEIF	60
8.4 Hringvallargreinar	60
8.4.1 Hringvöllur	60
8.4.2 Dómarar	60
8.4.3 Einkunnir	60
8.4.3.1 Forkeppni	60
8.4.3.2 Úrslit	60
8.4.4 Framvinda keppnisgreinar	61
8.4.4.1 Forkeppni þar sem einn keppandi er á vellinum	61
8.4.4.2 Úrslit og forkeppni þar sem fleiri en einn keppandi er á vellinum í einu	61
8.4.5 Vinstri handar og hægri handar ráshópar	61
8.4.6 Dæmt úr leik	61
8.4.7 Úrslit	62
8.4.8 Dregið til baka úr keppni	62
8.4.9 Hestar jafnir eftir úrslit	63
8.4.10 Tónlist	63
8.5 Skeiðvallargreinar	63
8.5.1 Skeiðvöllur	63
8.5.2 Takmarkanir	63
8.5.3 Tímavarsla	63
8.5.4 Einkunnagjöf í kappreiðum	64
8.6 Fimikeppni	64

8.6.1	Fimivöllur	64
8.6.2	Dómarar	64
8.6.3	Fimikeppni í yngri flokkum.....	64
8.6.3.1	Fimikeppni A, börn og ungligar	64
8.6.3.2	Fimikeppni A2, Ungmenni.....	67
8.6.3.3	Hindrunarstökk, börn og ungligar.....	70
8.6.3.4	Hindrunarstökk, ungmanni og opinn flokkur.....	71
8.7	Keppnisgreinar	72
8.7.1	T1 – Töltkeppni	72
8.7.1.1	Leyfilegir hestar.....	72
8.7.1.2	Forkeppni	72
8.7.1.3	Úrslit.....	72
8.7.2	T2 – Töltkeppni	72
8.7.2.1	Leyfilegir hestar.....	72
8.7.2.2	Forkeppni	72
8.7.2.3	Úrslit.....	73
8.7.3	T3 - Tölt	73
8.7.3.1	Leyfilegir hestar.....	73
8.7.3.2	Forkeppni	73
8.7.3.3	Úrslit.....	73
8.7.4	T4 Töltkeppni	73
8.7.4.1	Leyfilegir hestar.....	73
8.7.4.2	Forkeppni	73
8.7.4.3	Úrslit.....	74
8.7.5	T5 – Tölt	74
8.7.5.1	Leyfilegir hestar.....	74
8.7.5.2	Forkeppni	74
8.7.5.3	Úrslit.....	74
8.7.6	T6 – Tölt	74
8.7.6.1	Leyfilegir hestar.....	74
8.7.6.2	Forkeppni	74
8.7.6.3	Úrslit.....	74
8.7.7	T7 – Tölt	75
8.7.7.1	Leyfilegir hestar.....	75
8.7.7.2	Forkeppni	75
8.7.7.3	Úrslit.....	75

8.7.8 T8 – Tölt	75
8.7.8.1 Leyfilegir hestar.....	75
8.7.8.2 Forkeppni	75
8.7.8.3 Úrslit.....	75
8.7.9 V1 – Fjórgangur.....	75
8.7.9.1 Leyfilegir hestar.....	75
8.7.9.2 Forkeppni	76
8.7.9.3 Úrslit.....	76
8.7.10 V2 - fjórgangur	76
8.7.10.1 Leyfilegir hestar.....	76
8.7.10.2 Forkeppni:	76
8.7.10.3 Úrslit	77
8.7.11 V3 – fjórgangur	77
8.7.11.1 Leyfilegir hestar.....	77
8.7.11.2 Forkeppni	77
8.7.11.3 Úrslit	77
8.7.12 V4 – fjórgangur	77
8.7.12.1 Leyfilegir hestar.....	77
8.7.12.2 Forkeppni	77
8.7.12.3 Úrslit	78
8.7.12.4 Almennar athugasemdir	78
8.7.13 V5 – Fjórgangur	78
8.7.13.1 Forkeppni:	78
8.7.13.2 Úrslit	78
8.7.14 V6 - Fjórgangur.....	79
8.7.14.1 Forkeppni	79
8.7.14.2 Úrslit	79
8.7.15 F1 – Fimmgangur	79
8.7.15.1 Leyfilegir hestar.....	79
8.7.15.2 Forkeppni	79
8.7.15.3 Úrslit	80
8.7.16 F2 - fimmgangur.....	80
8.7.16.1 Leyfileg hross.....	80
8.7.16.2 Forkeppni	80
8.7.16.3 Úrslit	80
8.7.17 P1 – Skeiðkappreiðar 250 m	81

8.7.17.1	Rásbásar	81
8.7.17.2	Hætt við þátttöku í spretti	81
8.7.17.3	Ræsing	81
8.7.17.4	Ræsing með rásbásum eða sjálfvirkri ræsingarvél	81
8.7.17.5	Rásröð	82
8.7.17.6	Dómarar	82
8.7.17.7	Knapar	82
8.7.17.8	Met	83
8.7.17.9	Einkunnir	83
8.7.18	P3 – Skeiðkappreiðar 150 m	83
8.7.18.1	Einkunnir	83
8.7.19	PP1 – Gæðingaskeið	83
8.7.19.1	Völlur	83
8.7.19.2	Rásröð	84
8.7.19.3	Ræsing	84
8.7.19.4	Dómarar	84
8.7.19.5	Dæmt úr keppni	85
8.7.19.6	Einkunnatafla	85
8.7.20	PP2 – Gæðingaskeið	86
8.7.20.1	Völlur	86
8.7.20.2	Rásröð	86
8.7.20.3	Ræsing	86
8.7.20.4	Dómar	86
8.7.20.5	Einkunnir	86
8.7.20.6	Einkunnatafla	86
8.7.21	P2 – Flugskeið: 100 m skeiðkappreiðar með fljúgandi ræsingu	87
8.7.21.1	Ræsing	87
8.7.21.2	Rásröð	87
8.7.21.3	Dómarar	87
8.7.21.4	Tímavarsla	87
8.7.21.5	Einkunnagjöf	87
8.7.21.6	Dæmt úr leik	87
8.7.21.7	Knapar	87
8.7.21.8	Met	87
8.7.21.9	Einkunnir	87
8.7.21.10	Yfirferð tímatöku	87

8.8 Aðrar keppnisgreinar	88
8.8.1 All ride	88
8.8.2 Gæðingakeppni.....	88
8.8.3 Pollatölt.....	88
8.8.3.1 Forkeppni	88
8.8.3.2 Úrslit.....	88
8.8.3.3 Almennar ábendingar	88
8.8.4 Pollaþrígangur.....	89
8.8.4.1 Forkeppni	89
8.8.4.2 Úrslit.....	89
8.8.4.3 Almennar ábendingar	89
8.8.5 Keppnisgreinar á fimivelli.....	90
8.8.5.1 FS1 - Free Style Performance, frjáls fimikeppni.....	90
8.8.5.2 FS2 – Riðið á fimivelli	91
8.8.5.3 FS3 – Sýning á fimivelli í hendi.....	92
8.8.6 Aðrar keppnisgreinar	93
8.8.6.1 FR1 – Fánakappreiðar	93
8.8.6.2 TR1 – Þrautakeppni.....	94
8.8.6.3 CR1 – Víðavangshlaup.....	95
8.9 Viðauki 1: Heimslisti/ World Ranking	96
8.10 Viðauki 2: Tímatöflur P1 skeiðkappreiðar 250 m	97
8.11 Viðauki 3: Tímarafa P2 flugskeið	103
8.12 Viðauki 4: Tímatafla P3 skeiðkappreiðar 150 m	106
8.13 Viðauki 5: Tímaviðmið þar sem fleiri en einn eru á hringvelli í einu og úrslit	111
8.14 Viðauki 6: Teikningar.....	111
8.15 Viðauki 7: Vinna í hendi á mótum.....	111
8.16 Viðauki 8: Bannlisti.....	113
9 Eyðublöð	119
10 Mótaskýrsla.....	120
11 Skýrsla yfirdómnefndar	122

1 Lög Landssambands hestamannafélaga (LH)

1.1 Skipulag

1.1.1 Nafn-heimili-aðild

Samtökin heita LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA, skammstafað LH. Þau eru æðsti aðili innan Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) um alla þætti hestaíþrótt og málefni þeim tengdum.

Heimili og varnarþing samtakanna er í Reykjavík.

Öll félög innan ÍSÍ sem leggja stund á hestaíþróttir, þ.e. hestamannafélög, eru aðilar að LH, með aðild að hlutaðeigandi héraðssambandi /íþróttabandalagi.

1.1.2 Tilgangur og markmið

Auk hefðbundinnar keppni, æfinga og þjálfunar til líkamlegrar heilsuræktar, samanber lög ÍSÍ, er það í verkahring LH að sinna hagsmunamálum sem tengjast hestaíþróttum svo sem á sviði ræktunarmála, tamninga, samgöngu- og ferðamála, landnýtinga- og umhverfismála.

Önnur markmið eru m.a:

Að hafa yfirstjórn og vinna að eflingu hestamennsku m.a. með fræðslu, útbreiðslu- og kynningarstarfsemi.

Að vera málsvari hestamanna jafnt innanlands sem erlendis.

Að eiga samstarf við önnur samtök er sinna hagsmunamálum hestamanna, svo sem á sviði ræktunarmála, tamninga, samgöngumála, ferðamála, landnýtingar og umhverfismála á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Að koma fram gagnvart opinberum aðilum.

Að vinna að stofnun nýrra sérráða.

Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.

Að vera fulltrúi hestaíþrótt gagnvart erlendum aðilum og sjá um að reglur varðandi greinina séu í samræmi við alþjóðareglur þar sem það á við.

Nánari skilgreining um tilgang og markmið hljóti staðfestingu landsþings.

1.2 Stjórnun

1.2.1 Stjórnunaraðilar

Málefnum LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA er stjórnað af:

- Landsþingi LH
- Stjórn LH

1.2.2 Landsþing

Landsþing fer með æðsta vald í málefnum LH. Þingið sitja fulltrúar frá hestamannafélögum í landinu.

Fulltrúafjöldi fer eftir félagatölu hvers hestamannafélags sem hér segir: Félög með færri en 75 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 76-150 félagsmenn fá two fulltrúa, félög með 151-225 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv.

Aðeins sá sem er í hestamannafélagi er kjörgengur fulltrúi viðkomandi sérráðs eða héraðssambands á landsþingi LH. Það er jafnframt skilyrði fyrir kjörgengi að viðkomandi hestamannafélag sé í skilum með gjöld til LH.

Þingið skal háð annað hvert ár í október- eða nóvembermánuði. Skal boða það bréflega með minnst 8 vikna fyrirvara.

Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 4 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn LH tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 2 vikum fyrir þingið.

Landsþingi skal stýrt eftir almennum þingsköpum.

Landsþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

1.2.3 Atkvæðisréttur á landsþingi

Á landsþinginu hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt. Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði.

Þegar langt eða dýrt er að sækja þingið eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu frá að sækja þingið, getur landsþingið heimilað að fulltrúi fari með fleiri en eitt atkvæði, en aðeins með atkvæði þess félags sem hann er fulltrúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra félaga, sem eiga heima þar sem þingið er háð. Umboðið, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila.

Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en tvö atkvæði.

Fulltrúum er skylt að starfa með nefndum skv. nánari ákvörðun þingsins, en hafa einungis atkvæðisrétt í einni nefnd þingsins.

Auk kjörinna fulltrúa eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn LH, varastjórn, framkvæmdastjóri, endurskoðandi og skoðunarmenn
- Forseti og framkvæmdastjórn ÍSÍ
- Fulltrúi héraðssambanda/íþróttabandalaga
- Formaður/fulltrúi nefnda LH
- Formaður/fulltrúi GDLH og HÍDÍ
- Formaður/fulltrúi Járningamannafélag Íslands

Auk þess getur stjórn LH boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

1.2.4 Dagskrá landsþings

- Þingsetning
- Kosinn þingforseti, varaþingforseti, þingritari og varaþingritari.
- Kjör þingnefnda:
 - Fjárhagsnefnd (fimm menn)
 - Allsherjarnefnd (fimm menn)
 - Æskulýðsnefnd (fimm menn)
 - Keppnisnefnd (fimm menn)
 - Kynbótaneftnd (fimm menn)
 - Ferða-og umhverfisnefnd (fimm menn)

- Aðrar nefndir skv. ákvörðun þingsins.
- Lögð fram skýrsla stjórnar.
- Lagðir fram reikningar sambandsins til samþykktar. Skulu reikningarnir settir upp og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af skoðunarmönnum. Þá skal á landsþingi gerð grein fyrir rekstri fyrstu 8 - 9 mánuði ársins, sem er að líða.
- Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til tveggja ára.
- Lagðar fram tillögur og mál sem borist hafa og lögð verða fyrir þingið.
- Landsþing taki ákvarðanir varðandi Íslandsmóti samkvæmt reglugerðum þar um.
- Þinghlé
- Þingnefndir skila störfum, umræður og atkvæðagreiðsla.
- Kosning stjórnar, varastjórnar og tveggja skoðunarmanna.
- Kosning fulltrúa á íþróttapring ÍSÍ.
- Önnur mál.
- Þingfundargerð lesin og staðfest, eða þingforseta og riturum falin frágangur hennar.
- Þingslit

Fái fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingu sé að ræða; þá þarf 2/3 hluta atkvæða viðstaddir atkvæðisbærra fulltrúa.

Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða leyft að taka fyrir mál sem komið hafa fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum.

Skyrslu LH svo og ágrip af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum LH innan tveggja mánaða frá þingslitum.

1.2.5 Aukaþing

Aukaþing skal halda þegar einn þriðji sambandsaðila óskar þess eða stjórn LH telur það nauðsynlegt. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til aukaþings má hafa styrti en til reglulegs þings, þó ekki skemmri en 10 daga.

Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem hættur er í féluginu eða forfallast á annan hátt.

Á aukaþingi má ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt landsþing.

1.3 Formannafundur aðildarfélaga

1.3.1 Boðun formannafundar

Stjórn LH skal boða til formannafundar í október, árið milli landsþinga. Formannafund skal boða með minnst mánaðar fyrirvara. Dagskrá skal kynnt eigi síðar en tveimur vikum fyrir fund.

1.3.2 Hlutverk og seturéttur

Formannafundur er ráðgefandi fyrir stjórn LH. Seturétt eiga eftirtaldir:

- Stjórn og varastjórn LH
- Formaður allra aðildarfélaga LH
- Formaður starfsnefnda LH
- Formaður Gæðingadómarafélagsins, Hestaíþróttadómarafélagsins.

Skylt er að boða til formannafundar ef helmingur formanna aðildarfélaganna óskar þess skriflega.

1.3.3 Dagskrá formannafundar

Formannafundir fjallar meðal annars um:

- Málefni LH milli landsþinga
- Reikninga síðastliðins rekstrarárs
- 8 mánaða uppgjör reikninga ársins
- Endurskoðaða rekstraráætlun og rekstraráætlun næsta árs
- Skýrslur stjórnar og starfsnefnda

Á formannafundum má ekki gera breytingar á lögum LH né kjósa stjórn.

1.4 Stjórn

Stjórn LH fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórnin skal skipuð sjö mönnum, formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Varastjórn skal skipuð fimm mönnum og taka þeir sæti í aðalstjórn í samræmi við atkvæðahlutfall. Kjörtímabil er til tveggja ára.

Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Sérstakan ráðningarsamning skal gera í hverju tilviki og skal hann ávallt vera tímabundinn.

Reikningsár LH er almanaksárið.

Formaður boðar stjórnarfundi og stýrir þeim. Skylt er að halda stjórnarfund ef þrír stjórnarmenn óska þess. Ef aðalmaður getur ekki mætt skal kalla varamann í hans stað. Stjórnarfundur er lögmætur ef fjórir stjórnarmenn eru mættir, þar af formaður eða varaformaður.

1.4.1 Kosning stjórnar

Kjörgengir í stjórn eru allir félagar í hestamannafélögum sem eru aðilar að LH. Tilkynning um framboð til embættis formanns eða til stjórnar LH skal berast kjörnefnd minnst hálfum mánuði fyrir landsþing LH. Sitjandi formaður og aðrir stjórnarmenn skulu tilkynna kjörnefnd hvort þeir gefi kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa, minnst fjórum vikum fyrir landsþing LH. Kjörnefnd er heimilt að samþykka framboð sem koma fram síðar, enda hafi ekki komið fram nægur fjöldi frambjóðenda.

Til þess að ná kjöri sem formaður LH þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu skal kjósa á ný um þá two sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða.

Kosningar til formanns og stjórnar skulu vera leynilegar og skriflegar nema frambjóðendur séu jafn margir og kjósa skal. Kosning skal vera bundin við þá sem gefið hafa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt ef kosnir eru jafn margir og kjósa á.

Á fyrsta stjórnarfundi að afloknu landsþingi LH skal stjórn LH skipta með sér verkum, kjósa varaformann, ritara og gjaldkera úr hópi stjórnarmanna.

1.4.2 Starfssvið stjórnar

Starfssvið stjórnar LH er meðal annars að:

- Framkvæma ályktanir landsþingsins
- Fylgja eftir framtíðarsýn formannafunda
- Sjá um að samdar séu leikreglur og reglugerðir
- Senda ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar
- Birta aðildarfélögum fundargerðir stjórnar LH
- Líta eftir því að lög og reglugerðir LH séu haldin
- Staðfesta met
- Koma fram erlendis fyrir hönd hestaíþróttarinnar í landinu
- Skipa nefndir skv. grein 1.4.3 og hafa eftirlit með störfum þeirra

1.4.3 Stjórnskipaðar nefndir

Á fyrstu stjórnavfundum eftir landsþing skipar stjórnin í eftifarandi fastanefndir, sem hver skal skipuð a.m.k. þemur mönnum (sjá nánar skipurit og reglugerðir nefnda). Hlutverk nefndanna er að vinna með stjórnninni milli þinga að þeim málefnum sem hverri nefnd tilheyrir og jafnframt leyfa umsagnir fagaðila:

- Aganeftnd
- Dómaranefnd
- Ferða- og samgöngunefnd
- Keppnisnefnd
- Landsliðsnefnd
- Æskulýðsnefnd

Aðrar nefndir ef stjórnin telur þörf á.

Auk framangreindra nefnda skipar stjórn LH kjörnefnd þriggja manna eigi síðar en 2 mánuðum fyrir landsþing hverju sinni. Kjörnefnd hefur það hlutverk að gera tillögur til landsþings um fulltrúa í sambandsstjórn, þingnefndir og formenn þingnefnda.

Kjörnefnd skal gera tillögu til stjórnar LH um skipun kjörbréfanefndar eigi síðar en 2 vikum fyrir landsþing hverju sinni. Hlutverk kjörbréfanefndar er fyrst og fremst að fylgja eftir gr. 1.2.3 í lögum LH.

Stjórn LH setur nefndum starfsreglur.

1.5 Fjármál

1.5.1 Tekjur og gjöld LH

Tekjur LH eru:

- Fjárfamlög frá ÍSÍ.

- Árgjald fyrir hvern skráðan félagsmann í hestamannafélagi innan LH. Fjárhæð árgjaldsins skal ákveðin á hverju landsþingi en innheimta þess miðast við félagatal 1. janúar þess árs sem gjaldið er innheimt fyrir. Gjalddagar árgjalds skulu vera tveir, 15. maí og 15. september ár hvert. Dráttarvextir skulu reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.
- Fjárfamlög opinberra aðila.
- Fjárfamlög fyrirtækja, einstaklinga og stofnana.
- Aðrar tekjur.

Gjöld LH afmarkast af:

- Fjárhagsáætlun
- Samþykktum stjórnar

1.6 Ýmislegt

1.6.1 Dómstóll

Dómstólar ÍSÍ hafa fullnaðarlögsögu í málefnum sem upp kunna að koma innan LH. Dómstólarnir starfa skv. lögum um dómstóla Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

1.6.2 Aðgengi stjórnar að mótum

Stjórn LH hefur frjálsan aðgang að öllum hestamannamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda sambandsins.

1.6.3 Kjör heiðursfélaga

Heiðursfélaga LH má stjórn kjósa ef hún er einhuga um það.

1.6.4 Að leggja samtökin niður

Tillögur um að leggja LH niður má aðeins taka fyrir á lögmætu landsþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þurfa minnst 3/4 viðstaddir atkvæðisbærra fulltrúa að greiða henni atkvæði.

Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni og tillagan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja LH niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir þess til varðveislu.

1.6.5 Gildistaka

Lög þessi öðlast þegar gildi en jafnframt er nauðsynlegt að leggja þau fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ til staðfestingar, sbr. lög ÍSÍ.

Samþykkt á ársþingi LH í Reykjavík árið 2002.

Breytt á 60. landsþingi LH í Stykkishólmi árið 2016.

2 Agareglur

2.1 Almennar reglur

Leggja skal Fipo reglurnar til grundvallar við skipulagningu alþjóðlegra, innlendra og annarra viðburða sem varða íslenska hestinn. Fipo er einnig gilt á öllum heimsmeistarmótum íslenskra hesta. Fipo reglurnar sem og hegðun allra persóna og annarra aðila sem með íslenska hestinn hafa að gera heyra einnig undir Siðareglur “the Fédération Equestre Internationale (FEI).”

2.2 Siðareglur¹: Velferð hestsins

The Fédération Equestre Internationale (FEI) gera þær kröfur að allir þeir sem taka þátt í alþjóðlegum hestaíþróttum fari að siðareglum FEI og viðurkenni og virði öllum stundum að velferð hestsins skuli alltaf hafa forgang fram yfir keppnis-eða auglýsingakröfur.

2.2.1 Á öllum stigum undirbúnings og þjálfunar keppnishrossa skal velferð hrossins hafa forgang fram yfir allt annað

2.2.1.1 Góð meðferð hestsins

Hesthús, fóðrun og þjálfun skulu uppfylla kröfur um góða meðferð hrossa og mega ekki stefna velferð þeirra í tvísýnu. Allt sem orsakað getur andlegar eða líkamlegar þjáningar, í keppni eða utan hennar verður ekki liðið.

2.2.1.2 Þjálfunaraðferðir

Hross skulu ekki vera þjálfuð á þann hátt að það stefni líkamlegri eða andlegri getu og/eða þroska í voða. Þjálfunaraðferðir sem misbjóða, valda ótta eða eru ekki við hæfi andlegs þroska hrossins, skulu ekki notaðar.

2.2.1.3 Járningar og reiðtygi

Fótahirða og járningar skulu vera af bestu mögulegu gæðum. Reiðtygi skulu vera rétt hönnuð og henta hestinum til að minnka líkur á sársauka eða áverkum.

2.2.1.4 Flutningur

Á meðan á flutningi stendur skal svo búið um hrossið að það sé varið gegn áverkum og annarri heilsufarslegri áhættu. Farartæki skulu vera örugg, með góðri loftræstingu, vel viðhaldið og af góðum gæðum. Þau skulu reglulega sótthreinsuð og ekið af hæfu fólki. Hæfir hestahirðar skulu ávallt vera til staðar til að hugsa um hestinn.

¹ Þessar siðareglur byggjast á siðareglum *Fédération Equestre Internationale* (FEI). FEI er alþjóðlegt stjórnvald hestaíþrótt, viðurkennt af hinni alþjóðlegu Olympíunefnd. FEI eru samtök sem semja reglur og reglugerðir um keppni á alþjóðlegum hestamótum í hindrunarstökk, fimikeppni, kerruakstri, fimleikum á hestum og þolkeppni. Þetta felur í sér eftirlit með viðhaldi heilsu og velferðar hestsins sem tekur þátt sem og virðingu fyrir grundvallaratriðum hestamennsku.

Þessum Siðareglum getur verið breytt af og til og athugasemdir til bóta eru vel þegnar. Sérstakur gaumur er gefinn nýjum rannsóknarniðurstöðum og FEI hvetur til allra rannsókna og kannana sem bætt geta velferð hestsins.

2.2.1.5 Ferðalög

Öll ferðalög skulu skipulögð í hvívetna og séð til þess að hrossin hljóti reglulega hvíld með aðgangi að fóðri og vatni, samkvæmt FEI staðli.

2.2.2 Hross og keppendur skulu vera í góðri þjálfun, hæf og við góða heilsu áður en þeir fá leyfi til að keppa

2.2.2.1 Þjálfun og hæfni

Þátttaka í keppni skal takmörkuð við vel þjálfuð hross og keppendur.

2.2.2.2 Heilbrigðisástand

Hross sem sýnir einkenni sjúkdóma, helti eða önnur einkenni óheilbrigðis eða einkenni eldri þekktra áverka eða sjúkdóma skal ekki keppa eða fá að halda áfram keppni, stefni það velferð þess í tvísýnu. Álits dýralæknis skal óskað við hvert tækifæri, leiki nokkur vafi á.

2.2.2.3 Lyfjameðferð

Misnotkun lyfja er alvarlegt velferðarmál og skal ekki viðgangast. Meðhöndli dýralæknir hross skal það fá viðeigandi tíma til að jafna sig fyrir keppni.

2.2.2.4 Skurðaðgerðir

Allar skurðaðgerðir sem ógna velferð keppnishests eða öryggi annarra hrossa og /eða keppenda má ekki leyfa.

2.2.2.5 Fylfullar eða nýkastaðar hryssur

Hryssur sem gengnar eru lengra en fjóra mánuði og hryssur sem folald gengur undir mega ekki keppa.

2.2.2.6 Misnotkun hjálpartækja

Misnotkun hrossa með notkun náttúrulegra hvatninga eða annarra (t.d. píska, spora o.s.frv.) eru ekki liðnar.

2.2.2.7 Blæðing

Þar sem velferð hrossins er ávallt í fyrirrúmi skal farið eftir eftirfarandi reglu: Um leið og dómarí sér/gerir sér grein fyrir því að það blæðir úr hrossinu (e: active bleeding) á meðan á keppni stendur skal dómarí þá þegar gefa rauðt spjald (ekki dýralæknisspjald) og vísa hrossinu frá keppni.

2.2.3 Keppni má ekki ógna velferð hestsins

2.2.3.1 Keppnissvæði

Hross skulu einungis þjálfuð eða keppa á hentugu og öruggu undirlagi.

Allar afmarkanir skulu hannaðar með öryggi hrossa í fyrirrúmi.

2.2.3.2 Undirlag

Allt undirlag sem hrossin hlaupa á, eru þjálfuð á og keppa á, skal vera hannað og viðhaldið á þann hátt að hætta á áverkum og slysum sé í lágmarki. Hönnun, samsetning og viðhald yfirborðs skal veita sérstaka athygli.

2.2.3.3 Óvenjulegt veður

Keppni skal ekki fara fram við það óvenjulegar veðuraðstæður að þær ógni öryggi eða velferð hrossins. Fari keppni fram við mikinn hita eða í miklum raka skal aðstaða til að kæla hrossin strax eftir keppni vera til staðar.

2.2.3.4 Aðstaða fyrir hross á keppnisstað

Hesthús eða önnur aðstaða skal vera örugg, hrein, þægileg, vel loftræst og af réttri stærð fyrir staðar og gerð hrossins. Hrein, vönduð aðstaða, viðeigandi fóður, ferskt drykkjarvatn sem og rennandi vatn skal ávallt vera til staðar.

2.2.3.5 Hæfi til flutnings

Eftir keppni er hrossið hæft til flutnings samkvæmt reglugerð FEI.

2.2.4 Allt kapp skal lagt á að vel sé farið með hross eftir hverja keppni og að meðferð að loknum keppnisferli sé góð (við hæfi)

2.2.4.1 Dýralæknismeðferð

Dýralæknir skal ávallt vera tiltækur í keppni. Slasist eða uppgefist hross á meðan á keppni stendur skal knapi stíga af baki og dýralæknir skoða hrossið.

2.2.4.2 Dýralæknismiðstöðvar

Hvenær sem þörf er á skal hross flutt til næstu viðeigandi dýralæknamiðstöðvar til frekari aðhlynningar og meðferðar. Slösuð hross skulu hljóta viðeigandi meðferð fyrir flutning.

2.2.4.3 Slys í keppni

Hvert atvik sem verður í keppni skal rannsaka. Undirlag, tíðni keppnisþáttöku og aðrir áhættuþættir skulu rannsakaðir ýtarlega til að reyna að finna leiðir til að minnka áhættu á slysum.

2.2.4.4 Aflifun

Í því tilviki þar sem slys eru alvarleg getur verið þörf á að aflífa hrossið af dýralækni eins fljótt og unnt er af mannúðarástæðum og með það eitt að markmiði að koma í veg fyrir frekari þjáningar hestins.

2.2.4.5 Hætt keppni

Allt kapp skal lagt á að vel og mannúðlega sé farið með hross sem hætt hafa keppni.

2.2.4.6 Menntun

FEI hvetur allt sem hafa með hestaíþróttir að gera til að sækja sér alla mögulega menntun á sínu sérsviði, hvað varðar umönnun og meðferð keppnishross.

2.3 Siðareglur²: Heiðarleg keppni og hestaíþróttir

Hestaíþróttir, eins og aðrar íþróttagreinar, treysta mjög á trúverðugleika sinn, viðurkenningu almennings og afkomu yfirhöfuð varðandi viðurkenningu þeirra á íþróttamannslegri hegðun. Á bakvið þessa ímynd liggur sú hugmynd að besti keppandinn eða liðið skulu vinna á réttlátan hátt, eftir að hafa keppt á jafnréttisgrundvelli við sömu aðstæður og eftir reglum sem eru réttlátar, raunhæfar og settar af óaðfinnanlegri hæfni og réttsýni. Engin úrslit hafa nokkra þýðingu né gildi ef þeim er ekki náð á jafnréttisgrundvelli.

Umbreyting þessara ímynda i raunhæfar kröfur krefst samstarfs allra sem á einhvern hátt taka þátt í keppni, þ.e. ekki einungs keppenda, starfsmanna, skipuleggjenda og samtaka, heldur einnig eigenda, þjálfara, áhorfenda og fjölmíðla. Hver þessara hópa hefur mikilvægur hlutverki að gegna við að bæta og styrkja ímynd og tilvist hestaíþróttar, með því að efla andann um sanngjarna keppni eins og hún er skilgreind í reglum og með því hagsmunir keppninnar og hestsins hafi öllum stundum forgang fram yfir allt annað. Nokkur atriði sem varða einstaka hópa eru skilgreind nánar hér að neðan.

2.3.1 Ábyrgð keppenda, leiðbeinenda og þjálfara

Keppendur sjálfir bera mjög mikla ábyrgð við að kynna og standa vörð um sanngjarna keppni í sinni íþrótt. Þrátt fyrir ábyrgð annarra þá er er það keppandinn sem fyrst og síðast getur á beinan hátt haft mest áhrif á það hvort keppni er sanngjörn eður ei með því að hafa skilning á þeim reglum sem varða keppni og að fara af trúverðuleika eftir þeim, hvort sem einhver sér til eður ei.

Þekktir keppendur verða að átta sig á hversu mikil áhrif þeirra fordæmi getur haft og viðurkenna ábyrgð sína sem fyrirmyn dir. Þetta á við um gjörðir þeirra á hestinum sem og þegar hann er ekki á hestbaki, á upphitunarsvæði sem og á keppnisvellinum.

Leiðbeinendur og þjálfarar geta einnig haft áhrif á ímynd sanngjarnrar keppni og sett gott fordæmi með því að draga úr hugsanlegum virðingarskorti skjólstæðinga sinna fyrir reglunum og gert athugasemdir við hugsanlegar óviðeigandi gjörðir skjólstæðinga sinna. Leiðbeinendur hafa jafnmikil áhrif með fordæmi sínu og þeir hafa með til sögn sinni.

2.3.2 Ábyrgð ráðandi samtaka (innlendra sem alþjóðlegra samtaka)

Ráðandi samtök hestaíþróttar setja ekki einungis reglur heldur mennta einnig og útskrifa embættismenn, samþykkja dagsetningar og dagskrár stærri móta og eru oft efsta dómstig í þeim kærumálum sem upp koma. Þau þurfa að sinna því verkefni sínu af kostgæfni, sjá til þess að reglur séu réttlátar, raunhæfar og að farið sé nákvæmlega eftir þeim af hæfu og rétt menntuðu starfsfólk. Þau þurfa einnig að gera allt sem mögulegt er til að bæta og efla gæði keppisgreina og stuðla að því að þær séu aðlaðandi fyrir bæði áhorfendur og keppendur og nota til þess það vald sem þau hafa. Að lokum skulu þau að hafa í huga að vanræksla eða lítilsvirðing við hugmyndir um sanngjarna keppni hefur áhrif bæði á íþróttina sem slíka sem og samtökin sem ábyrgð bera á framkvæmd hennar.

² Þessar siðareglur byggjast á siðareglum *Fédération Equestre Internationale* (FEI). FEI er alþjóðlegt stjórnvald hestaíþróttar, viðurkennt af hinni alþjóðlegu Olympíunefnd. FEI eru samtök sem semja reglur og reglugerðir um keppni á alþjóðlegum hestamótum í hindrunarstökk, fimikeppni, kerruakstri, fimleikum á hestum og þolkeppni. Þetta felur í sér eftirlit með viðhaldi heilsu og velferðar hestsins sem tekur þátt sem og virðingu fyrir grundvallaratriðum hestamennsku.

Þessum Siðareglum getur verið breytt af og til og athugasemdir til bóta eru vel þegnar. Sérstakur gaumur er gefinn nýjum rannsóknarniðurstöðum og FEI hvetur til allra rannsókna og kannana sem bætt geta velferði hestsins.

2.3.3 Ábyrgð dómara, starfsmanna, dýralækna og allra annarra embættismanna

Starfsmenn hafa mikið vald sem um leið leggur á herðar þeirra mikla ábyrgð. Hver sem einstök störf þeirra eru, þá eru þau ekki einungis metin eftir tæknilegri hæfni eða nákvæmri þekkingu á lögum og reglum, heldur einnig eftir dómgreind, sjálfsstjórn, sveigjanleika, sanguirni og heiðarleika. Að auki skulu allir starfsmenn gæta fyllsta hlutleysis og vera á verði gagnvart hlutdrægni í hvaða mynd sem vera skal. Í öllum vafatilfellum er ávallt skynsamlegra fyrir starfsmann að leita upplýsinga hjá þeim sem hugsanlega eiga í hlut heldur en að fylgja eftir hugsanlegum en órökstuddum grun.

2.3.4 Ábyrgð blaðamanna og annarra fjölmiðla

Fjölmiðlar hafa sín eigin viðmið um heiðarleika og trúnað og þurfa að vinna innan marka sem þeim eru sett af ritstjórum, útgefendum og framleiðendum. Þeir geta samt sem áður haft mikil áhrif á álit áhorfenda á sanngjarni keppni með fréttum sínum og umfjöllun. Ekki síst með því að setja umfjöllunarefni sín í sanngjarnt og málefnalegt samhengi og að þeir séu á verði gagnvart því að einfalda um of eða ýkja sínar frásagnir.

2.3.5 Ábyrgð áhorfenda

Áhorfendur koma á hestamót sér til ánægju. Ekki er hægt að neita þeim um þann rétt að tjá skoðanir sínar. Samt sem áður ættu þeir af sanngjarnisástæðum að gæta þess að hafa ekki áhrif á sýningar hrossa eða ákvarðanir dómara. Áhorfendur skulu forðast að trufla hesta í sýningu. Til dæmis að forðast snöggar hreyfingar, hávært klapp eða myndatökur með leiturljósi, sérstaklega við aðstæður þar sem áhorfendur eru í mikilli nálægð við keppendur.

2.4 Formáli

Allar persónur og aðilar (t.d. knapar, dómrar, mótsaldarar, aðrir starfsmenn móta, samtök) sem hafa með keppni eða aðrar uppákomur á íslenskum hestum að gera skulu koma fram á sanngjarnan og íþróttamannslega hátt hver við annan. Á sama hátt skal knapinn koma fram á sanngjarnan máta við hest sinn. Gengið skal út frá því að grundvallaratriði í alþjóðlega viðurkenndum reglum um dýravernd séu í heiðri hafðar og ávallt í fyrirrúmi.

Íslenski hesturinn er einstakt kyn með sérstaka kosti sem tengjast hinu upprunalega eðli hans. Honum skal ávallt sýnd viðeigandi virðing. Eftirfarandi reglur gilda ávallt: Náttúrulegu últiti hestsins má ekki breyta (t.d. eðlilegum lit og vexti hárs). Undantekning: tagl og fax má snyrta sé það of langt og hrossið má raka af heilsufars- og velferðarástæðum. Hár á snoppu, hófskegg og innan í eyrum skal ekki klippa. Knapinn skal taka tillit til sérstaks uppruna og þarfa íslenska hestsins og halda hann við eins náttúrulegar aðstæður og unnt er. Í því felst að sjá til þess að hesturinn hafi næga birtu, ferskt loft og rými til frjálsrar hreyfingar.

Breytingar á náttúrulegu últiti hestsins með gerviefnum eða sálfræðiaðferðum eru ekki leyfðar.

Við þjálfun hestsins skal ekki nota vélar, tæki eða tól til að hafa áhrif á hreyfingar eða útlit hans. Undantekningar: notkun tækja og tóla sem eru almennt viðurkennd sem venjuleg séu þau notuð á viðurkenndan hátt. Notkun yfirdrifinna þynginga og teygjubanda á fætur er bönnuð.

Brot á ofangreindum reglum varða við agareglur. Leiki vafi á broti eða komi til ósamkomulags er dómur gerðardóms FEIF endanlegur (Skýring keppnisnefndar: Þ.e. uni menn ekki niðurstöðu íslenskra dómstóla er unnt að áfrýja).

2.5 Heilbrigðisreglur

Á mónum skal útnefna mótsdýralækni. Hann er ábyrgur fyrir góðu heilbrigði og heilsu þeirra íslensku hesta sem þátt taka.

Hestar sem taka þátt í móti fyrir íslenska hesta skulu vera lausir við smitsjúkdóma og skulu ekki koma frá stöðum þar fyrir eru smituð hross. Sönnun þess að reglum um bólusetningar samkvæmt dýralæknareglum FEI hafi verið fylgt, skal leggja fram, sé farið fram á það.

Ef meirihluta dómara eða mótsdýralæknir sýnist hestur ekki vera í ástandi til að keppa (haltur, ekki í líkamlegu formi, undir áhrifum lyfja o.s.frv.) getur yfirdómari eða mótsdýralæknir fyrirkipað dýralæknisskoðun. Ákvörðun um áframhaldandi keppni hestsins er þá í höndum mótsdýralæknis. Ákvörðun hans verður ekki áfrýjað.

2.6 Lyfjanotkun

Núgildandi heilbrigðisreglur FEI um eftirlit með notkun óleyfilegra lyfja/efna, sýnataka vegna leitar að óleyfilegum efnum og dýralæknameðferð hrossa gilda.

Sýni til greiningar má taka úr öllum hestum (blóð, þvag, munnvatn). Séu niðurstöður leitar jákvæðar skal kostnaður greiddur af keppanda, séu þær neikvæðar ber mótsvaldar kostnaðinn.

Mótsvaldarar taka ákvörðun um framkvæmd lyfjaprófa. Í því tilfelli dregur yfirdómari hestinn úr hópi þeirra hesta sem til greina koma. Niðurstöður útdráttarins eru leynilegar. Strax eftir að úrslit eru ljós skal tilkynna hvaða hestur hafi verið dreginn út. Knapinn eða fulltrúi hans skal fara til sýnatoku strax og beðið er um.

Brjóti hestur/knapi ofangreindar reglur skal hann útilokaður frá keppni. Áfrýjunarréttur er enginn.

2.7 Andmæla- og agareglur

2.7.1 Almennar grundvallarreglur

1. Ákváðanir teknar af aganefnd FEIF og agadómstól FEIF varðandi áfrýjanir og dóma eru endanlegir.
2. Að svo miklu leyti sem valdsvið hennar nær er ákvörðun yfirdómnefndar endanleg.
3. Enginn sá sem hefur einhver tengsl eða hefur einhverra hagsmunu að gæta, skal taka þátt í ákváðanatöku varðandi agamál.

2.7.2 Almennar reglur

Á meðan á móti stendur skal yfirdómnefnd starfa og er hún skipuð eftirfarandi:

- Önnur mótt
○ Vísað er í 2.8.3 í íslenskum sérreglum.
- Lásmót, Íslandsmót og World Ranking mótt
○ Mótsstjóri eða fulltrúi hans, áður tilnefndur af honum
○ Meðlimur framkvæmdanefndar
○ Yfirdómari eða meðlimur dómarastarfslíðs, áður tilnefndur af honum
○ Formaður keppnisnefndar LH eða annar fulltrúi, áður tilnefndur af honum.

- Talsmaður knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum. Ef finna þarf staðgengil fulltrúa knapa tekur knapinn með næstflest atkvæði úr kosningunni hans sæti. Á sérstökum unglingsmótum skal það vera æskulýðsfulltrúi LH (formaður æskulýðsnefndar) eða annar fulltrúi áður tilnefndur af honum.
- Heimsmeistaramót (skipulagt af FEIF)
 - Framkvæmdastjóri mótsins eða fulltrúi áður tilnefndur af honum
 - Meðlimur framkvæmdanefndar
 - Yfirdómari eða meðlimur dómarastarfslíðs, áður tilnefndur af honum
 - Sportfulltrúi FEIF eða áður tilnefndur meðlimur FEIF-sport nefndar
 - Talsmaður knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af talsmönnum liðanna (einn úr hverju liði). Þurfi staðgengil talsmanns knapa verður knapinn með næstflestu atkvæði úr kosningunni talsmaður knapa.

Tilnefndir varafulltrúar og meðlimir aganefndar mega einungis taka þátt í fundum aganefndar samkvæmt grundvallarreglum eða ef aðalfulltrúi kemst ekki á fundinn.

Agadómstóll er tilnefndur af fulltrúabingi FEIF til þriggja ára. Hann er skipaður einum fulltrúa dómara, sportfulltrúa FEIF, einum stjórnarmanni FEIF til viðbótar og tveimur fulltrúum til viðbótar. Formaðurinn verður að vera úr dómarastétt. Agadómstóll FEIF fer einungis með brot þar sem refsingin er útilokun frá keppni (sjá 2.7.4).

Agamál er flutt munnlega. Fundargerð er haldin sem skal innihalda að minnsta kosti: Nöfn meðlima aganefndar, stað og tíma fundar, aðila viðstadda, málefni og ákvarðanir nefndarinnar.

Aganefndarfundir FEIF eru opnir. Þurfi nefndarmenn að ráða ráðum sínum fer það fram afsíðis. Ákvarðanir teknar af aganefnd eru ákvarðaðar með einföldum meirihluta. Falli atkvæði jöfn, hefur yfirdómari eða formaður nefndarinnar úrslitaatkvæði. Niðurstöður skulu afhentar málsaðilum strax skriflega. Niðurstöður skulu einnig sendar sportfulltrúa FEIF og verður hann að upplýsa fulltrúa þjóðar viðkomandi um ávitur eða keppnisbönn sem felast í dómi. Viðkomandi getur áfrýjað niðurstöðu aganefndar til agadómstóls innan tveggja vikna.

2.7.3 Kærur

Hver sé um telur sig órétti beittan vegna illa upp settrar tímatoflu eða vegna FIPO hefur rétt til að leggja inn kær; hið sama gildir um alla dómara, skipuleggjanda eða mótsstjóra. Á HM hefur einnig hver liðsstjóri sérstakan rétt til kæra.

Kærur við ákvörðunum dómara geta einungis verið byggðar á því að reglur hafi verið brotnar eða brot gegn reglum um trúnað hafi átt sér stað.

Kæru þarf að leggja fram skriflega til framkvæmdanefndar í síðasta lagi hálftíma eftir lok hlutaðeigandi keppnisgreinar, ásamt tryggingu að upphæð kr. 5000 eða jafnmikið í erlendri mynt. Tryggingin er endurgreidd ef viðurkennt er að fullgildar ástæður séu fyrir kærunum.

Kærur vegna tímoplans eða framkvæmd keppnisgreinar þarf að leggja fram fyrir upphaf móts eða viðeigandi greinar.

2.7.4 Dæmt úr keppni og agaviðmið

2.7.4.1 Umfang

Reglur varðandi það að menn séu dæmdir úr leik og agamálefni eru gildar fyrir allar uppákomur frá því að knapi og/eða hestur hans kemur inn á keppnissvæðið í fyrsta skipti þangað til knapi og hestur(hestar) hans fara af svæðinu í síðasta sinn. Landfræðilega eru þær gildar fyrir allt sem gerist á keppnissvæðinu.

Ef annað telst ekki sérstaklega sannað eða augljóst er knapi ábyrgur fyrir hesti (hestum) sem hann tekur þátt í keppni með á einhvern hátt.

2.7.4.2 Skrá

FEIF heldur skrá yfir allar skýrslu um viðvaranir og keppnisbönn sem gefnar eru til FEIF, byggðar á agareglum lýst í þessum kafla. Viðvaranir og keppnisbönn eru gerðar opinberar á vefsíðu FEIF og fela í sér nafn knapa sem viðvörun eða keppnisbanni var beitt á, ásamt tíma, stað og eðli brots.

Opinberun upplýsinga á sér einungis stað ef knapi er orðinn 18 ára eða eldri á fyrsta degi móts. Viðvörun er birt í tvö ár.

Knapi sem fær nafn sitt birt þrisvar eða oftar í skrá FEIF yfir viðvaranir og keppnisbönn er ekki heimilt að taka þátt í neinum mónum í ákveðinn tíma, sem er ákvarðaður af dólmstóli FEIF, að lágmarki þrír mánuðir en er að hámarki tvö ár. Á sama tímabili er nafn hans fjarlægt af Heimslista FEIF.

Keppnisbannið hefst við upphaf mótsins þar sem þriðja viðvörunin eða útilokunin var gefin út. Eftir aðstæðum er athugað hvort rétt sé að útiloka knapann sem hlut á að máli frá því móti.

2.7.4.3 Viðurlög

Eftirtalin viðurlög má nota ein sér eða einhver saman, séu reglur FIPO brotnar:

- Útilokun frá keppnisgrein
- Viðvörun sem ekki er gerð opinber
- Viðvörun sem gerð er opinber
- Útilokun frá móti
- Keppnisbann

Útilokun frá móti og keppnisbanni skal ávallt beita ásamt opinberri viðvörun.

2.7.4.4 Dæmt úr leik og agareglur

Brot á reglum þessum eru flokkuð og meðhöndluð samkvæmt töflu hér á eftir. Viðurlög eru sýnd með myndum þannig:

- ❶ Séð og gefið af dómarar sem er við dólmstörf á velli:
 - A.m.k. 2 rauð spjöld sýnd: dæmt úr leik úr keppnisgrein
 - A.m.k. 2 gul spjöld sýnd: Viðvörun, jafnvel gefin út opinberlega.

Dómari getur sýnt rautt og gult spjald samtímis.
- ❷ Úrskurðað af yfirdómnefnd
- ❸ Úrskurðað af agadómstól
- ❹ Séð af dómarar eða starfsmanni utan vallar
- ❺ Úrskurðað á fundi dómarar í lok móts
- ❻ Eingöngu eftir dýralæknisskoðun

BROT	Dæmt úr keppnisgrein	Viðvörun – ekki gerð opinber	Viðvörun – gerð opinber	Brottrekstur af móti	Keppnisbann
A) Knapi brýtur reglur við innkomu á völl, kveðju eða þegar völlur er yfirgefinn	❶				
B) Íslensk sérregla: Geri knapi viljandi ógilt oftar en tvísvar sinnum á sama móti, skal árangur hans strikaður út og hann útilokaður frá frekari keppni.				❶ eða ❷	
C) Sjái dómari að það blæði úr hrossi á meðan á keppni stendur skal dómari þá þegar gefa rauðt spjald og vísa hrossinu frá keppni. Sjá nánar í grein 2.2.2.7	❶ eða ❷				
D) Mæti knapi vísvitandi ekki í fótaskoðun skal hann dæmdur úr leik og allur árangur fram að því felldur niður.	❶ eða ❷			❶ eða ❸ eða ❹	
E) Knapi fer af baki án leyfis, eða hestur sýnir áberandi kergju eða óhlýðni	❶				
F) Knapi hunsar reglur í grein sem hann er að keppa í	❶				
G) Brot á reglum um reiðtygi	❶				
H) Ef einstaklingur kemur óorði á nafn samtaka og/eða keppni á íslenskum hestum		❷	❷	❷	❸
I) Ósanngjörn eða ruddaleg meðferð á hesti, á eða utan vallar	❶ eða ❷ + ❸	❶ eða ❷ + ❹	❶ eða ❷ + ❹	❶ eða ❷ + ❸	❶ eða ❷ + ❸
J) Brot á siðareglum skv. kafla 2	❶ eða ❷ + ❸	❶ eða ❷ + ❹	❶ eða ❷ + ❹	❶ eða ❷ + ❸	❶ eða ❷ + ❹
K) Keppt á hesti sem haldinn er smitandi sjúkdómi	❶ eða ❷ + ❸ + V	❶ eða ❷ + ❹ + V	❶ eða ❷ + ❹ + V	❶ eða ❷ + ❸ + V	❶ eða ❷ + ❸ + V
L) Notkun efna sem geta haft áhrif á frammistöðu hests eða knapa	❶ eða ❷ + ❸ + V	❶ eða ❷ + ❹ + V	❶ eða ❷ + ❹ + V	❶ eða ❷ + ❸ + V	❶ eða ❷ + ❸ + V
M) Blekking eða tilraun til blekkingar við skráningu eða þátttöku á móti, t.d. boðar ekki forföll	❶ eða ❷ + ❸	❶ eða ❷ + ❹	❶ eða ❷ + ❹	❶ eða ❷ + ❸	❶ eða ❷ + ❸

2.8 Íslenskar sérreglur

2.8.1 Auglýsingar móta

Opin íþróttamót og keppni milli héraða skal auglýsa í opinberum miðli með minnst eins mánaðar fyrirvara. Úrtökur fyrir Landsmót skal auglýsa með minnst 14 daga fyrirvara. Opinber innanhéraðsmót skal auglýsa með minnst 14 daga fyrirvara í opinberum miðli. Sé um móti að ræða, sem greiða þarf til þátttökugjald, skal þess getið í auglýsingunni og gjaldið fylgja þátttökutilkynningunni. Þá skal koma fram frestur til að tilkynna þátttöku og skal hann aldrei vera skemmri en 5 dagar. Innanfélagsmót skal auglýsa þannig að félagsmenn eigi almennt kost á að kynna sér efni auglýsingarinnar. Auglýsa skal innanfélagsmót með minnst tveggja daga fyrirvara. Verði af einhverjum ástæðum að fresta eða endurtaka keppni/mót, mega þeir einir keppa sem höfðu keppnisrétt, þegar keppnin/mótið átti að fara fram. Frestun eða framhald móts ber að auglýsa vandlega.

2.8.2 Framkvæmdaneftir móta

Undirbúning móta annast framkvæmdaneftir (sjá þó sérreglur um Íslandsmót og Landsmót), sem stjórn eða stjórnir viðkomandi hestamannafélaga skipa. Framkvæmdaneftir semur dagskrá mótsins, ákveður skráningargjöld, annast auglýsingu móts, móttöku þátttökutilkynninga og sér um annan undirbúning. Framkvæmdaneftir ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar.

Framkvæmdaneftir skipar eftirtalda starfsmenn mótsins:

- **Mótsstjóra**, sem skipa skal um leið og framkvæmdaneftir. Hann annast allan undirbúning móts ásamt framkvæmdaneftir. Hann ber ábyrgð á því að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá. Mótsstjóri ber ábyrgð á að dómgögn séu til staðar ásamt riturum.
- **Yfirdómara**, í samráði við dómaranefnd LH, úr hópi dómara, sem dómaranefndin hefur valið. Hann hefur umsjón með störfum dómara, en hefur ekki vald til að breyta niðurstöðu þeirra. Sjá einnig nánar um hlutverk yfirdómara í grein 8.3.3.
- **Vallastjóri**, sem annast verkstjórn á móttssvæði meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár, í samráði við mótsstjóra.
- **Þul**, sem kynnir dagskrárlíði og kappkostar að mótsvald gangi greiðlega fyrir sig.
- **Fóta- og reiðtygjaskoðunarmenn**, þeir starfa í umboði dómara.

2.8.3 Skipan yfirdómneftar

Yfirdómari, mótsstjóri og fulltrúi knapa mynda yfirdómneft. Yfirdómari er formaður hennar.

2.8.4 Skipun dómara á móti

Mótsvaldarar verða að sækja um gæðinga- og íþróttadómara til stjórna dómrafélaga LH til að mótin séu lögleg og fái skráningu í Sportfeng. Sækja skal um dómara 4 vikum fyrir upphaf móts. Bera dómaranefnd og dómrafélöginn ábyrgð á að manna öll lögleg móti sem haldin eru. Dómaranefnd og félögunum ber að vera í sambandi við mótsvaldara og ber dómurum að tilkynna forföll til dómrafélaganna.

2.8.5 Verkefni framkvæmdanefndar

Framkvæmdanefnd skal sjá um útgáfu mótsskrár, sem sé tilbúin a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir upphaf móts. Í mótsskrá skal koma fram a.m.k. nafn keppanda og félags hans, nafn, litur og aldur hests, ásamt öðrum upplýsingum sem framkvæmdanefnd óskar. Framkvæmdanefnd skal sjá um að keppendur gefi umbeðnar upplýsingar þegar við skráningu.

2.8.6 Keppnisröð

Strax að lokinni skráningu keppenda skal keppnisröð þeirra ákveðin með útdráetti. Keppendum eða fulltrúum þeirra er heimilt að vera viðstaddir útdráttinn.

2.8.7 Verkefni yfirdómnefndar

Yfirdómnefnd ábyrgist að móti fari fram eftir lögum og reglum LH og ÍSÍ. Hún veitir áminningar, sýnir mönnum gul eða rauð spjöld, eftir atvikum, og vísar mönnum úr keppni, sé þess þörf. Yfirdómnefnd sendir aganefnd LH skýrslu að móti loknu. Einnig skal senda inn kærur til nefndarinnar eigi síðar en 48 klst. eftir mótslok.

2.8.8 Skyldur keppenda

Óheimilt er að skrá keppanda á móti gegn vilja hans. Rétt til að bera fram kærur hefur yfirdómnefnd og skráður keppandi.

Ef keppandi er uppvís að því að lítilsvirða mótsald með því að mæta ekki til leiks, án þess að tilkynna forföll með löglegum hætti, jafngildir það rauðu spjaldi. Rétt til að bera fram kærur hefur yfirdómnefnd/framkvæmdanefnd.

Sýni keppandi móti óvirðingu svo sem með því að mæta ekki í úrslit keppnisgreinar án fullgildrar ástæðu, skal hann útilokaður frá verðlaunasæti, þ.e. hann hlýtur ekkert sæti í úrslitum og árangur hans á viðkomandi móti skal strikaður út. Jafngildir það rauðu spjaldi. Rétt til að bera fram kærur hefur yfirdómnefnd.

Yfirdómnefnd móts ber að skera úr um hvort fjarvistir keppenda séu fullgildar.

Sjái yfirdómnefnd ástæðu til að kalla börn eða unglings fyrir sig, vegna meintra agabrota, skal hún jafnframt kalla til sín foreldra eða forráðamann viðkomandi, þeim til halds og trausts.

Reyni keppandi að blekkja starfsmann móts eða óhlýðnast fyrirmælum sem hann gefur, stöðu sinnar samkvæmt, skal hann sæta refsingu. Sýna skal honum gult eða rautt spjald, eftir eðli brotsins. Rétt til að bera fram kærur hefur starfsmaður sá sem misgjört var við.

Komi keppandi ósæmilega fram við eða ögri starfsmanni meðan á móti eða sýningu stendur eða síðar, sökum atvika sem þar gerðust, skal hann sæta refsingu. Sýna skal honum gult eða rautt spjald eftir eðli brots, verði því við komið. Rétt til að bera fram kærur hefur starfsmaður sá sem misgert var við.

Óheimilt er að taka þátt í keppni eða sýningu með eða undir forsjá aðila, félags eða einstaklings, sem úrskurðaður hefur verið óhlutgengur samkvæmt reglum LH, ÍSÍ eða FEIF. Brot gegn ákvæði þessu varðar keppnisbanni, samkvæmt nánari ákvörðun aganefndar LH. Rétt til að bera fram kærur hefur LH eða íþróttadeildir.

Keppendum er óheimilt að vera undir áhrifum áfengis. Leiki grunur á að svo sé (áberandi vínlykt), þó ekki séu tök á að færa fullar sannanir fram að lögum fyrir ölvun, skal yfirdómnefnd koma saman og ákvarða hvort og hvernig refsingu skuli háttað:

- Reynist yfirdómnefnd sammála um að kvörtun eigi ekki við rök að styðjast, fellur málið niður.

- Reynist einn yfirdómnefndarmaður álíta að um brot sé að ræða, skal áminna keppanda án spjalds.
- Reynist tveir yfirdómnefndarmenn álíta að um brot sé að ræða, skal áminna keppanda og sýna honum gult spjald.
- Reynist allir yfirdómnefndarmenn álíta að um brot sé að ræða, skal sýna keppanda rauðt spjald, honum umsvifalaust vikið úr keppni og árangur hans felldur niður.

Rétt til að bera fram kæru til yfirdómnefndar hafa keppendur og starfsmenn móta. Starfsmönnum ber að koma kærum sínum umsvifalaust til yfirdómnefndar.

2.8.9 Kærur

Kærur geta einungis þátttakendur, starfsmenn og dómarar borið fram, en þó ekki síðar en hálfíma eftir mótslok. Kærum skal beina til yfirdómnefndar. Yfirdómnefnd úrskurðar um meðferð kæra strax og þær koma fram. Taki hún kærur til greina, skal kalla hlutaðeigandi aðila fyrir og heyra málsbætur. Yfirdómnefnd kveður strax upp úrskurð sinn í samræmi við 2.8.7. grein agalaga LH.

Kærur þarf að leggja fram skriflega til yfirdómnefndar í síðasta lagi hálfíma eftir mótslok, ásamt tryggingu að upphæð kr. 5000 eða jafnmikið í erlendri mynt.

Kærur vegna tímaplans eða framkvæmd keppnisgreinar þarf að leggja fram fyrir upphaf móts eða viðeigandi greinar. Tryggingin er endurgreidd ef viðurkennt er að fullgildar ástæður séu fyrir kærunum.

2.8.10 Skyldur dómara og starfsmanna

Dómarar og starfsmenn móta skulu jafnan koma til starfa það tímanlega, að þeir geti gengið úr skugga um að allur útbúnaður sé löglegur.

2.8.10.1 Starfsmenn

Starfsmenn móta skulu koma fram af fyllstu kurteisi. Sýni starfsmaður móts vítaverða framkomu gagnvart keppendum eða áhorfendum, hefur yfirdómnefnd heimild til að víkja honum frá störfum.

2.8.10.2 Dómarar

Dómarar, sem án gildrar ástæðu, mæta ekki til starfa og tilkynna ekki forföll, eiga á hættu að missa dómararéttindin í allt að sex mánuði. Sama gildir og ef dómarí sýnir vítaverða framkomu gagnvart keppendum, starfsmönnum eða áhorfendum. Dómarar skulu tilkynna forföll með a.m.k. 3 sólarhringa fyrirvara til dómarafélaganna.

2.8.10.3 Yfirdómnefnd

Gerist aðilar brotlegir við lög og reglugerðir LH og ÍSÍ á mótum, skal yfirdómnefnd beita viðurlögum samkvæmt grein þessari. Yfirdómnefnd kveður upp úrskurð með því að:

- fella málið niður.
- veita hlutaðeigandi aðvörun án spjalds.
- veita áminningu með gulu spjaldi.
- sýna hlutaðeigandi rauðt spjald og vísa honum frá keppni.

Yfirdómnefnd er heimilt að fella niður árangur þegar keppanda er vísað úr keppni. Hún sendir skýrslu til aganefndar LH, og hefur heimild til að kæra brot til nefndarinnar, telji hún þörf á því. Þar með hefur yfirdómnefndin lokið störfum.

2.8.11 Dómstólar ÍSÍ

Dómstólar ÍSÍ skulu beita hlutaðeigandi einstakling refsingum verði hann uppvís að:

- Bera yfirvald, einstaklinga eða félög innan LH röngum sökum, á opinberum vettvangi, eða kæra þau að ástæðulausu.
- Blekkja eða reyna að blekkja yfirvald innan LH með röngum skýrslum eða villandi upplýsingum.
- Koma ósæmilega fram við, ögra, eða hafa í hótunum við yfirvald innan LH, vegna atvika sem standa í sambandi við trúnaðarstörf yfirvalds fyrir LH.

Rétt til að bera fram kæru vegna brots á ofangreindum liðum, hafa aðeins þau yfirvöld eða einstaklingar sem misgert er við, auk LH.

2.8.12 Ferðalög erlendis

Þegar um er að ræða keppendur í hestaþróttum sem mynda íþróttaflokkka, skulu þeir á ferðum sínum, innanlands og utan, fara eftir reglum LH um ferðalög. Knapar, jafnt íþróttasem kynbótaknapar, starfsmenn og þjálfarar sem ferðast á vegum LH í keppnisferðum innanlands og erlendis skulu allir hlíta sömu reglum varðandi agabrot.

3 Almenn ákvæði fyrir gæðingakeppni, íþróttakeppni og kappreiðar

3.1 Um keppni

Keppni í hestaíþróttum, gæðingakeppni og kappreiðum skal fara fram skv. lögum og reglugerðum LH og ÍSÍ svo og öðrum reglugerðum sem LH hefur samþykkt. Keppnistímabilið er almanaksárið. Keppnistímabil í reglum þessum þýðir hvert byrjað keppnistímabil þar sem það á við. Aðeins félagsmönnum hestamannafélaga er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda ÍSÍ. Keppnisrétt öðlast íþróttamenn er þeir hafa verið einn mánuð á félagaskrá hlutaðeigandi hestamannafélags.

3.2 Keppendur og útbúnaður þeirra

Keppandi skal vera prúður og háttvís, snyrtilega búinn, t.d. í félagsbúningi þess hestamannafélags sem hann keppir fyrir. Honum er skyld að sýna tillitssemi við hestinn og prúðmannlega framkomu gagnvart öðrum keppendum, starfsmönnum svo og gestum mótsins. Öllum keppendum er skyld að nota áspenntan, viðurkenndan reiðhjálm. Ef reiðhjálmur dettur af keppanda í keppni verður sýning hans ógild.

3.3 Félagaskipti

Félagaskipti skulu fara fram á eftirfarandi hátt:

3.3.1 Félagaskipti

Félagaskipti skulu fara fram á þar til gerðu eyðublaði, sem LH gefur út, og kallast félagaskiptaeyðublað. Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi keppanda, félagi því sem gengið er úr og félagi því sem gengið er í. LH staðfestir félagaskiptin og öðlast viðkomandi keppandi þar með keppnisrétt með hinu nýja félagi í fyllingu tímans. LH er ekki heimilt að staðfesta félagaskipti fyrr en undirskrift keppanda og viðkomandi félaga liggur fyrir.

3.3.2 Heimild til undirritunar félagaskipta

Heimild til að undirrita félagaskiptaeyðublað hafa:

- Formenn félaga eða staðgenglar þeirra.
- Formaður LH eða staðgengill hans.
- Viðkomandi keppandi, eða aðili með skriflegt umboð hans.

3.3.3 Keppandi og keppni

Keppandi getur aðeins tekið þátt í íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnistímabili. Sjá þó greinar 3.3.4. og 3.4.

3.3.4 Heimild til félagaskipta

Heimilt er að skipta um félag á tímabilinu 1. janúar til febrúarloka ár hvert. Hafi keppandi ekki tekið þátt í móti s.l. tvö keppnistímabil, gilda þessi tímamörk ekki. Keppandi sem flytur lögheimili og dvalarstað sinn milli héraða innan keppnistímabilsins og gengur í félag á nýjum dvalarstað, hefur rétt á að keppa fyrir hið nýja félag sitt, þótt hann hafi áður á sama keppnistímabili keppt fyrir annað félag í sínum fyrri heimkynnum. Félagaskipti skulu fara eftir reglum um félagaskipti.

Heimilt er að draga félagaskipti til baka, hafi keppandi ekki tekið þátt í íþróttamóti með sínu nýja félagi á keppnistímabilinu, og öðlast hann þá keppnisheimild með sínu gamla félagi strax og hann hefur sannanlega lagt fram skriflega beiðni þar að lútandi til LH.

Óski keppandi félagaskipta skal hann greiða LH gjald, sem nemur kr. 2.500,- og greiðist við samþykki LH. LH er óheimilt að staðfesta félagaskipti nema gjald þetta sé greitt.

Félagi er óheimilt að synja keppanda um félagaskipti, sé hann skuldraus við félagið.

LH skal tilkynna öllum félögum um félagaskipti keppenda eigi síðar en 7 dögum eftir að LH hefur staðfest félagaskiptin.

3.4 Erlendir ríkisborgarar

Erlendum ríkisborgurum er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda ÍSÍ, öðrum en millilandakeppni, að uppfylltu eftirfarandi skilyrði:

Keppandi sé löglegur félagi í hestamannafélagi og uppfylli ákvæði um keppnislétt sbr. 3.1.

Um félagsskipti erlendra ríkisborgara gilda reglur greinar 3.3.

Erlendur ríkisborgari getur aldrei verið titlaður Íslandsmeistari, þótt hann sigri grein á Íslandsmóti og skal þá Íslandsmeistari krýndur sá íslenskur ríkisborgari sem er í næsta sæti við erlenda ríkisborgarann.

3.5 Viðurlög

Taki keppandi þátt í móti, þar sem ákvæðum 3.3. og 3.4. greinar er ekki fylgt, varðar það missi titils og verðlauna. Þá skal refsa keppanda og mótsbaldara.

3.6 Um breytingar

Lagabreytingar og breytingar á reglugerðum, sem samþykktar eru á ársþingi LH, skulu berast til aðildarsambanda og formanna félaga í síðasta lagi í mars ár hvert. Þá skal stjórn LH senda með fundargerðum sínum samþykktir og reglugerðir, sem hún samþykkir milli ársþinga.

4 Reglugerð um flokkaskiptingu og keppnisgreinar í aldursflokkum

4.1 Aldursflokkaskipting

Keppendum í hestaíþróttum er skipt í eftirfarandi aldursflokkja og miðast aldur við almanaksárið, þannig að keppendur séu á tilgreindum aldri árið sem keppnistímabil hefst. Keppnisgreinar hvers aldursfloks eru sem hér segir:

Pollar (9 ára á árinu eða yngri): Pollatölt og pollafjórgangur. **Ekki skal keppt í pollaflokki á Íslandsmóti.**

Börn (10 - 13 ára á keppnisárinu): T1/T3 tölt, V1/V2 fjórgangur, fimi A og hindrunarstökk. Aldurstakmörk fyrir barnaflokk eru bindandi, þ.e. þótt ekki sé boðið upp á pollaflokk mega yngri knapar ekki keppa í barnaflokki.

Unglingar (14 - 17 ára á keppnisárinu): T1/T3 tölt, T2/T4 tölt, V1/V2 fjórgangur, F1/F2 fimmgangur, PP1 gæðingaskeið, 100 m skeið P2, fimi A og hindrunarstökk.

Ungmenni (18 - 21 ára á keppnisárinu): T1/T3 tölt, T2/T4 tölt, V1/V2 fjórgangur, F1/F2 fimmgangur, PP1 gæðingaskeið, P2 100m skeið, fimi A2 og hindrunarstökk.

Fullorðinsflokkur: T1/T3 tölt, T2/T4 tölt, V1/V2 fjórgangur, F1/F2 fimmgangur, PP1 gæðingaskeið, P3 150 m, P1 250 m. skeið, P2 100 m skeið, FS1 og hindrunarstökk.

Að auki má í öllum aldursflokkum keppa í fleiri greinum tölt og fjórgangs svo sem V4, V5, T7, T8 sem boðið er upp á í reglupakkanum. Og í unglingsflokki og eldri í öllum greinum fjórgangs, tölt og fimmgangs.

Þáttökuréttur í hlaupagreinum sem ræstar eru úr kyrrstöðu skal við miðast við að knapi verði að lágmarki 14 ára á árinu. Keppandi sem ekki hefur náð 16 ára aldri skal framvísa skriflegu leyfi foreldris/forráðamanns.

4.2 Styrkleikaskipting fullorðinsfloks

3. flokkur: Hugsaður fyrir algera byrjendur og minna vana áhugamenn. Hámark 3 keppendur inn á vellinum í einu. Kept skal í V5 og T7, T8 og öðrum léttari keppnisgreinum. Þegar keppnisparið hefur komist í A úrslit á þremur mónum í þessum flokki telst hann ekki lengur byrjandi eða minna vanur áhugamaður og keppir á næsta móti í 2. flokki.

2. flokkur: Hugsaður fyrir minna vant keppnisfólk. Hámark 3 keppendur inni á vellinum í einu. Til dæmis T3, T4, V2 og F2. Fyrir þennan flokk má nota venjulegar greinar og einnig léttari keppnisgreinar fyrir minna vant keppnisfólk sem finna má í kafla um keppnisgreinar. Til dæmis T7 og V5 fyrir þá sem ekki keppa fyrrtöldum greinum.

1. flokkur: Hámark 3 keppendur inni á vellinum í einu svo sem greinum T3, T4, V2 og F2 og fleirum.

Meistaraflokkur: Í meistaraflokki skulu notaðar hringvallargreinar þar sem keppendur eru einir inn á vellinum í einu; T1, T2, V1 og F1. Þar mega allir taka þátt og er hann hugsaður fyrir reynt keppnisfólk. Keppandi má einungis keppa í einum flokki, þ.e. 3. flokki, 2. flokki, 1. flokki eða meistaraflokki á sama móti.

Rísi ágreiningur um flokkaskiptingu keppenda, hefur mótsstjórn úrskurðarvald.

Keppendum í yngri flokkum er heimilt að keppa í næsta aldursflokki fyrir ofan sinn flokk, sé ekki boðið upp á viðkomandi keppnisgrein í þeirra flokki. Þó er þar sú undantekning gerð að börn 9 ára eða yngri mega ekki keppa í barnaflokki.

5 Reglugerð LH fyrir Íslandsmót

5.1 Ákvörðun um Íslandsmótsstað og dagsetningu

Ársþing LH ákveður hvar Íslandsmót í hestaíþróttum skuli haldið hverju sinni, sbr. 1.2.4. gr. laga LH. Mótshaldari skal senda LH staðfestingu innan 30 daga frá lokum þings um að hann taki að sér mótvæðið. Hafi staðfesting ekki borist innan þeirra tímamarka hefur stjórn LH heimild til að úthluta mótvæðinu til varamótsstaðar.

Stefnt skal að því, að á Landsmótsári verði Íslandsmótin haldir saman, hálfum mánuði eftir Landsmót. Á Heimsmeistaramótsári sé stefnt að því að halda mótin sitt í hvoru lagi. Íslandsmót fullorðinna skal haldið aðra helgina í júlí og Íslandsmót barna, unglings og ungmenna skal haldið þriðju helgina í júlí. Ef mótin eru haldir saman á Heimsmeistaramótsári, skal halda þau aðra helgina í júlí.

5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti

Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt einum styrkleikaflokki.

Á Íslandsmóti skal keppt í þeim greinum hestaíþróttum sem skilgreindar eru í kafla 8 til 8.8 í alþjóðlegum keppnisreglum LH. Íslandsmóti skal skipta upp í móti fullorðinna annars vegar og barna, unglings og ungmenna hins vegar. Á Íslandsmóti barna, unglings og ungmenna skal keppt í keppnisgreinum þeim sem skilgreindar eru í hverjum aldursflokkum. Heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna. Á Íslandsmóti fullorðinna hafa einungs þeir sem náð hafa tiltekinni lágmarkseinkunn (lágmarkstíma í skeiðgreinum) rétt til þátttöku.

Keppnisnefnd verði falið að ákveða lágmörk á hverju ári í febrúar en það verði ekki bundið í lögum, til þess að hægt verði að bregðast við of mikilli/lítilli þátttöku með því að hækka/lækka lágmörk. Þess verði gætt í upphafi að lágmörk verði ekki of ströng. Árangur frá árinu áður telst fullgildur.

5.3 Auglýsing Íslandsmóts

Íslandsmót í hestaíþróttum skal auglýsa í fjölmöldum með minnst tveggja mánaða fyrirvara. Í auglýsingunni komi fram hvaða upplýsingar keppendum ber að gefa í þátttökutilkynningum sínum. Það aðildarfélag sem heldur Íslandsmót hverju sinni (bæði fullorðinna sem og barna, unglings og ungmenna) skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjál达 af öllu landinu.

5.4 Framkvæmdaneftnd Íslandsmóts

Mótshaldari skal skipa framkvæmdaneftnd minnsta einu ári áður en mótið skal haldið. LH hefur heimild til að skipa einn mann í framkvæmdaneftnd. Framkvæmdaneftndin ákveður skráningargjöld, annast auglýsingar móts, móttöku þátttökutilkynninga, ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar og sér um annan undirbúning.

Framkvæmdaneftnd skipar eftirfarandi embættismenn mótsins:

- Framkvæmdastjóra.** Hann skal skipaður um leið og framkvæmdaneftnd og starfa með henni að undirbúningi mótsins. Hann ber ásamt framkvæmdaneftnd ábyrgð á að undirbúningur og aðstaða öll sé tilbúin nægjanlega tímanlega fyrir móti, þannig að keppendur geti æft sig á mótvæðinu a.m.k. sjö dögum fyrir upphaf móts.

- **Blaða- og auglýsingafulltrúa.** Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og vinni með henni. Hann ber ábyrgð á fjölmíðlatengslum og sér um að koma mótinu á framfæri við fjölmíðla, sér einnig um auglýsingaöflun og önnur mál sem tengjast því.
- **Mótsstjóra.** Hann skal skipaður minnst tveimur mánuðum fyrir upphaf móts. Hann ber ábyrgð á að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá og gangi snurðulaust fyrir sig. Mótsstjóri skal, í samráði við framkvæmdanefnd, bera ábyrgð á að ritrarar og dómgögn séu til staðar við upphaf móts.
- **Vallarstjóra.** Hann annast verkstjórn á meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár í samráði við mótsstjóra.
- **Puli.** Þeir kynna dagskráratriði og kappkosta að mótsvald gangi greiðlega fyrir sig.
- **Fóta- og reiðtygjaskoðunarmenn** starfa í umboði dómara.

Yfirdómnefnd er skipuð yfirdómara, mótsstjóra eða fulltrúa hans, áður tilnefndum af honum, meðlimi framkvæmdanefndar, yfirdómara eða meðlim dómara áður tilnefndum af honum, formanni keppnisnefndar LH eða annars fulltrúa, áður tilnefndum af honum og talsmaður knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum (sjá grein 2.7.2). Á sérstökum unglingsmótum skal fulltrúi knapa vera æskulýðsfulltrúi LH eða annar fulltrúi áður tilnefndur af honum.

5.5 Skipan dómara Íslandsmóts

Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völd er á. Yfirdómari dæmir ekki gangtegundir inni á hringvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins.

5.6 Hlutverk yfirdómnefndar Íslandsmóts

Yfirdómnefnd ábyrgist að mótið fari fram eftir lögum og reglugerðum LH og ÍSÍ.

Hún veitir áminningar, sýnir mönnum gul eða rauð spjöld, eftir atvikum og víesar mönnum úr keppni, sé þess þörf. Yfirdómnefnd sendir aganefnd LH skýrslu að móti loknu og sendir inn kærur til aganefndar LH, sé þess þörf, eigi síðar en 48 klst. eftir að móti lýkur.

5.7 Ýmis ákvæði um Íslandsmót

Á Íslandsmóti er skyldt að halda B-úrslit í gangtegundum í fullorðinsflokk, þ.e. keppni um 6. til 10. sæti, ef skráningar eru 30 eða fleiri. Ávallt er heimilt að halda B úrslit. Í flokkum barna, unglings og ungmenna er það skylda, ef skráningar eru 20 eða fleiri. Sigurvegarí í B-úrslitum vinnur sér rétt til að keppa í A-úrslitum.

5.8 Listi yfir lágmarksþrófur

LH skal leggja lista fyrir mótsvaldara yfir þau atriði og aðstöðu, sem gilda skal sem lágmarksþrófur til að halda megi Íslandsmót. Listi þessi skal lagður fyrir mótsvaldara eigi síðar en 12 mánuður, einu ári, fyrir móti.

5.9 Gildissvið

Reglugerð þessi gildir fyrir Íslandsmót, þar sem við á. Að öðru leiti gildir reglugerð LH um íþróttamót og keppendur.

6 Reglur um undirbúning og framkvæmd Landsmóta

6.1 Ákvörðun um Landsmót

Landsmót hestamanna skulu haldin annað hvert ár. Stjórn LH velur og ákveður landsmótsstað hverju sinni að höfðu samráði við rekstraraðila. Skal ákvörðun um mótsstað liggja fyrir a.m.k. fimm árum fyrir það mótt sem um ræðir. Samningar skulu vera frágengnir og undirritaðir minnst þremur árum áður. Ef samningar nást ekki skal staðarval endurskoðað. Við staðarval skal stjórn LH hafa til hliðsjónar fjárhagslega hagkvæmni svo og yfirsýn á félagslegt réttlæti. Samhliða staðarákvörðun skal liggja fyrir samningur um eftirgjald (leigu) fyrir móttssvæðið.

6.2 Hlutverk stjórnar LH

Stjórn LH skal hafa forgöngu og tilsjón með því að allur undirbúningur landsmóta sé vandaður. Stjórnin skal sjá um að traustur rekstraraðili standi að framkvæmd og rekstri móttanna og í samráði við þann aðila sjá um að móttssvæði séu undirbúin og uppfylli kröfur um fyrirmynnar aðstöðu að mati mannvirkjanefndar LH.

6.3 Tímasetning Landsmóta

Tímasetning landsmóta skal ákveðin af stjórn LH og Bí í samráði við rekstraraðila mótsins. Stefnt skal að því að landsmót fari fram fyrstu viku júlímaðar.

6.4 Keppnisgreinar Landsmóts

Á Landsmótum skal m.a. fara fram keppni úrvals gæðinga í öllum flokkum svo og keppni úrvalstöltara. Þá skal fara fram sýning úrvals kynbótahrossa og kappreiðar. Í keppni og sýningum skal farið eftir reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.

6.5 Val hrossa og keppenda á Landsmót (úrtaka)

Úrtaka fyrir gæðingakeppni og keppenda í barna- unglings- og ungmennakeppni á landsmótum skal fara fram hjá félögnum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna- unglings- og ungmennakeppni. Barni, unglindi og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni í úrtöku sbr. reglur um keppni í yngri flokkum, grein 7.7.2. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á landsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð. Þá er félögum heimilt að hafa tvær umferðir og gildir þá betri árangur.

Félögum er heimilt að halda sameiginlegar úrtöku. Úrtaka skal auglýst með tveggja vikna fyrirvara. Ekki er heimilt að skrá hross í úrtöku fyrir landsmót hjá öðru félagi en eigandi viðkomandi hross er skráður í, nema um sameiginlega auglýsta úrtöku sé að ræða. Það sama á við um kependur í barna, unglings og ungmennaflökk, þau mega ekki skrá sig í úrtöku hjá öðru félagi en þeirra eigin.

Haldi félag ekki úrtöku sjálft en félagar þess hafa áhuga á að komast á landsmót verður stjórn félagsins að setja sig í samband við eitt ákveðið hestamannafélag og auglýsa úrtöku með því félagi.

Til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þáttökurétt á Landsmóti í A og B flokki í gegnum úrtökur hestamannafélaganna, fá efstu 6 hestar á stöðulistum sem ekki komust inn í gegnum úrtökur hjá sínum félögum, þáttökurétt á landsmóti. Við lok skráningarfrests á landsmót skal keppnisnefnd fara yfir skráningar og stöðulista og tilkynna þeim sem í hlut eiga um þáttökurétt.

6.6 Ráðstöfun hugsanlegs hagnaðar Landsmóts

Ef hagnaður verður af rekstri Landsmóta skal greiða 5% hagnaðar í áningahólfasjóð LH. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram eftir reglum sem stjórn LH setur.

6.7 Flutningsstyrkir

Flutningsstyrkir sýningar- og keppnishrossa ef greiddir verða skulu ákveðnir af rekstraraðila í samráði við LH.

6.8 Um reglur um Landsmót

Reglum þessum má breyta á landsþingi LH með venjulegum undirbúningi.

Samþykkt á 53. ársþingi LH 2002.

Breytt á 60. landsþingi LH 2016.

7 Reglugerðir um gæðingakeppni

7.1 Formáli

7.1.1 Markmið

Markmið gæðingakeppninnar er að finna besta reiðhestinn. Við þá leit ber dómurum ávallt að hafa í huga eftirfarandi höfuðforsendur:

7.1.2 Vilji

Fyrsta og mikilvægasta atriðið gæðingadóms er vilji/fjör reiðhestsins með öllu því skapgerðarívafi sem myndar viljann. Vilji og geð þarf að vera þannig að aðrir kostir hestins nýttist sem best en má ekki verða til að spilla fyrir þeim. Mest sé metið það fjör sem án verulegrar viðkvæmni lætur allt í té af ljúfu geði og örlæti.

7.1.3 Taktur og samræmi

Taktur gangsins er mjög mikilvægt atriðið í dómi. Þess skal þó grandvarlega gætt að takturinn einn gefur ganginum ekki það hljómfall sem þarf til að skapa gæðing. Taktur, þó hreinn sé, ef sleginn er á stirða strengi hefur ekki þann seiðmjúka klið sem veitir reiðmanninum þann unað sem fátt jafnast á við. Taktinum þarf að fylgja fjaðurmagn og mókt. Stíll, taktur og samræmi í hreyfingum sé ávallt metið með það í huga hversu vel það skilar sér í kostum hestins til reiðar að mati dómara.

Dæmi: Lyfting og snerpa sem eykur fjaðurmagn, framtak og mókt, gefur hærri einkunn. Telji dómari að hestur sé hins vegar: ofreistur, ósamræmi í hreyfingum og fjaðurmagn lítið, hesturinn allur stífur og vélrænn, dregur það niður einkunn.

7.1.4 Framtak og gangrými

Gripamikið og skörulegt framtak ber að meta hátt og því fremur ef saman fer fasmikil og fögur fótlyfta. Einkum skal gæta vel að samræmi í hreyfingum fram og afturfóta og meta til hækkunar eða lækkunar eftir sjónmati dómara. Ýkta fótlyftu sem jafnvel dregur úr framtaki og þrengir gangrými ber að meta til lækkunar á einkunn.

7.1.5 Fas og hreyfingarfegurð

Glæsilegt og stolt fas með sviflétturnum, fjaðurmögnuðum og kjarklegum hreyfingum er aðalsmerki á góðum reiðhesti og lyftir einkunn hans verulega. Í gamalli reglugerð um reiðhesta segir: „Hreyfingar reiðhestsins eiga að vera léttar, fjaðurmagnaðar, háar, svifmiklar, hreinar, sniðfastar og frjálsar.“ Þessi lýsing er enn í fullu gildi og ber að fordæma allt sem rænir hestinn fjaðurmagni og frjálsu fasi, svo sem ýktan fótburð, sem ekki er í samræmi við aðrar hreyfingar hestins. Á þessum grundvallaratriðum skal gæðingadómur byggjast.

7.2 Dómsatriði í gæðingakeppni:

7.2.1 Fet

Sýna skal fet að minnsta kosti þrjá fjórðu úr langhlið til að fá meðaleinkunn eða hærra.

7.2.2 Brokk

Til að hreyfa einkunn skal hesturinn brokka a.m.k. 10 hestlengdir samfellt og til að fá meðaleinkunn eða hærra skal hann brokka eina langhlið hringvallarins.

7.2.3 Hægt tölt

Sýna skal hægt tölt samfellt eina langhlið 300m keppnisvallarins til að hljóta meðaleinkunn eða hærra.

7.2.4 Greitt tölt

Sama skilgreining og á hægu tölti nema hraðinn nokkuð yfir milliferðahraða til að ná meðaleinkunn eða hærra.

7.2.5 Stökk

Stökk skal sýna minnst heila langhlið 300m hringvallar til að fá meðaleinkunn eða hærra. Hesturinn skal stökkva af snerpu og mýkt í góðu jafnvægi með hreinum takti, svífa vel. Taka stökkið mjúklega og hæga stökkferðina án stífni og átaka.

7.2.6 Tölt A-flokkur

Frjáls hraði.

7.2.7 Skeið

Til að hljóta meðaleinkunn eða hærra skal hesturinn fara á hreinu skeiði minnst 100m. Til að hljóta hæstu einkunn á hesturinn að taka skeið af snarpri stökkferð, skeiða flugskeið heilan sprett af mikilli snerpu án mistaka, niðurtaka átakalaus og mjúk, endar sprettinn vel.

7.2.8 Vilji

Dómstriðið "vilji" telur til þeirra þátta í fari hestsins sem snerta skap hans og geð, s.s. fjör, kjark, snerpu, hlýðni og fylgni í reið.

7.2.9 Fegurð í reið

Það á fyrst og fremst við fegurð hestsins í reið s.s. líkamsbyggingu, höfuðburðar og uppsetningu, hreyfingu og fas, auk aðlögunar hestsins að stjórnun knapans. Þá ber einnig að líta á hátterni knapans, s.s. búnað, ásetu, taumhald og allt stjórnunarsamband við hestinn.

7.3 Um keppnishesta, sýnendur og búnað

7.3.1 Keppnisréttur og skráning

Rétt til þátttöku í gæðingakeppni hafa öll tamin hross 5 vетра og eldri í eigu félagsmanna innan LH, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í reglum þessum. Ekki er heimilt að skrá 5v hesta í fleiri en tvær keppnisgreinar eða sýningar á sama móti.

Hestur getur aðeins keppt fyrir eitt félag hvert almanaksár. Hann skal vera skráður í eigu félagsmanns í því félagi í síðasta lagi þann dag sem skráningu lýkur á mótið. Þetta gildir einnig í barna-, unglings- og ungmannaflokkum. Undantekning er keppni eða sýningar í fjárlunarskyni.

Heimilt er að skrá hesta í eigu hestabús og/eða ræktunarsambands til þátttöku í gæðingakeppni á vegum aðildarfélaga LH, enda sé formaður búsin, eða einhver eigandi þess, félagsmaður í viðkomandi félagi. Ef um fjöleignafélag er að ræða skal við skráningu tilgreina hvaða eigandi er ábyrgur fyrir skráningunni. Hestum hvers búsin skal þó aðeins heimilt að taka þátt í keppnum eins félags, þ.e. með sama hætti og gildir um hesta almennra félagsmanna.

Hross, sem taka þátt í kynbótasýningu, eiga ekki þátttökurétt í gæðingakeppni lands- og fjórðungsmóta, að því undanskyldu að hross sem taka þátt í kynbótasýningu sem afkvæmi í afkvæmahópi, hafa þó rétt til þeirrar þátttöku.

7.3.2 Sýnandi, búnaður hests og knapa

Þegar gæðingur kemur fyrir dórnefnd, skal eigandi sjálfur, eða sá er hann kveður til, sitja hestinn í dómi. Í gæðingakeppni vísast til kafla 8 í lögum um íþróttakeppni (FIPO) um allan útbúnað knapa og hests.

7.3.3 Fyrirmæli

Keppandi skal hlíta fyrirmælum dómarra (dómnefndar) og mótsstjórnar í öllu er að keppni lýtur. Neiti hann að hlíta settum reglum, ber yfirdómnefnd að vísa honum þegar frá keppni og skal það gert án undantekningar. Þó skal forsvarsmanni hests heimilt að útvega annan knapa, ef dórnefnd samþykkir.

7.3.4 Hrekki og fleira

Hestar, sem sýna hrekki, fælni, kergju eða aðra viðlíka ókosti, skal vísa úr keppni.

Hlaupi hestur út af ógírti keppnisbraut með alla fjóra fætur eða stígi með fót yfir snúru eða grindverk sem afmarkar braut, skal honum vísað frá keppni, nema að augljós utanaðkomandi atvik valdi.

Falli keppandi af baki í keppni, fellur parið úr leik í viðkomandi grein.

7.3.5 Aflestur örmerkis

Mótshaldarar skulu sannreyna með aflestri örmerkis að skráður hestur sé mættur til keppni.

7.4 Um dómar, dómrörf og framkvæmd keppni

7.4.1 Dómarar og dórnefnd

Dómarar við gæðingakeppni skulu hafa lokið dómaraprófi og hlotið viðurkenningu stjórnar LH sem gæðingadómarar.

Gæðinga- og unglingsdómarar LH skiptast í two flokka: a) Félagsdómara b) Landsdómara

Félagsdómarar hafa rétt til að dæma í innanfélagskeppni. Landsdómarar hafa rétt til að dæma á öllum móturnum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess. Landsdómarar hafa einnig réttindi til að stjórna gæðingakeppni.

Dómarar á lands- og fjórðungsmótum eru skipaðir af dómaranefnd LH.

Á innanfélagsmótum og minni móturnum er heimilt að einungis þrír dómarar dæmi.

Kynnir og stjórnandi þarf ekki að vera dómari, en hann kynnir og stjórnar í samráði við og á ábyrgð dómarar. Stjórnir hestamannafélaga sæki um dómara á þessi móti til LH í síðasta lagi fjórum vikum fyrir móti.

7.4.2 Dómarar og dómstörf

Dómari má ekki eiga hest í keppni á lands- eða fjórðungsmóti, í þeim flokki sem hann dæmir. Eigi hann hest í keppni á innanfélagsmóti, víkur hann sæti í dómnefnd á meðan hestur hans er dæmdur. Að öðru leyti vísast í kafla 8.3.3. um dómara.

7.4.3 Framkvæmd keppni

Á innanfélags- og smærri mótum hefst forkeppnin á því að hestunum er riðið í dóm, einum í einu, eftir skráningarröð. Mótstjórn er þó heimilt að leyfa 3-5 hesta í dómi í einu, samkvæmt sérstökum reglum LH um gæðingakeppni (sjá kafla 7.8).

Keppnin hefst á miðri skammhlið og skal keppandi ríða stystu leið, er hann kemur inn á völlinn, að byrjunarskammhlið sinni. Hann gefur síðan til kynna með greinilegri höfuðhneigingu að hann hafi hafið keppni.

Keppanda er frjálst að sýna gangtegundir í þeirri röð sem hann kýs. Hann ræður upp á hvora höndina hann hefur keppni og má skipta einu sinni um hönd í sýningu, þá á skammhlið. Keppandi hefur 3 hringi til umráða, þ.e. 6 langhliðar. Í A flokki er heimilt að nota beinu brautina einu sinni, í stað einnar langhliðar á hringvelli. Endi knapi sýningu á beinni braut, skal hann eftir 2,5 hring, enda hringvallarsýninguna á skammhlið og ríða svo ferjuleið út á enda beinu brautarinnar. Noti sýnandi beina braut áður en hann hefur lokið 2,5 hringum á hringvelli, fer hann af miðri skammhlið, ferjuleið á enda beinnar brautar. Eftir að hafa farið beinu brautina ber honum að ríða inn á hringvöllinn ferjuleið á næstu skammhlið og ljúka svo sýningu á skammhlið. Endi keppandi sýningu á beinni braut, endar hann sýninguna við enda beinu brautarinnar. Knapi skal gefa til kynna með greinilegri höfuðhreyfingu að hann hafi lokið keppni.

Eftir að hafa lokið síðasta sýningaratriði verður knapi að hafa hægt á hesti sínum niður á fet fyrir miðja næstu langhlið. Riðið skal stystu leið út af hringvellinum, að teknu tilliti til þess hvar hestur er kominn niður á fet eftir sýningu.

Dómarar gefa hestunum einkunn fyrir hvert dæmt atriði með spjöldum sem stjórnandi les. Heimilt er að sýna einungis heildareinkunn hests að lokinni keppni hans. Þá skal sýna útprentað á blaði sundurliðun einkunna hvers hests og röð keppenda eftir einkunnum, strax að lokinni hverri keppnisgrein.

Á lands- og fjórðungsmótum skal sýna röð keppenda eftir einkunnum á tölvuskjá að loknum dómi hvers hests.

7.4.4 Vallarstærð:

Gæðingakeppni skal fara fram á 300 m hringvelli með samliggjandi beinni skeiðbraut a.m.k. 175 m langri. Þó er heimilt að keppa á hringvöllum allt niður í 250 m að stærð með a.m.k. 4 m breiðri braut.

Leyfilegir vellir eru:

- Þ-laga vellir, með samliggjandi beinni braut
- A-laga vellir, með samliggjandi beinni braut
- Sérafmarkaðir hringvellir með aðliggjandi beinni braut.

Vellina skal afmarka með girðingum eins og þurfa þykir.

Á landsmóti skal keppt á 300 m hringvelli.

7.5 Reglugerð LH fyrir einkunnaútreikning í gæðingakeppni.

7.5.1 Reikniregla um uppgjör dóma

Dómarar birti einkunnir með 2 aukastöfum þegar aðaleinkunn er birt og skal meðaleinkunn keppenda birt þannig. Reikna skal einkunn og gera út um sætaröðum með þriðja aukastaf. Þessi regla gildir um alla flokka gæðingakeppninnar.

7.5.2 Verkefni

7.5.2.1 A-flokkur gæðinga

Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, tölt, brokk, stökk og skeið. Heimilt er að sýna skeið einu sinni á 175 m langri braut sbr. ákvæði 7.4.3.

Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala, þ.e. lægsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli.

Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

Ahlíða hestar (A-flokkur)

	Atriði	Einkunn	Vægi
1.	Fetgangur	5-10	1
2.	Brokk	5-10	1
3.	Tölt	5-10	2
4.	Stökk	5-10	1
5.	Skeið	5-10	2
6.	Vilji	5-10	2
7.	Fegurð í reið	5-10	2

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 11. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómpalli með 33 séu 3 dómarar að dæma en 55 séu fimm dómarar að dæma.

7.5.2.2 B-flokkur gæðinga

Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, hægt tölt, brokk, stökk og greitt tölt. Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala, þ.e. lægsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli.

Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

Klárhestar með tölti (B-flokkur)

	Atriði	Einkunn	Vægi
1.	Fetgangur	5-10	1
2.	Brokk	5-10	1
3.	Hægt tölt	5-10	1
4.	Stökk	5-10	1

5.	Greitt tölt	5-10	1
6.	Vilji	5-10	2
7.	Fegurð í reið	5-10	2

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 9. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómpalli með 27 séu 3 dómarar að dæma en með 45 séu fimm dómarar að dæma.

7.5.2.3

7.5.2.3 C flokkur gæðinga

Knapi og hestur sem keppa í C flokki geta ekki líka keppt í A eða B flokki á sama móti. Ekki skal keppt í C flokki á Landsmótum. Þessi flokkur er hugsaður fyrir minna vana keppendur. Þessi grein er hringvallargrein. Pískur er leyfður í þessari grein.

Riðnir skulu tveir hringir og sýnt fet, tölt og/eða brokk og stökk. Sýni keppandi bæði brokk og tölt er einkunn fyrir betri gangtegundin notuð. Einkunnir skulu gefnar á gæðingaskala frá 5-10, þar sem talan 5 er grunntala og jafngildir núlli.

Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða.

C Flokkur

	Atriði	Einkunn	Vægi
1.	Fetgangur	5-10	1
2.	Brokk og/eða tölt	5-10	1
3.	Stökk	5-10	1
4	Vilji	5-10	1
5.	Fegurð í reið	5-10	1

Deilitala dómar til að fá aðaleinkunn keppanda er 5. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómpalli með 15 séu 3 dómarar að dæma en 25 séu 5 dómarar að dæma.

7.5.2.4 C1 flokkur gæðinga

Knapi og hestur sem keppa í C1 flokki geta ekki líka keppt í A eða B flokki á sama móti. Ekki skal keppt í C1 á Landsmótum. Þessi flokkur er hugsaður fyrir minna vana keppendur. Þessi grein er hringvallargrein.

Riðnir skulu tveir hringir og sýnt fet, tölt og brokk. Einkunnir skulu gefnar á gæðingaskala frá 5-10, þaar sem talan 5 er grunntala og jafngildir núlli.

Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða.

C1 flokkur

	Atriði	Einkunn	Vægi
1.	Fetgangur	5-10	1
2.	Brokk	5-10	1
3.	Tölt	5-10	1
4.	Vilji	5-10	1
5.	Fegurð í reið	5-10	1

Deilitala dómar til að fá aðaleinkunn keppanda er 5. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómpalli með 15 séu 3 dómarar að dæma en 25 séu 5 dómarar að dæma.

7.6 Um úrslitakeppni gæðingakeppninnar

7.6.1 Þátttökuréttur í úrslitakeppni

Á félagsmótum skulu þeir hestar, sem hæstar einkunnir hafa hlotið í forkeppni, koma aftur fyrir dómnefnd og skal þá endanlega skorið úr um röð hestanna í úrslitakeppni.

Í úrslitakeppni skulu taka þátt jafnmargir hestar og verðlaun eiga að hljóta. Á landsmótum hafa mótmáldarar heimild til að hafa bæði A og B úrslit í öllum flokkum. Í A-úrslitum keppi hestar í 1. til 7. sæti í forkeppni en í B-úrslitum hestar sem náð hafa 8. til 15. sæti í forkeppni. Efsti hestur í B-úrslitum fær keppnisrétt í A-úrslitum. Á fjórðungs og stórmótum hafa 8 hestar þátttökurétt í öllum flokkum.

Á öðrum mótmotum eiga 5 eða 3 hestar þátttökurétt. Forfallist hestur, öðlast fyrsti varahestur úr forkeppninni þátttökurétt.

Framkvæmdanefnd sér um að allir knapar beri greinileg númer á báðum hliðum t.d. á stígvélum.

Á öðrum hestamótum en lands- fjórðungs- og stórmótum, má viðhafa svona form á úrslitakeppni, ákveði viðkomandi framkvæmdanefnd svo.

7.6.2 Framkvæmd úrslitakeppni

Hestunum er riðið samtímis, með ákveðnu millibili, í dómhring.

Stjórnandi segir til um í samræmi við reglur hvaða atriði ber að sýna hverju sinni. Hann skal sjá um að jafnt sé riðið á báðar hendur nema í skeiði í A-flokkki.

Í A og B flokki er gefin einkunn á milli gangtegunda fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir fegurð í reið og vilja, hvort fyrir sig.

Framkvæmdanefnd sér um að allir knapar beri greinileg númer á báðum hliðum, t.d. á stígvélum.

7.6.2.1 Alhliða hestar – A-flokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal tölt á frjálsum hraða allt að tveim hringjum til hvorrrar handar.
- Sýna skal brokk allt að tveim hringjum til hvorrrar handar.
- Sýna skal two skeiðspretti báða til sömu handar, að höfðu samráði við keppendur.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

7.6.2.2 Klárhestar með tölti – B-flokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal hægt tölt, allt að tveimur hringjum til hvorras handar.
- Sýna skal brokk, allt að tveimur hringjum til hvorras handar.
- Þá skal sýna greitt tölt á langhliðum, allt að tveim hringjum til hvorras handar.
- Þegar skipt er um hönd á brokki skal gert hlé í eina mínu og þegar skipt eru um hönd á greiðu tölti skal gert hlé í tvær mínu. Í hléunum skula knapar láta hesta sína feta og bíða frekari fyrirmæla.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

7.6.2.3 C flokkur gæðinga

Úrslit skula fara þannig fram:

- Tölt eða brokk skal sýna allt að tveimur hringjum til hvorras handar. Knapi skal velja hvort hann sýni tölt eða brokk, ekki má sýna bæði
- Sýna skal fet, allt að einum hring upp á hvora hönd
- Sýna skal two spretti á stökki, einn í einu með hraðaaukningu og mjúkri niðurhægingu. Keppendur safnist saman á skammhlið og koma sér saman um, í samráði við stjórnanda, á hvorri langhliðinni stökk skal sýnt.
- Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn og í lokin fyrir vilja og fugurð í reið.
- Á milli atriða og þegar skipt er um hönd, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.
- Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

7.6.2.4 C1 flokkur gæðinga

Úrslit skula fara þannig fram:

- Tölt skal sýna allt að tveimur hringjum til hvorras handar.
- Brokk skal sýna allt að tveimur hringjum til hvorras handar.
- Sýna skal fet, allt að einum hring upp á hvora hönd.
- Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn og í lokin fyrir vilja og fugurð í reið.
- Á milli atriða og þegar skipt er um hönd, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.
- Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

7.6.2.5 Hestar jafnir eftir úrslit

Séu tveir eða fleiri hestar jafnir í efsta sæti eftir úrslit skulu dómarar sýna röðun byggða á einkunnum sem þeir gáfu áður. Einungis má sýna fyrsta sætið einu sinni. Ef hestar eru jafnir í öðru sæti en því fyrsta, deila þeir með sér sætinu. Hlutkesti ræður úthlutun verðlauna.

Íslensk sérregla: Verði knapar jafnir í einhverju öðru sæti en því fyrsta og það sæti skiptir máli í annarri keppni svo sem um Íslandsmeistaratitil eða innanfélagsstíl skal nota sömu aðferð, þ.e. dómarar sýni sætaröðun byggða á einkunnum gefnum í úrslitum þar sem einungis má nota fyrsta sætið einu sinni.

7.6.3 Keppnisröð á stórmótum

Í gæðingakeppni og keppni í yngri aldursflokkum á lands- og fjórðungsmótum, er keppnisröð hesta ákveðin með útdrátti, sem framkvæmdanefnd annast. Keppendum eða fulltrúum þeirra er heimilt að vera viðstaddir útdráttinn.

7.7 Reglugerð LH um barna-, unglinga- og ungmannakeppni

7.7.1 Keppendur í yngri flokkum

Keppnin fer fram í fjórum aldursflokkum, flokki polla, barna, unglinga og ungmenna. Aldur keppenda miðast við almanaksárið, þannig að í pollaflokki eru þeir sem eru 9 ára og yngri, í barnaflokki eru þeir sem verða 10-13 ára á keppnisárinu, í unglingaflokki sem verða 14-17 ára á keppnisárinu og í ungmannaflokki sem verða 18-21 árs á keppnisárinu. Aldurstakmörk fyrir barnaflokk eru bindandi, þ.e. þótt ekki sé boðið upp á pollaflokk mega yngri knapar ekki keppa í barnaflokki. Ekki er keppt í pollaflokki á Landsmóti.

Í þessum yngri flokkum er það ekki hesturinn, heldur knapinn, sem vinnur til verðlauna.

7.7.2 Keppnishesturinn í yngri flokkum

Keppandi í barna- unglinga- og ungmannaflokki má ekki mæta til keppni með hest, sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni hann sjálfur.

Hver keppandi má skrá til leiks fleiri en einn hest. Komi barn, unglingur eða ungmanni fleiri en einum hesti í úrslit verður hann að velja hvaða hesti hann ríður í úrslitum. Hann skal svo tilkynna sínu félagi hvaða hest hann hyggst fara með á Landsmót áður en skráningarfresti á viðkomandi Lands-, fjórðungs- eða stórmót lýkur, óháð því hvað hesti hann ríður í úrslitum. Keppandi í yngri flokki á Landsmóti getur ekki jafnframt verið varaknapi með annan hest í sínum flokki.

Sá hestur, sem keppandi í barna- unglinga- eða ungmannaflokki mætir með í keppni, verður að vera í eigu aðalfélaga sama félags og keppandinn er í.

Forfallist skráður hestur keppanda á lands-, fjórðungs- eða stórmóti, kemur varakeppandi og hestur hans í stað þess forfallaða.

7.7.3 Einkunnir í yngri flokkum

Einkunnagjöf skal hagað þannig að gefin er sér einkunn fyrir hverja gangtegund, þær síðan lagðar saman og deilt í með fjölda þeirra. Fæst þannig meðaleinkunn. Þá skal gefa sérstaka einkunn í lokin fyrir stjórnun og ásetu í barna- og unglingaflokkum.

7.7.4 Verkefni yngri flokka

7.7.4.1 Pollagæðingakeppni

Þáttökuréttur og skráning:

- Þáttökurétt hafa öll börn 9 ára á árinu og yngri.
- Allir pollar skulu fá viðurkenningu fyrir þáttöku.
- Ekki skal keppt í pollaflokki á Landsmóti.
- Pollum er ekki heimilt að keppa á stóðhestum.

Völlur 300 metrar.

Forkeppni

Verkefni:

2-5 keppendur inni á vellinum í einu. Gefið skal upp við skráningu hvort riðið sé upp á hægri eða vinstri hönd. Þulur stjórnar keppni. Riðið skal að lágmarki 2 hringi og að hámarki 3 hringi í hverju verkefni.

- Tölt eða brokk, hægt til milliferð
- Fet

Dómar:

3 - 5 dómarar dæma með spjöldum 5 - 10.

Gefin skal einkunn fyrir stjórnun og ásetu sem gildir 1/2 af heildareinkunn, þ.e. deilitala dómara er 4.

Meðaleinkunn reiknuð.

Heimilt er að skera úr um úrslit í forkeppni og sleppa þar með úrslitum, enda séu keppendur 5 eða færri og hafi keppt saman í forkeppni.

Úrslit

Verkefni:

Þeir keppendur, sem eru í fyrsta til fimmta/áttunda sæti eftir forkeppnina, koma saman á völlinn, sem er 300 m.

- Tölt eða brokk, hægt að milliferð
- Fet

Tölt eða brokk allt að tveimur hringjum til hvorras handar. Þó má ekki meira en þrjá hringi á hvora hönd.

Dómar:

Í úrslitakeppni gefa dómarar einkunnir fyrir hvert atriði. Að auki er gefin sérstök einkunn fyrir ásetu og stjórnun og deilt í samtölu með 4. Að lokum skal rétt upp einkunn fyrir hvern knapa.

Almennar ábendingar

Sérstakt tillit er tekið í dónum til eftirfarandi atriða:

- Hreinleika gangsins.

- Léttleika, jafnvægis, fallegrar reisingar og fjaðrandi hreyfinga.
- Ásetu og taumhalds, hversu virkur knapinn er.
- Tekið skal á grófri reiðmennsku í dómi.

7.7.4.2 Barnaflokkur

Riðnir skulu tveir hringir og sýnt fet, tölt og/eða brokk og stökk. Sýni barn bæði brokk og tölt er einkunn fyrir betri gangtegundina notuð.

7.7.4.3 Unglingaflokkur

Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, hægt tölt, brokk, stökk og yfirferðargangur, þ.e. annað hvort tölt eða brokk á langhliðum.

7.7.4.4 Ungmennaflokkur

Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, hægt tölt, brokk, stökk og greitt tölt á langhliðum. Einkunnum fyrir fegurð í reið og vilja er bætt við.

7.7.5 Keppnisréttur í úrslitum yngri flokka

Á félagsmótum skulu þeir keppendur, sem hæstar einkunnir hafa hlutið í forkeppni, koma aftur fyrir dómnefnd og skal þá endanlega skorið úr um röð keppenda í úrslitakeppninni. Í úrslitakeppni skulu taka þátt jafnmargir knapar og verðlaun eiga að hljóta.

Framkvæmdanefnd sér um að allir keppendur beri greinileg númer á báðum hliðum t.d. á stígvélu.

7.7.6 Framkvæmd úrslita í yngri flokkum

Hestunum er riðið samtímis, en með ákveðnu millibili, í dóm. Stjórnandi segir til um í samræmi við reglur hvaða atriði ber að sýna hverju sinni. Hann skal sjá um að jafnt sé riðið á báðar hendur.

7.7.6.1 Úrslitakeppni – pollaflokkur

Sjá grein 7.7.4.1. um pollagæðingakeppni.

7.7.6.2 Úrslitakeppni – barnaflokkur

Tölt og/eða brokk skal sýna minnst two hringi til hvorrar handar. Sýni barn bæði brokk og tölt er einkunn fyrir betri gangtegundina notuð. Stökk skal sýna two spretti, einn í einu, með hraðamun og mjúkri niðurhægingu. Keppendur safnist saman á skammhlið og komi sér saman um, í samráði við stjórnanda, í hvora áttina ríða skal.

Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir stjórnun og ásetu.

7.7.6.3 Úrslitakeppni – unglingsflokkur

Hægt tölt, brokk, yfirferð á langhliðum, annað hvort tölt eða brokk. Minnst two hringi til hvorrar handar. Í báðum flokkum skal meta ásetu í úrslitakeppni.

Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir stjórnun og ásetu. Stjórnun og áseta í unglingsflokkum gildir eins og ein gangtegund.

7.7.6.4 Úrslitakeppni – ungmannaflokkur

Hægt tölt, brokk, greitt tölt á langhliðum. Minnst tveir hringir til hvorar handar. Þegar skipt er um hönd á brokki skal gert hlé í eina mínútu og þegar skipt eru um hönd á greiðu tölti skal gert hlé í tvær mínútur. Í hléunum skula knapar láta hesta sína feta og bíða frekari fyrirmæla.

Í ungmannaflokki er gefin einkunn eftir hverja gangtegund fyrir hvern keppanda og í lokin fyrri fegurð í reið og vilja, hvort fyrir sig.

7.8 Reglur LH um gæðingakeppni á lands- og fjórðungsmótum

7.8.1 Sérstök forkeppni

Forkeppni fer þannig fram í öllum flokkum að þrír til fimm hestar eru í dómi á hringvellinum í einu. Áður en forkeppni hefst skal minnst 3 til 4 hestum, utan keppni, riðið fyrir dóm, til samræmingar fyrir dómara.

Að forkeppni lokinni skulu að lágmarki 30 efstu hestar halda áfram í milliriðil. Þó aldrei fleiri en helmingur heildarþáttakenda. Dregið skal um röð keppenda.

Úrslitakeppnin skal fara fram a.m.k. degi síðar en forkeppnin og milliriðillinn.

Framkvæmdanefnd dregur um um röð keppenda.

Knapi skráir upp á hvora hönd hann vill ríða sérstaka forkeppni.

Hestmannafélgin taki það fram í sínum skráningum á Landsmót upp á hvora hönd hver knapi vill ríða.

Komi varahestur inn skal hann sýna upp á sömu hönd og sá sem hann kemur í staðinn fyrir.

Áður en skráning telst endanleg skal hún birt á netmiðlum til yfirlestrar og geta knapar þá komið að leiðréttigungum, hafi þeir skráðst á ranga hönd. Eftir að þeim fresti lýkur er ekki untnt að skipta um hönd.

7.8.1.1 B-Flokkur gæðinga

Þrír til fimm hestar inni á hringvellinum í einu.

- Tveir hringir hægt tölt
- Tveir hringir brokk frjáls hraði
- Tveir hringir greitt tölt á langhliðum
- Vilji x 2
- Fegurð í reið x 2
- Deilitala fyrir dómara er 7

7.8.1.2 A-Flokkur gæðinga

Þrír til fimm hestar inni á hringvellinum í einu.

- Tveir hringir tölt x 2
- Tveir hringir brokk frjáls hraði
- Ein umferð skeið, einn og einn í einu x 2
- Vilji x 2

- Fegurð í reið x 2
- Deilitala fyrir dómara er 9

7.8.1.3 Barnaflokkur

- Þrír til fimm hestar inni á hringvellinum í einu
- Tveir hringir brokk og/eða tölt
- Tvær umferðir stökk, betri ferð gildir til einkunnar
- Stjórnun og áseta x 2
- Deilitala fyrir dómara er 4

7.8.1.4 Unglingaflokkur

- Þrír til fimm hestar inni á hringvellinum í einu
- Tveir hringir hægt tölt
- Tveir hringir brokk frjáls hraði
- Tvær umferðir yfirferðargangur á langhliðum, annað hvort tölt eða brokk
- Stjórnun og áseta
- Deilitala fyrir dómara er 4

7.8.1.5 Ungmennaflokkur

- Þrír til fimm hestar inni á hringvellinum í einu
- Tveir hringir hægt tölt
- Tveir hringir brokk, frjáls hraði
- Tveir hringir greitt tölt á langhliðum
- Fegurð í reið
- Vilji
- Deilitala fyrir dómara er 5

8 Íþróttakeppni FIPO

8.1 Almennar reglur um íþróttakeppni

Leggja skal FIPO reglurnar til grundvallar við skipulagningu alþjóðlegra, innlendra og annarra viðburða sem varða íslenska hestinn.

FIPO reglurnar sem og hegðun allra persóna og annarra aðila sem með íslenska hestinn hafa að gera heyra einnig undir siðareglur „The Fédération Equestre Internationale (FEI).”

8.1.1 Löglegir hestar

Hreinræktaðir íslenskir hestar, fimm vetra og eldri eru löglegir í keppni. Sönnunar er krafist í formi upprunavottorðs eða samsvarandi vottorðs frá viðkomandi landi. Miðað er við 1. janúar fæðingarárs við mat aldurs.

Á heimsmeistaramótum skulu hestar vera minnst 6 vetra gamlir.

Fimm vetra gamall hestur má einungis hefja keppni tvívar sama daginn en má ekki taka þátt í kappreiðum eða víðavangshlaupi (Gæðingaskeið og 100 m skeið teljast ekki kappreiðar). Sex vetra hestur má hefja keppni þrisvar á einum degi. Sjö vetra og eldri hestur má hefja keppni fjórum sinnum á dag.

Forkeppni og úrslit teljast vera „hafin keppni“. Í gæðingaskeiði, 100m skeiði og kappreiðum (250m og 150m) teljast 2 sprettir vera ein hafin keppni.

Mótshaldarar skulu sannreyna með aflestri örmerkis að skráður hestur sé mættur til keppni.

Athugið: Það er mótmeldara að fylgjast með að þessari reglu sé framfylgt. Hafi knapi hunsað regluna og lokið keppni skal dæma knapann úr keppni í þeirri grein.

8.1.2 Reiðtygi

Hnakkar og reiðtygi skulu henta íslenskum hestum.

8.1.2.1 Hnakkar

Í grundvallaratriðum eru allir hnakkar og hnakkdýnur sem henta íslenska hestinum leyfðar. Viðurkenndur útbúnaður felur einnig í sér hlífðardýnu, hnakkklæði, forgjörð og reiða.

8.1.2.2 Beisli og beislabúnaður

Reglurnar gilda á öllu móttssvæðinu og allan tímann meðan á mótinu stendur:

Leyfð beisli og beislabúnaður

Nota má hvaða mél sem er ásamt beislabúnaði ef þau uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Þau henti til reiðar (séu ekki ætluð til aksturs eða annarra nota með hesta)
- Þau henti reið á íslenskum hestum
- Þau henti hestinum sem þau eru notuð á
- Þau séu ekki á lista yfir bönnuð mél

Öll mél eru leyfð í öllum keppnisgreinum. Engu má bæta við mél öðru en hringjahlífum og keðjuhlífum og ekkert annað má vera í munni hestsins.

Ríða má hestum með mélalausum beislabúnaði, að því tilskyldu að hann uppfylli ofangreind skilyrði.

Ákvörðun dómara um notkun hvers kyns méla eða beislabúnaðar á tilteknu móti er endanleg fyrir það ákveðna móti.

Bönnuð mél og beislabúnaður

Bönnuð mél og/eða beislabúnaður er búnaður sem greinilega er hannaður með annað í huga en reið á íslenskum hestum, eins og til dæmis mél fyrir akstur eða mél sem eru hluti af reiðbúnaði hönnuðum fyrir aðra reiðmenningu eða eru notuð á annan hátt en þau er hönnuð til. Einungis má nota tauma sem fara beint úr hönd reiðmannsins á viðeigandi stað á mélum eða mélalausum beislisbúnaði.

Til viðbótar þessum almennu reglum skal Sportnefnd halda úti lista yfir mél og beislabúnað sem eru ekki leyfð af sérstökum ástæðum. Þessi listi inniheldur lýsingar og myndir af viðeigandi mélum eða beislabúnaði eða samsetningu méla og beislabúnaðar. Þessi listi er birtur á heimasíðu FEIF.

Til að bæta sérstökum mélum og/eða beislabúnaði á lista yfir bönnuð mél og beislabúnað, geta sportfulltrúar hvers lands, meðlimir íþróttanefndar FEIF og alþjóðlegir íþróttadómarar lagt fram tillögur til íþróttanefndar FEIF. Greinileg lýsing, skýr mynd og gildur rökstuðningur skal fylgja slíkri tillögu. Íþróttanefnd FEIF fer yfir slíka tillögur að minnsta kosti þrisvar á ári, nema það sé sérstök ástæða til að taka ákvörðun með stuttum fyrirvara.

Árlegur fundur íþróttafulltrúa getur tekið ákvörðun um að taka mél eða beislabúnað út af lista yfir bönnuð mél og beislabúnað.

8.1.2.3 Hlífar

Vísast í 8.1.4.

8.1.3 Járningar

8.1.3.1 Hófar

Járning skal vera eins vönduð og hægt er og tálína má ekki vera brotin, þ.e. hallli hófs og kjúku skal vera sá sami.

Hóflengd skal vera eðlileg og ekki meiri en 9,0 cm. Undantekningu má gera ef fyrir liggur skrifleg sönnun þess frá dýralækni eða kynbótasýningu að hesturinn sé hærri en 145 cm á herðakamb á stangarmáli. Sé hesturinn hærri en 145cm á stangarmáli má hófurinn vera allt að 9,5 cm langur. Allar lengingar á hófi með gerfiefnum eru bannaðar. Botnar/hringir eru leyfðir og eru ekki mældir með hóf.

8.1.3.2 Skeifur

Hestur skal vera járnaður og er einungis heimilt að nota skeifur sem sérstaklega eru gerðar til þess að þjóna sem skeifur fyrir hesta. Allir fjórir fætur skulu þá vera járnaðir. Allar fjórar skeifur þurfa að vera úr sama efni. Eðlisþyngd efnisins má ekki vera meiri en venjulegs skeifnajárns. Skeifan má að hámarki vera 10,0 mm að þykkt og 23,0 mm á breidd og skulu vera jafnar að lögun. Eðlilegt slit er leyft. Missi hestur skeifu/r skal hægja hest niður á fet og feta það sem eftir er keppni.

Ákvörðun dómara um lögmæti skeifu á tilteknu móti er endanleg fyrir það tiltekna móti.

8.1.3.3 Staðsetning skeifu

Skeifan má ekki fara fram fyrir eðlilega tálínu hófsins og að aftan ekki aftar en lóðrétt lína dregin niður af þófa/hæl.

8.1.3.4 Skaflar

Leyfðir eru tveir venjulegir skaflar á hverja skeifu, hnykktir, soðnir eða skrúfaðir, einn á hvorn hael skeifunnar. Skafl má ekki vera stærri en: 15 x 15 x 12 mm (l x b x h) og má ekki vera festur með meira en 4 suðupunktum. Hafi skaflar brodd (karbit), má hann ekki ná meira en 3 mm niður fyrir skaflinn.

8.1.3.5 Uppslættir

Leyfðir eru að hámarki þrír uppslættir, hver að hámarki 2 mm að þykkt á hverja skeifu. Ásoðnir uppslættir eru ekki leyfðir.

8.1.3.6 Ásuður og pottanir

Ásuður og pottanir eru ekki leyfðar.

8.1.3.7 Botnar

Nota má hringi úr leðri og gerviefni sem og botna, opna fleyga og fleygbotna. Flatir botnar og hringir skulu fylgja lögun skeifunnar, og mega vera að hámarki 5 mm þykkir. Opnir fleygar og fleygbotnar mega vera að hámarki 8 mm þykkir á hael og að hámarki 2 mm í tá. Sé botn og/eða fyllingarefnini notað má skeifa ekki vera þykkt en 8,0 mm. Með 10 mm skeifu má einungis nota hring (krans). Einungis er heimilt að nota einn hring eða botn eða fleyg á hvern fót. Styrkingar, sem stuðla að réttri virkni botnsins/hringsins eru leyfilegar.

Ákvörðun dómara um lögmæti botns, hrings eða fleygs á tilteknu móti er endanleg fyrir það tiltekna móti.

8.1.3.8 Bannaðar skeifur, hringir og botnar

Þær skeifur, hringir eða botnar sem greinilega eru ekki framleiddir í þeim tilgangi að notast fyrir reiðhesta eru bannaðir.

Til viðbótar þessari almennu reglu heldur sportnefndin lista yfir skeifur, hringi og botna sem eru af sérstökum ástæðum ekki leyfðar. Listinn inniheldur lýsing og mynd af viðkomandi skeifu, hring eða botni. Listinn er birtur á heimasíðu FEIF, www.feif.org og heimasíðu LH www.lhestar.is.

Til að bæta ákveðinni skeifu, botni eða hring inn á lista yfir bannaðar skeifur, botna eða hringi, geta sportfulltrúar hvers lands, meðlimir íþróttanefndar FEIF og alþjóðlegir íþróttadómarar lagt fram tillögur til íþróttanefndar FEIF. Greinileg lýsing, skýr mynd og gildur rökstuðningur skal fylgja slíkri tillögu. Íþróttanefnd FEIF fer yfir slíkar tillögur að minnsta kosti þrisvar á ári, nema það sé sérstök ástæða til að taka ákvörðun með stuttum fyrirvara.

Árlegur fundur íþróttafulltrúa getur tekið ákvörðun um að taka skeifur, botna eða hringj út af lista yfir bannaðar skeifur, botna eða hringi.

8.1.4 Hlífar

Leyfðar eru hlífar, fyrir ofan hófbotn að hámarki 250 gr á hvern fót. Ekki má breyta hlífðarútbúnaði frá því að komið er inn á hringvölliinn þar til sýningu er lokið.

Ef hlíf fellur af í forkeppni skal knapinn ákveða hvort hann lýkur sýningu án hlífarinnar eða hættir keppni.

Hlíf sem fellur af á meðan á úrslitum stendur, má setja á aftur með leyfi dómara á meðan einkunnir eru lesnar upp á milli atriða eða á milli skeiðsprettu í fimmgangi. Sama á við í fimmgangsforkeppni þar sem fleiri en einn hestur eru inn á í einu. Þá má setja hlíf á aftur á milli skeiðsprettu með leyfi dómara. Slitni hlíf á meðan á úrslitum stendur, má með leyfi dómara setja samskonar hlíf á aftur. Þessar reglur gilda fyrir allt keppnissvæðið sem og allan tímann sem mótt stendur.

8.1.4.1 Endurjárningar

EKKI má járna hest aftur, eftir að hann hefur hafið keppni í sinni fyrstu grein, nema með leyfi yfirdómara.

8.1.4.2 Járninga- og hlífaskoðun

Skoðun á járningum og hlífum er á ábyrgð dómara. Ef ekki er um opinbera, kerfisbundna fótaskoðun að ræða skal gefa knöpum kost á að fá járningar og hlífar skoðaðar fyrir upphaf keppni. Á meðan á keppni stendur, geta starfsmenn vallarins skoðað reiðtygi um leið og hver hestur yfirgefur völl eftir að hafa lokið keppni. Ef ekki er um kerfisbundna skoðun að ræða, skal taka tilviljunarkennt úrtak úr ráslista og skoða hjá þeim. Þá skal einnig ávallt skoða einn af efstu þremur hestum í hverri keppnisgrein og skal dregið um hver þeirra kemur til skoðunar. Knapar skulu vera undir það búnir að draga undan hesti sínum, séu þeir dregnir út til fótaskoðunar.

Leiki minnsti vafi á því að mati dómara að reglur um járningar eða hlífar hafi verið brotnar, getur hvaða dómari sem er farið fram á sérstaka skoðun. Einn eða fleiri dómrarar sem valdir hafa verið til þessara starfa, framkvæma skoðunina. Knapinn og dómrarar geta farið fram á aðstoð mótsjárningamanns eða mótsdýralæknis. Ómararnir skera úr um hvort járning og/eða hlífar uppfylli reglugerð. Þeir geta farið fram á að skeifa sé fjarlægð og sett undir að nýju. Knapi hefur ekki rétt á að fara fram á bætur. Ef mótsjárningamaður fjarlægir skeifu skal kostnaður greiddur af móts höldurum, annars er kostnaður á ábyrgð þess knapa sem í hlut á.

Á öllum mótaum skal knapi upplýsa móts haldara um botnanotkun. Móts haldari skal sjá yfirdómara eða þeim dómara sem sér um fótaskoðun fyrir lista yfir öll hross sem járnud eru á botna. Hest sem járnaður er á botna er hægt að velja til skoðunar (einn eða fleiri botnar eru þá fjarlægðir til skoðunar).

Venjulega skal ekki fjarlægja skeifur af sama hestinum oftari en einu sinni á sama móti. Hesta, sem hafa verið dregnir út eða teknir út til skoðunar, má járna aftur en aðeins undir eftirliti yfirdómara eða fulltrúa hans.

Knapinn sem í hlut á hefur engan rétt á að fara fram á bætur. Fari knapi ekki að fyrirmælum dómara verður hesturinn útilokaður frá allri þátttöku á viðkomandi móti.

Mæti knapi vísvitandi ekki í fótaskoðun skal honum vísað úr keppni og allur árangur hans á mótinu skal felldur niður.

8.2 Knapar

8.2.1 Almennt

Knapi skal sjálfur undirbúa og ríða hesti sínum fyrir keppni. Enginn annar en hestur og knapi hans, keppnispar má vera í upphitunarhring á meðan á keppni stendur. Undanskilið þessari reglu er aðstoð við að hagræða fötum og öðrum útbúnaði áður en riðið er inn á völlinn. Knapinn má ekki fá neins konar utanaðkomandi hjálpa á meðan á keppni stendur.

8.2.2 Löglegir knapar

Á öllum mótum skulu knapar vera félagar í félagasamtökum sem tengjast FEIF. Á móturnum þar sem ekki eru sérstakir unglings eða ungmannaflokkar verða keppendur að vera 16 ára (verða 16 á almanaksárinu) eða eldri.

Knapi sem er í keppnisbanni í einu FEIF landi fyrir brot á reglum þessum og hugtökum sem nefnd eru í formála FIPO, má ekki keppa í öðrum FEIF löndum þar til banninu hefur verið aflétt.

8.2.3 Útbúnaður knapa

Á öllum móturnum skal knapi klæðast reiðjakka, félagsbúningi eða einfaldri íþróttapeysu eða mittispeysu, reiðbuxum og reiðstígum eða skóbxum og reiðskóm. Í skeiðkappreiðum og gæðingaskeiði skulu knapar klæðast reiðbuxum og reiðstígum eða skóbxum og reiðskóm en mega að öðru leyti vera í þægilegum og viðeigandi klæðnaði. Sporar eru bannaðir. Notkun á viðurkenndum reiðhjálmi er skylda.

Á öllum móturnum þar sem keppt er eftir reglum þessum skulu knapar ávallt bera opinberlega viðurkenndan reiðhjálm á hestbaki.

Í gæðingakeppni er pískur einungis leyfður í barna- og unglingsflokk. Pískur má ekki vera lengri en 120 cm að meðtöldum pískenda. Í skeiðkappreiðum eru pískar bannaðir. Knapi má einungis nota einn písk í einu. Reglur um píska gilda á öllu móttssvæðinu á meðan á mótinu stendur.

8.3 Reglur fyrir FIPO keppni

Á heimsmeistaramótum gilda sérstakar reglur. Um innanhússmót gilda sérstakar reglur, sjá að neðan.

8.3.1 Auglýsingar og skráningar

Mótshaldari semur og birtir dagskrá og skráningaform fyrir lið, hesta og knapa móts. Þar koma skýrt fram öll gjöld sem greiða þarf sem og upplýsingar um hvaða reglur gilda um mótið.

8.3.2 Vellir

Allar FIPO keppnisgreinar skulu fara fram á viðurkenndum völlum hringvelli, skeiðvelli eða fimivelli eftir því sem segir í reglugerð um viðeigandi greinar. Vellirnir þurfa að uppfylla skilyrði sem koma fram í reglum þessum (sjá reglugerð um velli).

Við inngang allra vallanna skal vera svæði þar sem knapar geta undirbúið hest sinn fyrir keppni sem og upphitunarhringur fyrir keppnisparið.

8.3.2.1 Innanhússmót

Um innanhússmót gilda eftirfarandi reglur.

Almennt gilda sömu reglur og utanhúss með eftirfarandi undantekningum. Sérstaklega skal minnt á skil á móttsskýrslu til að árangur skráist í Mótafeng og þar með inn í Worldfeng.

Þegar riðið er inn á völl á innanhússmótum er leyfilegt að leyfa lengri leið áður en keppni hefst, eftir því sem aðstæður leyfa.

Einkunnir úr innanhússmótum gilda ekki sem árangur til keppni utanhúss. Þær gilda því ekki sem lágmarkseinkunn til þátttöku í tölti á Landsmóti né ekki til þátttöku á Íslandsmóti.

Reglur um vallarstærð og vallargerð eiga ekki við.

8.3.3 Dómarar

Allar greinar skulu vera dæmdar af að minnsta kosti þremur viðurkenndum dómurum. Á World Ranking mónum skulu vera fimm dómarar í hringvallargreinum. Þar af skulu á World Ranking mónum vera a.m.k. þrír alþjóðlegir dómarar og þar af a.m.k einn með fasta búsetu erlendis. Með því er einnig mælt á öllum öðrum mónum.

Á öllum mónum skal tilnefna yfirdómara. Hlutverk hans er:

- Að draga út þá, þar sem kanna á járningar, botnanotkun eða taka lyfjapróf, þar sem farið er fram á þess konar próf.
- Að gæta hagsmunu dómaranna á mótinu
- Að leiða dómarafund fyrir og eftir móti
- Að hafa umsjón með fótaskoðun og eftirliti með reiðtygjum
- Að semja og skila skriflegri skýrslu um mótið.

Hafi mótsaldari ákveðið að lyfjapróf skuli fara fram á yfirdómari að draga út númer þeirra hesta sem taka á lyfjapróf úr.

Yfirdómari skal fylgjast með dómstörfum. Gæti ítrekaðra frávika er yfirdómara skyld að fara fram á skýringar frá viðkomandi dómarar/dómurum. Í lok hvers dags skal haldinn fundur dómarar þar sem farið er yfir keppni og dóma hvers dags. Farið skal yfir úrslit hverrar greinar og séu frávik einstakra dómarar mikil frá endanlegum úrslitum, skal hann skýra sitt mál. Telji yfirdómari skýringar ófullnægjandi sem og í grófum tilvikum er honum heimilt að víkja dómarar frá störfum og kalla til varadómara.

8.3.4 Starfsmenn vallar

Fullnægjandi fjöldi vallarstarfsmanna skal sjá um:

- Athugun á útbúnaði (helst dómarar)
- Að aðstoða þul við að halda rásröð og tímaplaní
- Að sjá þul fyrir upplýsingum um upp á hvaða hönd og í hvaða röð gangtegundir eru riðnar í úrslitum.
- Að upplýsa knapa um framgang þeirrar keppnisgreinar eða kynbótasýningar sem í gangi eru á hverjum tíma.

8.3.5 Tímavarsla

Einungis skal nota hæfa og viðurkennda tímaverði og ræsa. Að auki má nota rafræna tímatóku. Lokaúrslit greinar verða að byggja á sömu gerð tímatóku hjá öllum keppendum, hand- eða rafrænni. Undantekning er gerð ef rafræn tímataktar bilar eftir að kappreiðar eru hafnar. Þá er heimilt að taka upp handtímatóku og skal 0,4 sek bætt við handtekna tímann. Þannig má í algerum undantekningartilvikum nota blandaða tímatóku.

8.3.6 Stundvísí

Vísast til agareglina.

8.3.7 Rásröð

Rásröð er dregin út. Hestar skráðir eftir að rásröð hefur verið ákveðin þurfa að hefja keppni á undan útdreginni rásröð.

Skylt er að halda rásröðinni, allar breytingar, jafnvel með samþykki allra hlutaðeigandi, eru bannaðar.

8.3.8 Upphitunarhestur

Upphitunarhestur skal sýna fyrir dómara 15 mínútum fyrir upphaf keppnisgreinar. Dómarar skulu ræða sýningu hans í þeim tilgangi að tryggja samræmi í einkunnagjöf.

8.3.9 Samanlagðar greinar

8.3.9.1 Fjórgangur

Samanlagður fjórgangssigurvegari er parið sem fær hæsta samanlagða einkunn úr tveimur keppnisgreinum. Einungis ein grein telur úr hvorum flokki.

Flokkur I:	Tölt	T1/T3	eða
	Tölt	T2/T4	
Flokkur II:	Fjórgangur	V1/V2	

Einkunnir úr forkeppni gilda.

8.3.9.2 Fimmgangur

Samanlagður fimmgangssigurvegari er parið sem fær hæsta samanlagða einkunn úr þremur keppnisgreinum. Einungis ein grein telur úr hverjum flokki.

Flokkur I:	Tölt	T1/T3	eða
	Tölt	T2/T4	
Flokkur II:	Fimmgangur	F1/F2	
Flokkur III:	250 m skeið	P1	eða
	Gæðingaskeið	PP1	eða
	Flugskeið	P2	

Fari 150 m skeið (P3) fram og sé það löglega auglýst má nota það í stað P1. Einkunnir úr forkeppni gilda.

8.3.9.3 Samanlagðar greinar í yngri flokkum

Í barnaflokki skulu reiknuð til samanlagðra stiga eftirtaldar greinar: tölt, fjórgangur og fimikeppni A. Knapi þarf ekki að vera á sama hesti í öllum greinum.

Í unglingsflokki skulu reiknuð til samanlagðra stiga eftirtaldar greinar: T1/T3, T2/T4, V1/V2, F1/F2, gæðingaskeið PP1, 100 m skeið P2 og fimikeppni A. Knapi þarf ekki að vera á sama hesti í öllum greinum. Einungis fjórar bestu greinar keppanda telja til samanlagðra stiga.

Í ungmannaflokki eru notaðar sömu reglur og í fullorðinsflokki með þeirri undantekningu að kappreiðaskeið telur ekki til stigasöfnunar.

8.3.10 Ábyrgð

Þátttaka í öllum greinum er á ábyrgð keppanda. Hvorki FEIF, LH né mótsvaldari taka ábyrgð á nokkurn hátt.

8.3.11 Mót viðurkennd af FEIF

Mótshaldarar allra móta sem eru opinberlega viðurkennd af FEIF skulu leggja fram greinargóða fjárhagsáætlun fyrir móti og fullnaðaruppgjör eftir móti til viðeigandi stjórnarmanna FEIF.

8.4 Hringvallargreinar

Allar keppnisgreinar sem fara fram á hringvelli verða að fara fram á hringvelli sem uppfyllir skilyrði og mál sýnd á teikningum í FIPO bæklingnum. Þegar fleiri en einn knapi eru á vellinum og sýna samkvæmt fyrirmælum þular, eru tímamörk hvers atriði ákveðin af íþróttanefnd FEIF og gefin út sem viðauki við FIPO.

Allir núverandi viðurkenndir vellir á Íslandi eru löglegir.

8.4.1 Hringvöllur

Völlurinn skal vera jafn og fastur, 250 m langur. Ytra ummál skal vera 271.69 m og innanmál 246.56 m, 4.00 m breiður, gerður eftir teikningum sem fylgja FIPO. Innri radíus beygjanna skal vera 13 m, ytri radíus beygjunnar 17 m. Lengd langhliðar (á milli beygja) skal vera 70.44 m, lengd skammhlið (á milli beygja) skal vera 12 m. Girðingar skulu vera lágar og hvorki trufla keppendur né dómara. Upphaf og endi langhliða skal merkja greinilega.

Vellir 200 m til 250 m eru leyfðir. Mál vallanna eru eins og mál 250 m vallar nema að langhliðar (á milli beygja) eru 45.44 m á 200 m velli. Lítilsháttar vatnshalli, allt að 1,5% er leyfður á vellinum.

Upphaf og endi langhliða skal merkja greinilega. Vísað er til teikninga hvað varðar önnur mál.

Allir viðurkenndir vellir á Íslandi eru löglegir.

8.4.2 Dómarar

5 eða 3 dómarar dæma hver fyrir sig. Dómarar sýna einkunnir.

8.4.3 Einkunnir

8.4.3.1 Forkeppni

Dómararnir nota einkunnastiga í hverri grein sem nær frá 0 til 10 að báðum tölum meðtöldum. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum. Lokaeinkunn dómarara er rúnnuð af með einum aukastaf. Í greinum þar sem einungis tvö atriði eru dæmd (t.d. T5, T6,T7,T8) er leyfilegt að bæta við eða draga 0,1 af lokaeinkunn. Að auki er dómurum heimilt að draga allt að 2,0 af lokaeinkunn fyrir slæma reiðmennsku og/eða grófar bindingar. Sé það gert skal dómari sýna gult spjald með einkunn. Einungis lokaeinkunnin er sýnd. Þegar 5 dómarar dæma er hæsta og lægsta einkunn strikuð út. Aðaleinkunn er reiknuð út af stjórnstöð og er meðaltal þriggja einkunna, með tveimur aukastöfum. Rúnnað er af samkvæmt almennum stærðfræðireglum.

8.4.3.2 Úrslit

Dómararnir nota einkunnastiga í hverri grein sem nær frá 0 til 10 að báðum tölum meðtöldum. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum. Dómarar sýna einkunnir sínar eftir hvert atriði. Þegar 5 dómarar dæma er hæsta og lægsta einkunn strikuð út. Einkunn fyrir hvert atriði er reiknað út af stjórnstöð og er meðaltal þriggja einkunna, með tveimur aukastöfum. Aðaleinkunn, reiknuð út af stjórnstöð er meðaltal af einkunum fyrir hvert atriði, margfaldað með vægi atriðis, rúnnað með tveimur aukastöfum. Rúnnað er af samkvæmt almennum stærðfræðireglum.

8.4.4 Framvinda keppnisgreinar

8.4.4.1 Forkeppni þar sem einn keppandi er á vellinum

Hesti skal riðið inn á hringvöllinn og stystu leið á aðra hvora skammhlið vallarins. Hesturinn má ekki fara yfir skammhlið án þess að hefja keppni. Ýmsa möguleika innkomu og byrjun keppni, mismundandi eftir því hvort riðið er inn á skammhlið eða á langhlið má sjá á teikningum í FIPO bæklingnum.

Knapinn skal heilsa dómurum með því að kinka kolli og gefur með því til kynna að hann hafi hafið keppni.

Gangskiptingar skulu fara fram á miðri skammhlið. Undantekning er gerð með skeið sem einungis skal sýna á langhliðum.

Hvað varðar vegalengd á sýndum gangtegundum vísast í leiðara.

Eftir að hafa lokið síðasta sýningarátriði verður knapi að hafa hægt á hesti sínum niður á fet fyrir miðja næstu langhlið.

Riðið skal út af hringvellinum.

8.4.4.2 Úrslit og forkeppni þar sem fleiri en einn keppandi er á vellinum í einu

Í forkeppni mega vera allt að 5 hestar á vellinum í einu. Þó skulu í T3, T4, V2 og F2 ekki vera fleiri en 3 á vellinum í einu.

Hestunum skal riðið inn á völlinn samkvæmt fyrirmælum þular og upp á þá hönd sem fyrsta sýningarátriði skal sýnt. Knaparnir dreifa sér jafnt um völlinn. Byrjun og endi sýningar er stjórnað af þul.

Á meðan einkunnir eru sýndar og lesnar upp má einungis ríða hestunum á feti. Til að laga millibil mega knapar snúa við eftir fyrirmælum þular, undir eftirliti yfirdómara.

Riðið skal út af hringvellinum.

8.4.5 Vinstri handar og hægri handar ráshópar

Í forkeppni eru ráshópar með viðeigandi mörgum hestum skipaðir. Farið er eftir ráslista sem dreginn hefur verið en tekið tillit til þess á hvora hönd keppandi hefur gefið upp við skráningu að hann vilji hefja fyrsta sýningarátriði. Hafi ekki verið gefin upp hönd við skráningu skal gengið út frá því að knapi vilji hefja keppni á vinstri hönd

Í úrslitum ákveður meirihluti knapa á hvora hönd keppni hefst. Falli atkvæði jafnt vegur atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt.

8.4.6 Dæmt úr leik

Knapi skal dæmdur úr leik ef:

1. Knapi fellur af baki eða fer af baki án leyfis;

Hesturinn fer út af brautinni eftir að vera kominn inn á hringvöllinn, áður en hann hefur keppni;

Hesturinn fer út af brautinni eftir að hafa lokið keppni, áður en hann fer út af hringvellinum.

2. Hesturinn fer út af brautinni á milli þess sem hann hóf og lauk keppni, þ.e. á meðan á sýningu stendur.

3. Hestur sýnir alvarlega kergju og/eða óhlýðni. Þetta á við frá því að riðið er að braut þar til völlurinn er yfirgefinn.
4. Ef ekki er hægt að skoða hest, þ.e. upp í munn hans eða fætur, þrátt fyrir tilraunir til að róa hann niður.

Ef eitthvað af ofantöldu gerist í úrslitum hvort sem er á meðan á einhverju sýningaratriði stendur eða í hlénum á meðan einkunnir eru sýndar, er knapinn dæmdur úr leik í úrslitunum og tekur sæti samkvæmt þeim einkunnum sem hann hefur hlotið fram að því.

Hestur telst hafa farið út af brautinni þegar allir fjórir fætur fara út af brautinni sé hún ógirt.

Knapi telst löglega dæmdur úr leik, dæmi hann að minnsta kosti tveir dómarar úr leik.

Hestar, sem sýna hrekki, fælni, kergju eða aðra viðlíka ókosti, skal vísa úr keppni.

Dómurum er heimilt að taka ákvörðun um að dæma knapa ekki úr leik, ef augljóst þykir að utanaðkomandi truflun hafi valdið því að hesturinn fór út af brautinni.

Sé knapi dæmdur úr leik í úrslitum vegna brota á reglum um útbúnað (að meðtöldum járnningareglum) dæmist knapinn þar með úr greininni og fær ekki sætaröðun í þeirri grein.

8.4.7 Úrslit

Efstu fimm keppendur í forkeppni vinna sér sæti í úrslitum sem kölluð eru A-úrslit. Séu fleiri en einn keppendur jafnir í fimmta sæti, taka þeir allir sæti í A-úrslitunum. Sé þátttaka nægileg getur mótsaldari skipulagt önnur úrslit (6.-10. sæti) sem nefnd eru B-úrslit. Sigurvegari/sigurvegarar þeirra vinnur/vinna sér rétt til að taka þátt í A-úrslitum.

Sjá nánar í 8.4.8.

Heimilt er en ekki skylt, að bjóða upp á C úrslit í öllum hringvallargreinum íþróttakeppni, þ.e.a.s. keppni um sæti 11 til 15. Sigurvegari C úrslita færst þar með upp í B úrslit.

8.4.8 Dregið til baka úr keppni

Á mótmum þar sem lið keppa skulu liðsstjórar tilkynna hvort knapar og hestar séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku í úrslitum, að minnsta kosti einni klukkustund áður en fyrstu úrslit í viðkomandi grein hefjast.

Á mótmum þar sem ekki keppa lið er gengið út frá því að knapi og hestur séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku nema annað sé tilkynnt sérstaklega, að minnsta kosti einni klukkustund áður en fyrstu úrslit í viðkomandi grein hefjast. Eftir þau tímamörk er einungis unnt að draga sig til baka úr úrslitum liggi fyrir staðfesting dýralæknis eða læknis, sem skoðar hestinn á keppnisstað, á veikindum eða helti hestsins eða knapa þegar við á. Að öðrum kosti strikast allur árangur knapans út af mótinu og hann dæmist í tveggja vikna keppnisbann er hefst á mánudegi eftir að móti lýkur.

Afskráningar úr forkeppni skulu berast a.m.k. klukkustund fyrir upphaf greinar í viðkomandi flokki, nema um augljós forföll vegna helti eða annarra óhappa sé að ræða.

Ef hestur af einhverjum ástæðum mætir ekki í úrslit eða er dæmdur úr leik og heildartala hesta í úrslitum fer niður fyrir 10 (eða 5 ef ekki eru B-úrslit) kemur næsti hestur, sem vill þiggja sætið, úr forkeppni inn í stað hans. Ef í næsta sæti eru fleiri en einn hestur jafnir, koma þeir allir inn í úrslitin.

Íslensk sérregla: Hafi knapi komið fleiri en einum hesti í úrslit, A, B eða C úrslit, skal hann ákveða á hvorum/hvaða hesti/num hann hefur keppni í úrslitum. Laus sæti í þeim úrslitum má fylla með næstu keppendum. Ef einn eða tveir eru jafnir í næsta sæti skulu þeir allir komast í þau úrslit. Sami knapi má ekki hefja keppni í bæði C, B eða A úrslitum í sömu grein með sitthvorn hestinn.

8.4.9 Hestar jafnir eftir úrslit

Séu tveir eða fleiri hestar jafnir í efsta sæti eftir úrslit skulu dómarar sýna röðun byggða á einkunnum sem þeir gáfu áður. Einungis má sýna fyrsta sætið einu sinni. Í gæðingaskeiði ákvarða fjórir dómarar á skeiðbrautinni ásamt dómara á 150 metra markinu röðunina. Ef hestar eru jafnir í öðru sæti en því fyrsta, deila þeir með sér sætinu. Hlutkesti ræður úthlutun verðlauna.

Íslensk sérregla: Verði knapar jafnir í einhverju öðru sæti en því fyrsta og það sæti skiptir máli í annarri keppni svo sem um Íslandsmeistaratil eða innanfélagstil skal nota sömu aðferð, þ.e. dómarar sýni sætaröðun byggða á einkunnum gefnum í úrslitum þar sem einungis má nota fyrsta sætið einu sinni.

8.4.10 Tónlist

Þegar knapi er einn á hringvellinum getur hann farið fram á að slökkt verði á tónlist.

Yfirdómari ákveður hljóðstyrk tónlistar.

8.5 Skeiðvallargreinar

8.5.1 Skeiðvöllur

Völlurinn skal vera beinn; 250 m langur, jafn, fastur og verður að vera a.m.k. tveggja metra breiður fyrir hvern hest. Halli á 100 metrum má ekki fara yfir 0,2%. Um það bil 8 m pláss fyrir start og um það bil 50 m niðurhægingarkafla. Girðing skal ná a.m.k. 10 m lengra en endamark. Báðar hliðar vallarins skulu vera afmarkaðar nákvæmlega á brún vallarins. Að auki skal á annarri hliðinni vera önnur girðing um það bil 5-10 m frá þeirri fyrri þar sem áhorfendur geta staðið á meðan á kappreiðum stendur. Með 50 m millibili skal vera merking sem gott er að sjá, án þess að hún trufli. Yfirdómari verður að samþykka völlinn.

Gæðingaskeiðvöllur skal vera beinn, 210 metra langur, jafn, fastur og vera að minnsta kosti 4 metra breiður. Skeiðvöll má nota fyrir gæðingaskeið með viðeigandi merkingum sem sjá má í FIPO bæklingi.

8.5.2 Takmarkanir

Pískar eru ekki leyfðir í 150m og 250m skeiði, en leyfður í 100 m skeiði og gæðingaskeiði.

8.5.3 Tímavarsla (handvirk)

Einungis sýnileg merki en ekki hljóðmerki eru gild í tímatöku. Taka skal tíma á hverjum knapa með þremur klukkum. Gildur tími er meðaltal þeirra tveggja klukkna sem næst eru hver annarri. Ef sama bil er á milli allra þriggja klukknanna er tekið meðaltal þeirra allra þriggja. Meðaltíminn er alltaf gefinn upp með tveimur aukastöfum, rúnnað af eftir venjulegum stærðfræðireglum. Hið sama gildur um einkunnir sem gefnar eru út frá tínum.

Einn dómarí á marklínú ber ábyrgð á tímavörðum. Hann ber ábyrgð á:

- Að vinnaðstaða tímavarða sé viðunandi, án hávaða og utanaðkomandi truflunar
- Að gefa skýr fyrirmæli um það hver eigi að taka tíma á hvaða hesti
- Að leyfa start þegar tímaverðir eru tilbúnir.

Dómarar á marklínú mega ekki vera tímaverðir.

Nota má rafræna tímatöku en einnig má taka tíma handvirkta. Allir tímar sem gerðir eru opinberir í sömu kappreiðum skal mæla með sama kerfi (þ.e. annað hvort handvirkta eða rafrænt). Sjá þó undantekningu í grein 8.3.5.

Til að gera tíma samanburðarhæfa á milli móta skal bæta 0.40 sekúndum við handvirkta tekna tíma áður en þeir eru gefnir upp og einkunnir reiknaðar út frá þeim.

Þegar rásbásar eru notaðir ásamt sjálfvirkri ræsivél skal hefja tímatöku þegar dyrnar byrja að opnast (sjálfvirkta tímatökukerfi skal vera tengt við opnunarkerfi rásbásanna).

8.5.4 Einkunnagjöf í kappreiðum

Í kappreiðum þar sem eru fleiri en einn sprettur skal gefin einkunn fyrir besta tímann. Einkunnirnar byggjast á skráðum tíma hestsins, sem byggjast á viðeigandi breytingu tíma í einkunn, með tveimur aukastöfum. Séu tímar jafnir er sætaröðun ákvörðuð út frá öðrum besta tíma hestsins og svo koll af kolli. Séu efstu hestar með alla tíma jafna skulu þeir hlaupa aukasprett og dómarar sýna lokaröðun. Fatist hesti á skeiði frá 50 metra marki, fram að marklínu er það hlaup ógilt og telur ekki til einkunnar.

8.6 Fimikeppni

8.6.1 Fimivöllur

Fimivöllur skal vera 20×40 m eða 20×60 m, og merktur með viðeigandi merkingum sem sýndar eru í FIPO bæklingi. Sé 20×60 m völlur notaður, eru merkin A, F, B, M, C, H, E og K einungis notaðir utan á vellinum. Mótshaldarar geta merkt miðju vegalengdarinnar á milli F-B, B-M, K-E og E-H með sérstöku merki, til dæmis punkti.

8.6.2 Dómarar

Þrír dómarar dæma, hver fyrir sig.

8.6.3 Fimikeppni í yngri flokkum

8.6.3.1 Fimikeppni A, börn og unglingar

Verkefni

Gangtegund: tölt eða brokk

Riðið inn á feti, á miðlinu, stans, heilsað.

Dæmt er: Fet, kyrrstaða heilsun, höfuðhneicing, vinstri hönd á taum, hægri hönd við síðu.

Riðið af stað á feti, beint áfram á hægri hönd (hálf umferð), við miðju skammhliðar, stans.

Dæmt er: Fet, stans.

Riðið af stað á feti. Við miðju langhliðar hægt tölt eða brokk.

Dæmt er: Hvernig riðið er af stað, gangskipting.

Við miðju skammhliðar riðið á hringnum (ein og hálf umferð og skipt á hringnum).

Dæmt er: Hvernig riðið er á hringnum og skipt á hringnum.

Við miðju skammhliðar allur völlurinn (hálf umferð).

Dæmt er: Tölt eða brokk, hægt á fet.

Við miðju skammhliðar fet. Við vendipunkt, slöngulína yfir allan völlinn (þrír bogar).

Dæmt er: Hvernig slöngulína er riðin, byrjun, endir.

Við miðju skammhliðar hægt tölt eða brokk. Skipt yfir allan völlinn.

Dæmt er: Gangskipting, reiðleið.

Þegar komið er á sporaslóð, hægra stökk, ein umferð.

Dæmt er: Stökk tekið á réttum stað. Stökkið.

Við miðju skammhliðar hægt tölt eða brokk. Skipt yfir allan völlinn.

Dæmt er: Hvernig hægt er á tölti eða brokki, reiðleið.

Þegar komið er á sporaslóð, vinstra stökk, ein og hálf umferð.

Dæmt er: Stökk tekið, stökkið, skipt á tölt eða brokk.

Við miðju skammhliðar hægt tölt eða brokk. Við miðju langhliðar fet. Riðið eftir miðju vallarins, á miðpunkti stans, kveðja.

Dæmt er: Gangskipting, fet, kveðja, höfuðhneicing, vinstri hönd á taum, hægri hönd við síðu.

Riðið af stað á feti, við slakan taum, beint áfram.

Dæmt er: Fet við slakan taum.

Í öllum atriðum er dæmt:

- A) Hreinn gangur
- B) Fjaðurmagn, fimi og nákvæm gangskipting
- C) Áseta, taumhald og stjórnun
- D) Reiðleiðir

Dæmd eru 12 atriði. Einkunn er gefin frá 0 - 10. Hæsta möguleg stigatala er 120 stig. Í samanlöggð stig er deilt með 12. Hæsta möguleg útkoma er þá 10 í einkunn.

Verkefnið er lesið upp fyrir keppanda. Ef knapi ríður vitlaust er yfirdómara heimilt að benda á rétta reiðleið. Ef lesari les vitlaust er keppanda heimilt að byrja aftur.

Keppandi velur annað hvort tölt eða brokk í keppni.

Keppnisvöllur: Gerði 20 x 40 m, merkt greinilega með 4 vendipunktum, 6 hringpunktum og HV-hálfur völlur. Hlið á annarri hvorri langhliðinni. Gerðinu skal lokað meðan keppni stendur yfir og áhorfendur mega ekki vera of nálægt. Dómarar og lesari mega ekki vera of nærrí.




Keppt er í tveimur flokkum á stærri mónum og Íslandsmóti.

Keppnin er heppileg fyrir 13 ára og yngri og 14 til 17 ára.

Fimm verðlaun eru veitt í hvorum flokki.

Fimikeppni A

..... Fet
 ———— Brokk eða tölt
 - - - - Stökk



8.6.3.2 Fimikeppni A2, Ungmenni

Verkefni

Gangtegund: tölt eða brokk

Riðið inn á feti á miðlinu, stans heilsað.

Riðið af stað tölt/brokk á hægri hönd.

Við A, fetgangur. Riðið á hringnum og skipt í gegnum hringinn. Þegar komið er á sporaslóð, tölt eða brokk.

Við M, fetgangur. Við C er riðinn volti. Við H, stans ca. 3 sek.

Riðið er af stað tölt/brokk. Við A framfótarsnúningur til hægri.

Riðið er af stað tölt/brokk. Við C framfótarsnúningur til vinstri.

Riðið af stað tölt/brokk.

Við A vinstra stökk, ein umferð.

Við A tölt/brokk, við F skipta yfir allan völlinn.

Við C hægra stökk, 1 og 1/4 úr umferð.

Við B tölt/brokk. Riðið á miðlinu, stans, kveðja.

Riðið út við slakan taum, beint áfram.

Í öllum atriðum er dæmt:

- A) Hreinn gangur
- B) Fjaðurmagn, fimi, nákvæm gangskipting
- C) Áseta, taumhald og stjórnun
- D) Reiðleiðir

Dæmd eru 12 atriði, einkunn gefin frá 0 - 10. Hæsta möguleg stigatala er 120 stig. Í samanlögð stig er deilt með 12. Hæsta möguleg útkoma er 10 í einkunn.

Önnur ákvæði eru eins og fyrir fimi A.

Almennt um fimikeppni

Dómarar:

Þrír dómarar dæma hver fyrir sig.

Stigagjöf:

Öll atriði eru dæmd með stigum frá 0 - 10.

Stigin þýða í orðum:

- 0,0 = Ekki sýnt
- 0,1 - 1,0 = Afspyrnu lélegt
- 1,1 - 2,0 = Afleitt.
- 2,1 - 3,0 = Lélegt
- 3,1 - 4,0 = Slæmt

- 4,1 - 5,0 = Meðal
- 5,1 - 6,0 = Nokkuð gott
- 6,1 - 7,0 = Gott
- 7,1 - 8,0 = Mjög gott
- 8,1 - 9,0 = Gallalítið
- 9,1 - 10,0 = Frábært

Frádráttur:




Frádráttur, ef keppandi sýnir ekki atriði, eða ef hann ríður ranga leið (nema það sé sök lesara).

1. skipti - mínus 2 stig
2. skipti - mínus 5 stig
3. skipti - mínus 10 stig
4. skipti - dæmdur úr leik

Fimikeppni A2, ungmenni

Dómarar við C

..... Fet
— Brokk eða tölt
- - - Stökk



8.6.3.3 Hindrunarstökk, börn og ungligar

Brautin skal riðin á stökki. Hindranir skulu vera 9, í þeim fjölbreytileika sem kveðið er á um síðar. Hæð hindrana skal vera 50 til 70 sentímetrar, t.d. fjórar 50 sm. háar, tvær 60 sm. háar og ein 70 sm. há.

Knapi skal hafa áspenntan reiðhjálm. Pískur er leyfður, hámarks lengd 75 sm.

Keppandi og hestur skulu fá einkunn fyrir hverja hindrun. Þær teljast í dómi frá byrjun og bilið milli hindrana skal dæmt með næsta stökki.

Síðasta hindrun er dæmd að endamarki. Þrír dómarar dæma og dæmir hver þeirra þrjár hindranir.

Bil milli hindrana: Eitt stökk milli hindrana er 5 metrar. Tvö stökk milli hindrana er 7,5 til 8 m.

Lengsta bil milli hindrana er þrjú stökk, þ.e. 10 m.

Völlur skal vera afmarkaður. Æskileg stærð hans er 50 x 100 metrar, en má vera 34 x 68 m. (t.d. inni í hringvelli). Uppröðun hindrana miðast við að hafa langar beinar línum og stóra boga. Völlur á ekki að líta út sem völundarhús. Innanhúss á völlurinn að vera hið minnsta 20 x 40 m.

Hindrani:

- Runni (greinar í rekkrverki)
- Kross (spírur í krossi)
- Tröppur (3 spíruhindranir mismunandi háar)
- Hliðgrind (spíruhindrun með runnum)
- Veggur (eins og steinveggur)
- Tröppur, sjá hindrun nr. 3
- Veggur, sjá hindrun nr. 5
- Runni, sjá hindrun nr. 1
- Hliðgrind, sjá hindrun nr. 4

Dæmt er samræmi og heildarmynd:

- Áseta
- Stökk í brautinni
- Hvernig riðið er að hindrun
- Uppstökk
- Svif
- Lending

Riðnar eru 2 umferðir, engin úrslit. Sá keppandi og hestur, sem hlýtur flest stig samanlagt úr báðum umferðum er sigurvegari.

Einkunn:

Gefin eru 0 til 10 stig.

Mjög gott: Hestur fer á réttu stökki að hindrun og stekkur vel yfir. Áseta góð.

Gott: Hestur snertir hindrun, stökk hestsins og áseta knapa ábótavant.

Sæmilegt: Aðdragandi að stökki er ábótavant. Hestur hikar en fer yfir, er hikandi á leið að hindrun.

Lélegt : Hestur hleypur sitt á hvað, skiptir um gang, áberandi hraðabreytingar.

Slæmt : Hesturinn kemur ekki á stökki, fer yfir hindrun.

Afleitt : Hestur fer yfir í 3. tilraun, aðdragandi að stökki er ábótavant.

Hæsti mögulegi stigafjöldi er 60 stig.

Frá stigafjölda dragast:

4 stig: Ef hestur fellir hindrun

3 stig: Ef tilraun misheppnast í fyrsta sinn

6 stig: Ef tilraun misheppnast í annað sinn

8 stig: Ef hesturinn dettur.

Knapi dæmdur úr leik:

- Ef riðið er vitlaust yfir hindranir án leiðréttинга
- Ef tilraun misheppnast í þriðja sinn
- Ef knapi dettur af baki

Þetta á við um hverja hindrun.

Verðlaun: Veita skal 5 verðlaun í hvorum flokki, barna og unglings.

8.6.3.4 Hindrunarstökk, ungmenni og opinn flokkur

Forképpni

Völlurinn skal vera 20 x 40 metrar.

Hindranir eiga að vera 9 og vera 60, 80, 90 og 100 sentímetra háar.

Fyrirfram er gefinn upp viðmiðunartími:

0,25 sek. + tíma verði bætt við, fyrir hverja umfram sek.

4,00 sek. + tíma verði bætt við, fyrir hverja hindrun.

3,00 sek. + tíma verði bætt við, fyrir hverja misheppnaða tilraun.

3,00 sek. + tíma verði bætt við, ef knapi dettur af baki.

Knapi er dæmdur úr leik, eftir þrjár misheppnaðar tilraunir.

Úrslit

Fimm bestu, eða allir sem löglega hafa lokið forkeppni, fara í úrslit.

Sömu útreikningar gilda.

8.7 Keppnisgreinar

8.7.1 T1 – Töltkeppni

Þessi keppnisgrein fer fram á hringvelli

8.7.1.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari töltgrein má ekki taka þátt í annarri töltgrein á sama móti.

Íslensk sérregla: Keppnirséttur á tölti á Landsmótum vinnst eingöngu í keppni í T1.

8.7.1.2 Forkeppni

Einn keppir í einu.

Verkefni:

1. Keppni hefst á miðri skammhlið, riðinn er einn hringur á hægu tölti upp á hvora hönd sem er. Hægt niður á fet á miðri skammhlið og skipt um hönd.
2. Riðið er af stað á miðri skammhlið á hægu tölti og riðinn einn hringur með greinilegum hraðabreytingum á langhliðum.
3. Frá miðri skammhlið er riðinn einn hringur á yfirferðartölti.

8.7.1.3 Úrslit

Úrslitaknapar ríða saman samkvæmt fyrirmælum þular. Þeir ríða sama verkefni og framkvæmt er í forkeppni en upp á báðar hendur.

Komi til atkvæðagreiðslu um hönd sem knapar ríða fyrst upp á og atkvæði falla jafnt vegur atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt.

Í úrslitum T1 skal gefa einnar mínútu hlé þegar skipt er um hönd í hraðabreytingum og tveggja mínútu hlé þegar skipt er um hönd á yfirferð. Þulur skal tilkynna knöpum þetta og biðja þá að láta hesta sína feta afslappað þennan tíma.

8.7.2 T2 – Töltkeppni

Þessi keppnisgrein fer fram á hringvelli.

8.7.2.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari töltgrein má ekki taka þátt í annarri töltgrein á sama móti.

8.7.2.2 Forkeppni

Einn knapi er inni á vellinum í einu.

Verkefni:

1. Tölt á frjálsri ferð, einn hringur
2. Hægt tölt, jafn og rólegur hraði, 1 hringur. Ekki er gerð sama krafa um hraða og í T1. Hægt er niður á fet og skipt um hönd.
3. Hægt tölt upp í milliferð 1 hringur, þar sem báðir taumar eru teknir í aðra hönd og greinilega sýnt að taumsamband við munn hestins sé ekki til staðar.

Einkunnir fyrir þriðja lið verkefnisins eru tvöfaldaðar.

8.7.2.3 Úrslit

Úrslitaknapar ríða saman samkvæmt fyrirmælum þular. Þeir ríða sama verkefni og framkvæmt er í forkeppni eins og lýst er í 8.7.2.2.

Komi til atkvæðagreiðslu um hönd sem knapar ríða upp á og falli atkvæði jafnt gildir atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt. Falli atkvæðin samt sem áður jafnt skal yfirdómari varpa hlutkesti um upp á á hvora hönd úrslitin skulu riðin.

8.7.3 T3 - Tölt

8.7.3.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari töltgrein má ekki taka þátt öðrum töltgreinum á sama móti.

8.7.3.2 Forkeppni

Tveir eða fleiri knapar eru á hringvellinum í einu í þessari keppnisgrein. Hestarnir sýna þrjú verkefni eftir fyrirmælum þular eins og lýst er í 5.4.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í ráslista

Verkefni:

1. Hægt tölt.
Hægt niður á fet og skipt um hönd.
2. Hægt tölt, greinilegur hraðamunur á langhliðum, hægt tölt á skammhliðum.
3. Yfirferðartölt.

8.7.3.3 Úrslit

Komi til atkvæðagreiðslu um hönd sem knapar ríða upp á og falli atkvæði jafnt gildir atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt. Falli atkvæðin samt sem áður jafnt skal yfirdómari varpa hlutkesti um upp á á hvora hönd úrslitin skulu riðin

Verkefni:

Sjá lýsingu á verkefnum forkeppni, hvert verkefni upp á aðra höndina.

8.7.4 T4 Töltkeppni

Þessi keppnisgrein fer fram á hringvelli

8.7.4.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari töltgrein má ekki taka þátt í annarri töltgrein á sama móti.

8.7.4.2 Forkeppni

Þrí knapar eru á vellinum í einu og ríða eftir fyrirmælum þular.

Verkefni:

1. Tölt á frjálsri ferð.
2. Hægt tölt, jafn og rólegur hraði. Ekki er gerð sama krafa um hraða og í T1.
Hægt er niður á fet og skipt um hönd.
3. Hægt tölt upp í milliferð, þar sem báðir taumar eru teknir í aðra hönd og greinilega sýnt að taumsamband við munn hestsins sé ekki til staðar.

Einkunnir fyrir þriðja lið verkefnisins eru tvöfaldaðar.

8.7.4.3 Úrslit

Úrslitaknapar ríða saman samkvæmt fyrirmælum þular. Þeir ríða sama verkefni og framkvæmt er í forkeppni eins og lýst er í 8.2.2.

Komi til atkvæðagreiðslu um hönd sem knapar ríða upp á og falli atkvæði jafnt gildir atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt. . Falli atkvæðin samt sem áður jafnt skal yfirdómari varpa hlutkesti um upp á á hvora hönd úrslitin skulu riðin

8.7.5 T5 – Tolt

8.7.5.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari töltgrein má ekki taka þátt öðrum töltgreinum á sama móti.

8.7.5.2 Forkeppni

Í þessari grein eru 2 eða fleiri knapar á hringvellinum í einu. Atriði eru sýnd samkvæmt fyrirmælum þular eins og lýst er í 5.4.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í rásröð.

Verkefni:

1. Hægt tölt – hægt niður á fet og skipt um hönd.
2. Hraðabreytingar, aukinn hraði á langhliðum, hægt tölt á skammhliðum.

8.7.5.3 Úrslit

Komi til atkvæðagreiðslu um hönd sem knapar ríða upp á og falli atkvæði jafnt gildir atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt.

Verkefni: Sjá forkeppni

8.7.6 T6 – Tolt

8.7.6.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari töltgrein má ekki taka þátt öðrum töltgreinum á sama móti.

8.7.6.2 Forkeppni

Í þessari grein eru 2 eða fleiri knapar á hringvellinum í einu. Atriði eru sýnd samkvæmt fyrirmælum þular eins og lýst er í 5.4.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í rásröð

Verkefni:

1. Tolt, hægt og allt að milliferð.
2. Tolt, hægt og allt að milliferð, á langhliðum er taumur tekinn í aðra hönd og greinilega sýnt að taumsamband við munn hestins sé ekki til staðar.

8.7.6.3 Úrslit

Komi til atkvæðagreiðslu um hönd sem knapar ríða upp á og falli atkvæði jafnt gildir atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt. . Falli atkvæðin samt sem áður jafnt skal yfirdómari varpa hlutkesti um upp á á hvora hönd úrslitin skulu riðin.

Verkefni: Sjá forkeppni

8.7.7 T7 – Tölt

8.7.7.1 Leyfilegir hestar

Íslensk sérregla: Knapar sem taka þátt í þessari grein mega ekki taka þátt í T1 né T3 á sama móti.

Par sem tekur þátt í þessari töltgrein má ekki taka þátt í annarri töltgrein á sama móti.

8.7.7.2 Forkeppni

Í þessari grein eru 2 eða fleiri knapar á hringvellinum í einu. Atriði eru sýnd samkvæmt fyrirmælum þular eins og lýst er í 5.4.2. Þeir hefja keppti upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í rásröð.

Verkefni:

1. Hægt tölt – hægt niður á fet og skipt um hönd.
2. Frjáls ferð á tölti

8.7.7.3 Úrslit

Komi til atkvæðagreiðslu um hönd sem knapar ríða upp á og falli atkvæði jafnt gildir atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt. . Falli atkvæðin samt sem áður jafnt skal yfirdómari varpa hlutkesti um upp á á hvora hönd úrslitin skulu riðin

Verkefni: Sjá forkeppni.

8.7.8 T8 – Tölt

8.7.8.1 Leyfilegir hestar

Íslensk sérregla: Knapar sem taka þátt í þessari grein mega ekki taka þátt í T1 né T3 á sama móti.

Par sem tekur þátt í þessari töltgrein má ekki taka þátt öðrum töltgreinum á sama móti.

8.7.8.2 Forkeppni

Í þessari grein eru 2 eða fleiri knapar á hringvellinum í einu. Atriði eru sýnd samkvæmt fyrirmælum þular eins og lýst er í 5.4.2. Þeir hefja keppti upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í rásröð.

Verkefni:

1. Frjáls ferð á tölti – hægt niður á fet og skipt um hönd.
2. Frjáls ferð á tölti

8.7.8.3 Úrslit

Verkefni: sjá forkeppni

8.7.9 V1 – Fjórgangur

Þessi keppnisgrein fer fram á hringvelli.

8.7.9.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt í öðrum fjór- eða fimmgangsgreinum á sama móti.

8.7.9.2 Forkeppni

Einn keppir í einu. Sýna má greinina upp á hvora hönd sem er.

Knapar hafa fjóra og hálfan hring til umráða til að sýna eftifarandi gangtegundir í þeirri röð sem þeir sjálfir kjósa:

1. Hægt tölt
2. Hægt- til milliferðar brokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðarstökk
5. Yfirferðartölt

Einungis má sýna hverja gangtegund einu sinni, fet skal sýna hálfan hring og aðrar gangtegundir heilan hring.

8.7.9.3 Úrslit

Gangtegundirnar eru sýndar samkvæmt fyrirmælum þular eins og lýst er í 8.3.2. Knapar koma sér saman um upp á hvora höndina þeir ríða Komi til atkvæðagreiðslu og falli atkvæði jafnt gildir atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt. . Falli atkvæðin samt sem áður jafnt skal yfirdómari varpa hlutkesti um upp á á hvora hönd úrslitin skulu riðin

Röð gangtegunda þessi:

1. Hægt tölt
2. Hægt- til milliferðar brokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðarstökk
5. Yfirferðartölt

8.7.10 V2 - fjórgangur

8.7.10.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt öðrum fjór- eða fimmgangsgreinum á sama móti.

8.7.10.2 Forkeppni:

Tveir eða fleiri knapar eru á hringvellinum í einu. Hestarnir sýna fjórar gangtegundir eftir fyrirmælum þular eins og lýst er 5.4.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í ráslista

Verkefni:

1. Hægt tölt
2. Hægt- til milliferðar brokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðarstökk
5. Yfirferðartölt

8.7.10.3 Úrslit

Hestarnir sýna fjórar gangtegundir eftir fyrirmælum þular. Þeir koma sér saman um upp á hvora hönd riðið. Komi til atkvæðagreiðslu og falli atkvæði jafnt gildir atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt. . Falli atkvæðin samt sem áður jafnt skal yfirdómari varpa hlutkesti um upp á á hvora hönd úrslitin skulu riðin

8.7.11 V3 – fjórgangur

8.7.11.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt fjór eða fimmgangsgreinum á sama móti.

8.7.11.2 Forkeppni

Tveir eða fleiri knapar eru á hringvellinum í einu. Hestarnir sýna fjórar gangtegundir eftir fyrirmælum þular eins og lýst er 5.4.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í ráslista Verkefni:

1. Hægt tölt
2. Hægt- til milliferðar brokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðarstökk
5. Milliferðar til yfirferðartölt

8.7.11.3 Úrslit

Hestarnir sýna fjórar gangtegundir eftir fyrirmælum þular. Þeir koma sér saman um upp á hvora hönd riðið. Komi til atkvæðagreiðslu og falli atkvæði jafnt gildir atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt. . Falli atkvæðin samt sem áður jafnt skal yfirdómari varpa hlutkesti um upp á á hvora hönd úrslitin skulu riðin

8.7.12 V4 – fjórgangur

8.7.12.1 Leyfilegir hestar

Íslensk sérregla: Knapar sem taka þátt í þessari grein mega ekki taka þátt öðrum fjórgangsgreinum á sama móti.

Par sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt í öðrum fjór eða fimmgangsgreinum á sama móti.

8.7.12.2 Forkeppni

Tveir eða fleiri knapar eru á hringvellinum í einu. Hestarnir sýna fjórar gangtegundir eftir fyrirmælum þular eins og lýst er 5.4.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í ráslista Verkefni:

1. Meðalfet
2. Frjáls ferð á tölti
Gangskipting fet/tölt og tölt/fet, sýnt einn í einu samkvæmt fyrirmælum þular.
Hægt niður á fet og skipt um hönd.

3. Brokk, hægt til milliferð
 4. Stökk, hægt til milliferð.
- Skipting á stökk og niðurhægingu af stökki sýna knapar einn og einn í einu samkvæmt fyrirmælum þular.

8.7.12.3 Úrslit

Riðið er sama verkefni og í forkeppni eftir stjórn þular. Þeir riða upp þá hönd sem samkomulag hefur orðið um. Komi til atkvæðagreiðslu og falli atkvæði jafnt gildir atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt. . Falli atkvæðin samt sem áður jafnt skal yfirdómari varpa hlutkesti um upp á á hvora hönd úrslitin skulu riðin

8.7.12.4 Almennar athugasemdir

Þessi grein er hugsuð til að dæma reiðstíl og ásetu knapa frekar en gangtegundir hestins. Einnig skiptir máli samband manns og hests, nákvæmni við framkvæmd sýningar og hlýðni hests.

Knapi: Góð áseta, mjúk og næm taumtök, næstum ósýnilegar bendingar. Nákvæm og látaus framkvæmd æfinga, tillitssemi við aðra keppendur.

Hesturinn skal vera áhugasamur og yfirvegaður á öllum gangtegundum. Góðar hreyfingar, hlýðinn í öllum æfingum. Minni háttar taktgallar hafa einungis lítilháttar áhrif á einkunn svo lengi sem bendingar knapa eru réttar. Hæð fótaburðar hefur ekki áhrif á einkunnagjöf.

8.7.13 V5 – Fjórgangur

Íslensk sérregla: Knapar sem taka þátt í þessari grein mega ekki taka þátt öðrum fjórgangsgreinum á sama móti.

Par sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt í öðrum fjór eða fimmgangsgreinum á sama móti.

8.7.13.1 Forkeppni:

Tveir eða fleiri knapar eru á hringvellinum í einu. Hestarnir sýna fjórar gangtegundir eftir fyrirmælum þular eins og lýst er 5.4.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í ráslista Verkefni:

1. Frjáls ferð á tölti
2. Hægt til milliferðar brokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðar stökk

8.7.13.2 Úrslit

Hestarnir sýna fjórar gangtegundir eftir fyrirmælum þular. Þeir koma sér saman um upp á hvora hönd riðið. Komi til atkvæðagreiðslu og falli atkvæði jafnt gildir atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt. Falli atkvæðin samt sem áður jafnt skal yfirdómari varpa hlutkesti um upp á á hvora hönd úrslitin skulu riðin Gangtegundir eru sýndar í sömu röð og í forkeppni.

8.7.14 V6 - Fjórgangur

Íslensk sérregla: Hestar og eða knapar sem taka þátt í þessari grein mega ekki taka þátt öðrum fjórgangsgreinum á sama móti.

Par sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt í öðrum fjór eða fimmgangsgreinum á sama móti.

8.7.14.1 Forkeppni

Tveir eða fleiri knapar eru á hringvellinum í einu. Hestarnir sýna fjórar gangtegundir eftir fyrirmælum þular eins og lýst er 5.4.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í ráslista.

Verkefni:

1. Frjáls ferð á tölti
2. Hægt til milliferðar brokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðar stökk. Skipting á stökk og niðurhæging er sýnt af einum knapa í einu eftir fyrirmælum þular.

8.7.14.2 Úrslit

Hestarnir sýna fjórar gangtegundir eftir fyrirmælum þular. Þeir koma sér saman um upp á hvora hönd riðið Komi til atkvæðagreiðslu og falli atkvæði jafnt gildir atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt. . Falli atkvæðin samt sem áður jafnt skal yfirdómari varpa hlutkesti um upp á á hvora hönd úrslitin skulu riðin Gangtegundir eru sýndar í sömu röð og í forkeppni.

8.7.15 F1 – Fimmgangur

8.7.15.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt í öðrum fjór- eða fimmgangsgreinum á sama móti.

8.7.15.2 Forkeppni

Einn keppir í einu. Sýna má greinina upp á hvora hönd sem er.

Knapinn hefur fjóran og hálfan hring til umráða til að sýna eftirfarandi gangtegundir í þeirri röð sem þeir sjálfir kjósa:

1. Hægt til milliferðar tölt
2. Hægt til milliferðar brokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðar stökk
5. Skeið

Einungis má sýna hverja gangtegund einu sinni, fet skal sýna hálfan hring og aðrar gangtegundir heilan hring.

Skeið skal einungis sýnt á langliðum.

Einkunnir fyrir tölt og skeið eru tvöfaldaðar.

8.7.15.3 Úrslit

Hestarnir sýna fimm gangtegundir samkvæmt fyrirmælum þular. Knapar koma sér saman um upp á hvora höndina þeir ríða. Komi til atkvæðagreiðslu og falli atkvæði jafnt gildir atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt. Falli atkvæðin samt sem áður jafnt skal yfirdómari varpa hlutkesti um upp á hvora hönd úrslitin skulu riðin.

Röð gangtegunda er þessi:

1. Hægt til milliferðar tölt
2. Hægt til milliferðar brokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðar stökk
5. Skeið

Sýna má skeið þrisvar á langhlið. Knapar velja langhlið til að sýna skeið á með kosningu. Falli atkvæði jafnt vegur atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt. Einkunnir fyrir tölt og skeið eru tvöfaltaðar.

8.7.16 F2 - fimmgangur

8.7.16.1 Leyfileg hross

Par sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt öðrum fjór- eða fimmgangsgreinum á sama móti.

8.7.16.2 Forkeppni

Tveir eða fleiri knapar eru á hringvellinum í einu. Sýndar eru fimm gangtegundir eftir fyrirmælum þular eins og lýst er 5.4.2. Knapar hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í ráslista.

Verkefni:

1. Hægt til milliferðar tölt
2. Hægt til milliferðar brokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðar stökk
5. Skeið

Sýna má skeið þrisvar á einni langhlið. Meirihluti knapa velur þá langhlið sem skeið skal sýnt á. Geti þeir ekki komið sér saman um langhlið ákveður þulur á hvaða langhlið skeiðið skal sýnt. Einkunnir fyrir tölt og skeið vega tvöfalt.

8.7.16.3 Úrslit

Hestarnir sýna fimm gangtegundir eftir fyrirmælum þular. Þeir ríða upp á þá hönd sem meirihluti knapa vill. Komi til atkvæðagreiðslu og falli atkvæði jafnt gildir atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt. Falli atkvæðin samt sem áður jafnt skal yfirdómari varpa hlutkesti um upp á á hvora hönd úrslitin skulu riðin. Röð gangtegunda er þannig:

1. Hægt til milliferðar tölt
2. Hægt til milliferðar brokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðar stökk
5. Skeið

Skeið er sýnt þrisvar á langhlið. Meirihluti keppenda velur á hvaða langhlið, falli atkvæði jafnt vegur atkvæði efsta knapa eftir forkeppni tvöfalt. Falli atkvæðin samt sem áður jafnt skal yfirdómari varpa hlutkesti um upp á á hvorri langhliðinni skeiðið skuli riðið.

8.7.17 P1 – Skeiðkappreiðar 250 m

Þessi grein fer fram á skeiðvelli í tveimur eða fleiri riðlum.

Íslensk sérregla: Á Lands- og fjórðungsmótum er það hesturinn sem vinnur sér þátttökurétt en ekki parið.

8.7.17.1 Rásbásar

Þegar rásbásar eru notaðir skulu þeir uppfylla kröfur settar og gefnar út af sportnefnd FEIF. Kröfurnar fela í sér skilgreiningar á ráslínu og hvernig tímatökubúnaður er tengdur rásbásum.

Lýsing rásbásar: Ákjósanleg breidd: 95cm, ákjósanleg lengd á milli hurða 210cm og ákjósanleg hæð veggja 250cm. Rásbásar skulu vera öruggir fyrir hesta, knapa og aðstoðarmenn, bæði hvað varðar hönnun og efnisnotkun.

8.7.17.2 Hætt við þátttöku í spretti

Vilji knapi hætta við þátttöku í spretti, skal hann tilkynna það til stjórnstöðvar áður en viðkomandi sprettur hefst.

Eftir það er einungis heimilt að draga hest til baka úr riðli hafi hann verið dæmdur óhæfur til kepnni af dýralækni. Að öðrum kosti er hesturinn dæmdur úr leik úr viðkomandi keppnisgrein.

8.7.17.3 Ræsing án rásbása

Allt að fjórir hestar mæta til ræsingar. Knapi með besta tímann getur ákveðið, áður en riðill hans er kallaður fram, hvar af marklínú hann vill ræsast. Eftir að riðill hefur verið kallaður fram eru engar breytingar leyfðar. Knapar eru auðkenndir með mismunandi litum. Hver knapi má hafa two aðstoðarmenn. Aðstoðarmenn skulu bera viðurkennda hjálma. Pískar eru ekki leyfðir. Hafi ræsing ekki tekist eftir 10 mínútur skal hesturinn sem veldur töfinni færa sig nokkur skref til baka. Hafi ræsing ekki tekist 5 mínútum síðar vegna sama hests skal sá hestur útilokaður frá því hlaupi.

Dómarinn á marklínú gefur til kynna hvenær hlaup getur hafist. Hann skal ganga fram fyrir marklínú og lyfta flaggi þannig að eftirlitsmenn og tímaverðir séu tilbúnir. Við merki ræsis, ríða knapar að 50 metra markinu á gangtegund að eigin vali. Þaðan og til loka hlaups skal hesturinn vera á skeiði.

Ýmist eru tveir eða fjórir sprettir samtals en aldrei fleiri en tveir sprettir á dag.

8.7.17.4 Ræsing með rásbásum eða sjálfvirkri ræsingarvél

Þegar rásbásar eða sjálfvirk ræsingarvél er notuð fá knapar 2 mínútur til að koma hestum sínum inn í rásbásana. Innan 30 sekúndna eftir að síðasti hestur er kominn inn í sinn rásbás skal ræsa. Hafi knapa ekki tekist þetta innan þessara tímamarka er hann dæmdur úr viðkomandi hlaupi.

Aðstoðarmenn verða að standa með að minnsta kosti annan fótinn á jörðu, án undantekninga. Fari aðstoðarmenn ekki að reglum er knapi dæmdur úr leik.

Einn aukadómari er staðsettur fyrir aftan ráslínu til að leiðbeina og fylgjast með framkvæmd ræsingar.

8.7.17.5 Rásröð

Fyrir kappreiðar er dregið í riðla af handahófi. Í öðrum til fjórða spretti er hestum raðað í riðla eftir tímum í sprettunum á undan þannig að hestar með nálæga tíma hlaupa saman. Þetta þýðir að hestarnir með slökstu tímana eru í fyrsta riðlinum, hestarnir með næstslökstu tímana og svo koll af kolli. Ef ekki er hægt að hafa alla riðlana jafnstóra eru settir færri hestar í fyrsta riðlinn þar sem hestarnir með slökstu tímana hlaupa, ef nauðsyn krefur jafnvel einn. Ef nokkrir hestar eru án tíma er röð þeirra dregin af handahófi.

Knapar riðils geta ákveðið raða hestunum á ráslínu eftir rásröð. Á ráslínu skal hesturinn standa kyrr, beinn og stilltur í átt að endamarki. Knapi getur farið fram á að fá að snúa hesti sínum öðruvísi (t.d. á ská) en þarf til þess að fá leyfi frá ræsi og upplýsa hina knapana um það. Hafi hestur verið truflaður eða hindraður í ræsingu og geti ekki hafið hlaup af þeim ástæðum getur ræsir leyft honum að hlaupa einum. Þetta telst ekki vera röng ræsing. Um leið og allir hestarnir standa kyrrir og snúa í átt að endamarki má framkvæma ræsingu. Ræsir skal standa á einhvers konar upphækkun u.p.b. 3 metra utan við völlinn og einn til two metra framan við knapana. Hann gefur sýnilegt merki (helst tvílitt flagg) sem og hljóðmerki.

Þýðing merkjanna er eftirfarandi:

Flaggi lyft: takið eftir, ræsing getur orðið hvenær sem er

Flagg sett niður: Fram!

8.7.17.6 Dómarar

Í þessari keppnisgrein þarf þrjá dómara og sex vana hlaupagæslumenn að auki.

- Einn dómari stendur á ráslínu.
- Tveir dómarar, eða einn dómari og einn hlaupagæslumaður standa á 50 m markinu, sitt hvoru megin vallar.
- Fjórði dómarinn eða hlaupagæslumaður stendur á milli 50 m og 100 m marklína.
- Fimmti dómarinn eða hlaupagæslumaður stendur á milli 100 m og 150 m marklínu.
- Sjötti dómarinn eða hlaupagæslumaður stendur á milli 150 m og 200 m marklínu.
- Sjöundi dómarinn eða hlaupagæslumaður stendur á milli 200 m og 250 m marklínu .
- Tveir dómarar, eða einn dómari og einn hlaupagæslumaður standa á endamarki, sitt hvoru megin vallar.

Þegar rásbásar eru notaðir þarf einn dómara eða hlaupagæslumann sem leiðbeinir um framkvæmd ræsingar fyrir aftan ráslínu. Dómarar hafa lituð flögg í sama lit og knapar. Sé hestur dæmdur uppi af skeiðinu er sýnt flagg í viðeigandi lit, sé hlaupið dæmt gilt er hvítt flagg sýnt.

8.7.17.7 Knapar

Unnt þarf að vera að þekkja knapa auðveldlega í sundur.

Virk fóthvatning er leyfð í kappreiðunum. Allar hvatningar sem truflað geta aðra þáttakendur í sprettinum eru bannaðar. Trufli knapi annan eða aðra knapa í spretti, telst tími hans ekki gildur. Hestar í næsta riðli skulu standa a.m.k. 30 metrum fyrir aftan marklínu.

Yfirdómari getur leyft hesti sem orðið hefur fyrir truflun að hlaupa aftur einum, sé farið fram á slíkt.

8.7.17.8 Met

Til að fá mettíma samþykktan af FEIF þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Völlurinn þarf að uppfylla öll skilyrði sem nefnd eru hér í reglunum.
- Vindur í hlaupaátt, við brautina má ekki fara yfir 5 metra á sekúndu á meðan á hlaupi stendur.
- Knapinn verður að hafa farið að öllum kappreiðareglum.
- Mettíminn þarf að staðfestast skriflega af yfirdómara og mótshaldara.
- Lands- og heimsmet fást eingöngu staðfest, hafi tími verið tekinn á viðurkenndan rafrænan búnað.

8.7.17.9 Einkunnir

Einkunnir fyrir alla tíma er reiknaðar með eftirfarandi jöfnu: $(32.50 - t) / 1.25$
þar sem $t =$ tími fljótasta spretts með viðeigandi mörgum aukastöfum

Einkunnir geta ekki orðið hærri en 10.00 eða lægri en 0.00.

Afrúnnun einkunna er gerð í samræmi við reglur sem lýst er í FIPO.

8.7.18 P3 – Skeiðkappreiðar 150 m

Þessi grein er framkvæmd á sama hátt og P1 – 250 m skeiðkappreiðar.

8.7.18.1 Einkunnir

Einkunnir fyrir tíma eru reiknaðar með eftirfarandi jöfnu: $22.00 - t$
þar sem $t =$ besti tími með viðeigandi mörgum aukastöfum


Einkunnir geta ekki verið hærri en 10,00 eða lægri en 0.00.

Afrúnnun einkunna er framkvæmd eftir reglum lýst í FIPO 6.3.

8.7.19 PP1 – Gæðingaskeið

8.7.19.1 Völlur

Þessi grein fer fram á velli sem uppfyllir skilyrði fyrir gæðingaskeið. Vinsamlegast skoðið teikningar.



8.7.19.2 Rásröð

Rásröð er dregin af handahófi fyrir fyrri sprett. Rásröð er sú sama í fyrri og seinni spretti.

8.7.19.3 Ræsing

Um leið og rásflaggi er lyft, skal hestur fara af stað á feti, brokki eða tölti. Á milli upphafslínu og 25 metra línu í upphafi trextar skal sett upp á stökk af hvaða gangtegund sem er. Á milli 25 m línu og 50 m ráslínu (byrjun tímatökukafa) skal tekið niður á skeið. Þegar farið er yfir 50 m ráslínuna hefst tímataka við sýnilegt merki. Á milli 150 m marklínu (endir tímatökukafa) og 200 m endalínu þ.e. á niðurhægingarkafla skal hesturinn hægður niður á tölt, brokk eða fet. Til að fá háar einkunnir þarf hesturinn að vera kominn niður á fet fyrir 200 m endalínu.

Við upphaf vallarins (að 25 metra marklínunni) skal vera greinilega mörkuð trekt eins og sjá má á teikningu.

Meðaltal einkunna tveggja spretta ræður lokaröðun. Séu fleiri en einn með jafnar einkunnir í fyrsta sæti ráða einkunnir dómara sætaröðun (þ.e. ekki tími) (þetta á ekki bara við um efsta sæti heldur skal knöpum neðar einnig raðað eftir þessari reglu). Séu einkunnir jafnar er riðinn einn aukasprettur og eftir að dómarar hafa fengið að vita tíma hestanna skulu þeir sýna röðun þar sem einungis má sýna fyrsta sætið einu sinni.

8.7.19.4 Dómarar

Sex dómarar þarf til að dæma gæðingaskeið, þeir dæma með opnum spjaldadóum frá 0-10 í heilum og hálfum tölum. Sé tímataka rafræn nægja fimm dómarar, þá fellur ræsir út.

Fyrsti dómarar dæmir stökkskiptingu og niðurtöku á skeið.

Annar dómarar dæmir skeið á milli 50 m og 100 m marklínu.

Þriðji dómari dæmir skeið á milli 100 m og 150 m marklínu.

Fjórði dómari dæmis niðurhægingu frá 150 m marklínu til enda brautar við 200 m marklínu. Fjórði dómari skal eigi sýna einkunn fyrr en tími hefur verið gefinn upp.

Ræsir (sem skal vera dómari) stendur á 50 m marklínu og gefur merki til þriggja tímavarða sem eru staðsettir á 150 m lokalínu þegar hestur kemur inn á tímatökukafla á 50 m marklínu. Ræsir gefur einnig til merki með rauðu flaggi sé hesturinn ekki á skeiði á 50 m marklínu.

Á 150 m marklínu er staðsettur einn dómari sem gefur merki með rauðu flaggi hafi hestur ekki verið á skeiði þegar hann fór yfir 150 m marklínuna.

Dómarar skulu staðsetja sig þannig að þeir hafi besta mögulega yfirsýn yfir sitt dómsvæði. Þegar hesturinn hefur farið í gegnum viðkomandi kafla, sýna dómarar eitt til þrjú einkunnir sínar. Ef hestur stekkur upp af skeiði á tímatökukaflanum sýnir viðkomandi dómari(dómarar) rautt flagg og skal þá ekki gefa einkunn fyrir tíma.

Hæst er hægt að fá 40 stig fyrir stíl og að hámarki 20 stig fyrir tíma í samræmi við einkunnatöflur. Deilt er í lokasummu með 6.

8.7.19.5 Dæmt úr keppni

Ef hestur fær 0 frá öðrum eða þriðja dómara og/eða rautt flagg frá ræsi eða dómara á endamarki er ekki gefin einkunn fyrir tíma.

Eftir að keppandi hefur verið kallaður upp og hefur hafið aðreið að rásmarki er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik.

8.7.19.6 Einkunnatafla

Sek.	Einkunn	9,4	13,0	10,9	5,5
< 8,0	20,0	9,5	12,5	11,0	5,0
8,1	19,5	9,6	12,0	11,1	4,5
8,2	19,0	9,7	11,5	11,2	4,0
8,3	18,5	9,8	11,0	11,3	3,5
8,4	18,0	9,9	10,5	11,4	3,0
8,5	17,5	10,0	10,0	11,5	2,5
8,6	17,0	10,1	9,5	11,6	2,0
8,7	16,5	10,2	9,0	11,7	1,5
8,8	16,0	10,3	8,5	11,8	1,0
8,9	15,5	10,4	8,0	11,9	0,5
9,0	15,0	10,5	7,5	12,0	eða hægar
9,1	14,5	10,6	7,0	0,0	
9,2	14,0	10,7	6,5		
9,3	13,5	10,8	6,0		

8.7.20 PP2 – Gæðingaskeið

8.7.20.1 Völlur

essi grein fer fram á velli sem uppfyllir skilyrði fyrir gæðingaskeið. Vinsamlegast skoðið teikningar... Vísað er til mynda sem fylgja. Hvert par skal taka þátt í að minnsta kosti tveimur og í mesta lagi þremur sprettum (hinn þriðji er frjáls), þó eru einungis tveir bestu reiknaðir til einkunnar.

8.7.20.2 Rásröð

Fyrir fyrstu umferð er röð keppenda dregin. Rásröð er síðan hin sama í öðrum og þriðja spretti.

8.7.20.3 Ræsing

Um leið og rásflaggi er lyft fer hesturinn af stað á gangtegund að eigin vali. Á milli ráslínu og 50 metra marksins (upphaf tímatöku) skal lagt á skeið. Þegar farið er yfir 50m markið hefst tímataka með sýnilegu merki. Eftir 150 markið (lok tímatöku) og fyrir lok 200 m skal hesturinn hafa hægt niður á tölt, brokk eða fet.

Meðaltal einkunna úr tveimur sprettum ákveður úrslit. Séu tveir efstir og jafnir ræður besti tími úrslitum. Meðaltal einkunna tveggja spretta ræður lokaröðun. Séu fleiri en einn með jafnar einkunnir í fyrsta sæti ráða einkunnir dómarar sætaröðun (þ.e. ekki tími) (þetta á ekki bara við um efsta sæti heldur skal knöpum neðar einnig raðað eftir þessari reglu). Séu einkunnir jafnar er riðinn einn aukasprettur og eftir að dómarar hafa fengið að vita tíma hestanna skulu þeir sýna röðun þar sem einungis má sýna fyrsta sætið einu sinni.

8.7.20.4 Dómar

Dómarar gefa einkunnir með spjöldum frá 0-10 í heilum og hálfum tölum.

Fyrsti dómarar gefur einkunn fyrir niðurtöku á skeið.

Annar dómar dæmir skeið á milli 50 og 100m marks.

Þriðji dómar dæmir skeið á milli 100 og 150 m marksins.

Fjórði dómar dæmir niðurhægingu frá 150 til enda vallar við 200 m mark.

Ræsir sem skal vera dómarar stendur á 50 m marklínunni og gefur 3 tímatökumönnum greinilegt merki með flaggi um að hesturinn hafi farið yfir 50m línuna. Ræsir sýnir rautt flagg, hafi hestur ekki verið á skeið þegar hann fór yfir 150 m línuna.

Dómarar velja staðsetningu sína með tilliti til þess að hafa sem besta yfirsýn yfir sitt dómsvæði. Þegar hestur er kominn út af hans svæði, sýna dómarar 1-4 einkunnir sínar. Stökkvi hestur upp á tímatökusvæði sýnir viðkomandi dómarar rautt flagg og hestur fær enga einkunn fyrir tíma.

Hæst er hægt að fá 40 stig fyrir gangtegundir og 20 fyrir tíma, samkvæmt tímatökutöflu. Deilt er í lokasummu með 6.

8.7.20.5 Einkunnir

Fái hestur 1 frá dómarar 2 og/eða 3 og/eða rautt flagg frá ræsi eða dómarar á marklínu, fær hann ekki einkunn fyrir tíma. Gefi 3 dómarar 0 í einu hlaupi, verður loka einkunn þess spretts 0.

8.7.20.6 Einkunnatafla

Sjá PP1.

8.7.21 P2 – Flugskeið: 100 m skeiðkappreiðar með fljúgandi ræsingu

Þessi grein fer fram á skeiðvelli sem er 150 m langur.

8.7.21.1 Ræsing

Einn hestur fer í einu að rásmarki. Við merki ræsis ríða knapar að 50 m marklínus á gangtegund að eigin vali. Þegar riðið er yfir 50 m marklínus hefst tímataka með sýnilegu merki. Þaðan og til endamarks skal hestur vera á skeiði. Riðnir eru tveir sprettir.

8.7.21.2 Rásröð

Fyrir fyrsta sprett er rásröð dregin af handahófi. Í öðrum spretti er rásröð ákveðin eftir árangri í fyrsta spretti. Hestur með slakastan tíma byrjar fyrstur.

8.7.21.3 Dómarar

Sjá P1 – 250 m skeiðkappreiðar.

8.7.21.4 Tímavarsla

Sjá P1 – 250 m skeiðkappreiðar.

8.7.21.5 Einkunnagjöf

Besti tíminn gildir til einkunnar. Séu tímar jafnir er það næst besti tími hests sem raðar í sæti. Stökkvi hestur upp af skeiði á milli 50 m marklínus og endamarks telur viðkomandi sprettur ekki til einkunnar.

8.7.21.6 Dæmt úr leik

Eftir að keppandi hefur verið kallaður upp og hefur hafið aðreið að rásmarki er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik.

8.7.21.7 Knapar

Sjá P1 – 250 m skeiðkappreiðar.

8.7.21.8 Met

Sjá P1 – 250 m skeiðkappreiðar.

8.7.21.9 Einkunnir

Einkunnir fyrir tíma er reiknaðar með eftirfarandi jöfnu: $(12.00 - t) / 0.60$.

Þar sem $t =$ tími hraðasta spretts með viðeigandi mörgum aukastöfum.

Einkunnir geta ekki orðið hærri en 10,00 eða lægri en 0,00.

Afrúnnun einkunna er framkvæmd eftir reglum lýst í FIPO.

8.7.21.10 Yfirferð tímatöku

Áður en keppni í 100 m skeiði hefst skal þulur lesa eftirfarandi tilkynningu til knapa: Tímar eru lesnir upp af stafrænu tímatökunni og birtir. Þeir eru þó ekki staðfestir fyrr en keppni er lokið og starfsfólk tímatöku hefur farið yfir og staðfest að allir tímar séu réttir. Yfirferð þessi skal fara fram um leið og greininni lýkur.

8.8 Aðrar keppnisgreinar

8.8.1 All ride

Reglur fyrir 'All ride' fylgja núgildandi dönskum reglum.

8.8.2 Gæðingakeppni

Reglur fyrir 'Gæðingakeppni' fylgja núgildandi íslenskum reglum.

8.8.3 Pollatölt

Völlur 200 eða 250 metrar.

Þáttökuréttur og skráning:

- Þáttökurétt hafa öll börn 9 ára á árinu og yngri.

Allir pollar skulu fá viðurkenningu fyrir þáttöku. Pollum er ekki heimilt að keppa á stóðhestum.

8.8.3.1 Forkeppni

Verkefni:

3-5 keppendur inni á vellinum í einu. Gefið skal upp við skráningu hvort riðið sé upp á hægri eða vinstri hönd. Þulur stjórnar keppni. Riðið skal að lágmarki 1 hringur og að hámarki 3 hringir í hverju verkefni.

Frjáls ferð á tölti.

Dómar:

3 - 5 dómarar dæma með spjöldum 0 - 10 stig.

Hæsta og lægsta einkunn strikuð út, ef 5 dómarar dæma. Meðaleinkunn reiknuð.

Heimilt er að skera úr um úrslit í forkeppni og sleppa þar með úrslitum, enda séu keppendur 5 eða færri og hafi keppt saman í forkeppni.

8.8.3.2 Úrslit

Verkefni:

Þeir keppendur, sem eru í fyrsta til fimmsta sæti eftir forkeppnina, koma saman á völlinn, sem má vera 200 eða 250 m.

Frjáls töltferð, upp á báðar hendur.

Dómarar ákveða hve lengi riðið er. Þó má ekki fara fleiri en þrjá hringi á hvora hönd.

Dómar:

Í úrslitakeppni gefa dómarar einkunnir. Hæsta og lægsta einkunn er strikuð út, eins og í forkeppni, dæmi 5 dómarar.

8.8.3.3 Almennar ábendingar

Sérstakt tillit er tekið í dónum til eftirfarandi atriða:

- Hreinleika gangsins.
- Léttleika, jafnvægis, fallegrar reisingar og fjaðrandi hreyfinga.
- Ásetu og taumhalds.

Tekið skal á grófri reiðmennsku í dómi.

8.8.4 Pollaþrígangur

Völlur 200 eða 250 metrar.

Þáttökuréttur og skráning:

Þáttökurétt hafa öll börn 9 ára á árinu og yngri.

Allir pollar skulu fá viðurkenningu fyrir þáttöku. Pollum er ekki heimilt að keppa á stóðhestum.

8.8.4.1 Forkeppni

Verkefni:

3-5 keppendur inni á vellinum í einu. Gefið skal upp við skráningu hvort riðið sé upp á hægri eða vinstri hönd. Þulur stjórnar keppni. Riðið skal að lágmarki 1 hringur og að hámarki 3 hringir í hverju verkefni.

- Tolt, hægt til milliferð
- Brokk, hægt til milliferð
- Fet

Dómar:

3 - 5 dómarar dæma með spjöldum 0 - 10 stig.

Tekið skal tillit til stjórnunar og ásetu knapa.

Hæsta og lægsta einkunn strikuð út, ef 5 dómarar dæma. Meðaleinkunn reiknuð. Heimilt er að skera úr um úrslit í forkeppni og sleppa þar með úrslitum, enda séu keppendur 5 eða færri og hafi keppt saman í forkeppni.

8.8.4.2 Úrslit

Verkefni:

Þeir keppendur, sem eru í fyrsta til fimmsta sæti eftir forkeppnina, koma saman á völlinn, sem má vera 200 eða 250 m, upp á vinstri hönd nema samkomulag sé um annað.

- Tolt, hægt til milliferð
- Brokk, hægt til milliferð
- Fet

Dómarar ákveða hve lengi riðið er. Þó má ekki fara fleiri en þrjá hringi á hverri gangtegund.

Dómar:

Í úrslitakeppni gefa dómarar einkunnir fyrir hvert atriði. Hæsta og lægsta einkunn er strikuð út, eins og í forkeppni, dæmi 5 dómarar.

8.8.4.3 Almennar ábendingar

Sérstakt tillit er tekið í dónum til eftirfarandi atriða:

- Hreinleika gangsins.
- Léttileika, jafnvægis, fallegrar reisingar og fjaðrandi hreyfinga.
- Ásetu og taumhalds, hversu virkur knapinn er.

Tekið skal á grófri reiðmennsku í dómi.

8.8.5 Keppnisgreinar á fimivelli

8.8.5.1 FS1 - Free Style Performance, frjáls fimikeppni

Þessi grein fer frá á fimivelli.

Skilyrði

Fjöldi æfinga að lágmarki 10, að hámarki 14.

Verkefnið skal samið af knapa. Skila skal verkefninu á skriflegu formi á viðeigandi eyðublöðum fyrir upphaf mótsins til stjórnstöðvar mótsins.

Lágmarkskröfur

- meðalfet
- tölt
- hægt til milliferðar stökk
- gangskiptingar og hraðabreytingar
- skipt um hönd
- sveigjur bending
- stöðvun
- kveðja
- Mögulegar æfingar til viðbótar lágmarkskröfum
- brokk
- krossgangur eða sniðgangur
- slakur taumur “rein back”
- afturfótarsnúningur
- stökkskiptingar af feti, brokki eða tölti

Hver æfing gildir einungis einu sinni til einkunnar upp á hvora hönd. Kveðjan er þar undanskilin.

Tónlist

Knapi skal útvega viðeigandi tónlist á kassettu eða geisladisk. Fleiri en ein kassetta eða fleiri en einn geisladiskur eru einungis leyfilegir þegar fulltrúi knapa er til staðar til að leika tónlistina í réttri röð og notar til þess hljómflutningstæki þau sem til staðar eru á mótinu og skipuleggjendur móts hafa útvegað.

Einkunnagjöf

3 dómarar dæma hver fyrir sig og aðskildir.

Einstakar æfingar sem og heildaráhrif (skipt í: 1. hreinleiki gangtegunda, 2. spryna, 3. hlýðni, 4. áseta og stjórnun) eru dæmd á einkunnakvarðanum 0.0 til 10.0 (að báðum meðtöldum) í heilum og hálffum tölum. Það er ekki gefin sérstök einkunn fyrir tónlist (en það er skyld að vera með tónlist).

Ef knapi fær 0 fyrir einn eða fleiri einstakan þátt verkefnis eru punktar dregnir af heildareinkunn á eftirfarandi hátt:

1. núll: -3 stig

2. núll: -8 stig (samtals: 11)
3. núll: -17 stig (samtals: 28)
4. núll: dæmt úr leik

Heildareinkunn samanstendur af summu einkunna fyrir einstakar æfingar verkefnisins að viðbættum fjórum einkunnum fyrir heildaráhrif að frádregnum frádrætti. Í þessa summu er deilt með heildarfjölda æfinga plús fjórir og fæst þá einkunn á bilinu 0.0 til 10.0 (að báðum meðtöldum), sýnt með einum aukastaf.

Séu einkunnir jafnar í fyrsta sæti, skera dómarar úr um lokaröðun.

8.8.5.2 FS2 – Riðið á fimivelli

Skilyrði

Fjöldi æfinga að lágmarki 8, hámarki 12. Lengd æfingar um það bil 5 mínútur.

Knapi skal semja verkefnið sjálfur. Verkefninu (ásamt teikningum) skal skilað skriflega á viðeigandi eyðublöðum fyrir upphaf móts til mótsstjórnar. Æfingar skulu tekna af eftirfarandi lista:

- Stöðvun af feti og/eða tölti/brokki
- Riðið af stað á feti og/eða tölti/brokki
- Serpentine loops, skipt á hringnum af hring á hring, fet, brokk eða tölt
- Átta á feti eða brokki/tölti
- Hægra og vinstra stökk allan völlinn eða á hringnum
- Framfótarsnúningur
- Krossgangur á feti, hvar sem er
- Gangskiptingar (tölt, brokk, tölt) hvar sem er á vellinum

Hverja æfingu má einungis sýna einu sinni (nema: stökk, hægra og vinstra, krossgangur til hægri og vinstri, framfótarsnúningur hægri/vinstri)

Tónlist

Knapi skal útvega viðeigandi tónlist á kassettu eða geisladisk. Fleiri en ein kassetta eða fleiri en einn geisladiskur eru einungis leyfilegir þegar fulltrúi knapa er til staðar til að leika tónlistina í réttri röð og notar til þess hljómflutningstæki þau sem til staðar eru á mótinu og skipuleggjendur móts hafa útvegað.

Dómar

3 dómarar dæma hver fyrir sig og aðskildir.

Einstakar æfingar sem og heildaráhrif (skipt í: 1. hreinleiki gangtegunda, 2. spryra, 3. hlýðni, 4. áseta og stjórnun) eru dæmd á einkunnakvarðanum 0.0 til 10.0 (að báðum meðtöldum) í heilum og hálfum tölu. Það er ekki gefin sérstök einkunn fyrir tónlist (en það er skyld að vera með tónlist).

Ef knapi fær 0 fyrir einn eða fleiri einstakan þátt verkefnis eru punktar dregnir af heildareinkunn á eftirfarandi hátt:

1. núll: -3 stig
2. núll: -8 stig (samtals: 11)
3. núll: -17 stig (samtals: 28)

4. núll, dæmt úr leik

Heildareinkunn samanstendur af summu einkunna fyrir einstakar æfingar verkefnisins að viðbættum fjórum einkunnum fyrir heildaráhrif að frádregnum frádrætti. Í þessa summu er deilt með heildarfjölda æfinga plús fjórir og fæst þá einkunn á bilinu 0.0 til 10.0 (að báðum meðtöldum), sýnt með einum aukastaf

Séu einkunnir jafnar í fyrsta sæti, skera dómarar úr um lokaröðun.

8.8.5.3 FS3 – Sýning á fimivelli í hendi

Verkefni er frjálst. Hesturinn er sýndur í hendi.

Skilyrði

Fjöldi æfinga að lágmarki 5, að hámarki 8. Lengd verkefnis um það bil 5 mínútur. Verkefnið skal samið af knapa. Verkefninu (ásamt teikningum) skal skilað skriflega á viðeigandi eyðublöðum fyrir upphaf móts til mótsstjórnar.

Mögulegar æfingar:

- Þjálfun í hendi
- Hringteyming
- Hringteyming með 2 taumum
- Frjálsar fimiæfingar af jörðu niðri
- Akstur í hendi
- Langur taumur
- Án taumsambands

Aðrar æfingar sem unnt er að framkvæma án þess að ríða hestinum eru leyfðar.

Takmörk

Það er leyfilegt að sýna hestinn án nokkurs útbúnaðar. Klæðnaður knapa skal vera í samræmi við verkefnið. Að öðru leyti gilda reglur FIPO um keppnisgreinar á fimivelli.

Tónlist

Knapi skal útvega viðeigandi tónlist á kassettu eða geisladisk. Fleiri en ein kassetta eða fleiri en einn geisladiskur eru einungis leyfilegir þegar fulltrúi knapa er til staðar til að leika tónlistina í réttri röð og notar til þess hljómflutningstæki þau sem til staðar eru á mótinu og skipuleggjendur móts hafa útvegað.

Dómar

3 dómarar dæma hver fyrir sig og aðskildir.

Einstakar æfingar sem og heildaráhrif (skipt í: 1. hreinleiki gangtegunda, 2. sprynda, 3. hlýðni, 4. áseta og stjórnun) eru dæmd á einkunnakvarðanum 0.0 til 10.0 (að báðum meðtöldum) í heilum og hálfum tölu. Það er ekki gefin sérstök einkunn fyrir tónlist (en það er skyld að vera með tónlist).

Ef knapi fær 0 fyrir einn eða fleiri einstakan þátt verkefnis eru punktar dregnir af heildareinkunn á eftirfarandi hátt:

1. núll: -3 stig
2. núll: -8 stig (samtals: 11)
3. núll: -17 stig (samtals: 28)
4. núll: dæmt úr leik

Heildareinkunn samanstendur af summu einkunna fyrir einstakar æfingar verkefnisins að viðbættum fjórum einkunnum fyrir heildaráhrif að frádregnum frádrætti. Í þessa summu er deilt með heildarfjölda æfinga plús fjórir og fæst þá einkunn á bilinu 0.0 til 10.0 (að báðum meðtoldum), sýnt með einum aukastaf

Séu einkunnir jafnar í fyrsta sæti, skera dómarar úr um lokaröðun.

8.8.6 Aðrar keppnisgreinar

8.8.6.1 FR1 – Fánakappreiðar

Völlur

Greinin er framkvæmd á 200m skeiðvelli. Ef þörf er á má einnig nota hringvöll.

Ráslína og marklína skulu greinilega markaðar. Jöfn tala fata, fylltum af sandi og standandi á tunnum skulu vera á vellinum. Áður en keppni hefst skal vera flagg í annarri hverri fötu (oddatölufötu, 1,3,5 o.s.frv.). Það þarf að vera auðvelt að taka fótuna úr einni fötu og setja í næstu (2,4,6, o.s.frv.)

Rásröð

Rásröð skal dregin. Rásröð er hin sama í fyrsta og öðru hlaupi. Hvert par má fara tvær ferðir en einungis betri ferðin gildir.

Ræsing

Aðeins einn er ræstur í einu. Eftir hljóðmerki og sýnilegt merki sem gefið er af ræsi (sem skal vera dómar) fer hestur af stað á gangtegund að eigin vali. Við hverja fötu með oddatölum (1,3,5...) tekur knapi flaggið úr fótunni og setur það aftur í næstu fötu (2,4,6...). Eftir síðustu fötu fer parið yfir marklinu. Hið sýnilega merki gefur þremur tímatökumönnum til kynna að knapi hafi farið yfir ráslínu.

Dómari

Dómari fylgist með hverju fatnapari. Falli flagg úr fötu á meðan á tímatöku stendur, eftir að hafa verið sett í rétta fötu er 15 refsisekúndum bætt við tíma.

Dæmt úr leik

Ef knapi fer í hring eða mistekst að setja flagg í rétta fötu er það hlaup dæmt ógilt.

Einkunnir

Hraðasta parið (eftir að refsisekúndum hefur verið bætt við) fær einkunnina 6.0. Næsta par fær 0,2 minna, þ.e. 5,8 og svo koll af kolli. Lægsta mögulega einkunn er þó 0.0. Allar einkunnir eru rúnnaðar af eftir almennum reikningsreglum.

8.8.6.2 TR1 – Þrautakeppni

Völlur

Greinin er framkvæmd á viðeigandi svæði. Engin æfing má skapa hættu fyrir hest eða knapa. Verkefnið skal samanstand af að minnsta kosti 5 æfingum.

Upphaf

Einung einn hestur er ræstur í einu. Allt að þrír hestar geta verið í brautinni í einu.

Dómar

Dómarar nota skala frá 0 til 10 (að báðum meðtöldum) í heilum og hálfum tölu fyrir hverja æfingu. Lokaeinkunn er meðaltal allra æfinganna. Allar lokaeinkunnir eru rúnnaðar með einum aukastaf eftir almennum reikningsreglum.

Skilyrði

Nota má eftirfarandi æfingar:

- Opna hlið af hestbaki, fara í gegn og loka
- Stangir eða spírus á jörðinni, hesturinn stígi yfir þau
- Vatn – riðið í gegnum
- Brú (minnsta breidd 90cm, lengd 1,50m) riðið yfir
- Hringur úr sagi (ca 5m í þvermál), hesturinn láttinn bíða inni í hringnum, knapi fer af baki og út fyrir hringinn og labbar í kringum hestinn
- Regnstakkur eða þvíumlíkt sett á stöng, tekinn af, a.m.k. 5 metrar riðnir og settur niður hinu megin
- Tunnur, riðið í sveig á milli þeirra á tölti eða brokki
- Hesturinn teymdur
- Farið af og á bak
- Fet við langan taum, a.m.k. 40m
- Stökk, a.m.k. 100m upp á aðra höndina, engar krappar beygjur
- Hestur settur á kerru, kerran þarf að vera traust og með stömu gólfí, þ.e. ekki háл. Hesturinn skal leiddur upp á kerruna, standi þar kyrr í a.m.k. 10 sekúndur rólegur og er svo leiddur aftur út af kerrunni.
- Bogahlið með borðum (breidd 90cm, hæð ca 1,90m), riðið í gegnum það.
- Bakkað út úr göngum gerðum úr spírum ca 5 metra
- Riðið yfir vegasalt (a.m.k. 90 cm breitt, 1,50m á lengd)
- Völundarhús afmarkað af spírum, riðið í gegnum á feti
- Eitthvað dregið á eftir hestinum, t.d. svartur ruslapoki fylltur með einhverju ekki of þungu
- Riðið í gegnum mjótt gat á vegg eða girðingu
- Polo í ákveðna vegalengd, þ.e. bolti sleginn með kylfu
- Boltar fluttir ákveðna vegalengd
- Svig í kringum 4 spírus, fjarlægð frá 80cm til 1m/4m

- Svig í kringum tunnur án þess að snerta taum

Viðbótaræfingum sem hæfa íslenskum hestum má bæta við.

8.8.6.3 CR1 – Viðavangshlaup

Ræsing

Einungis skal ræsa einn hest í einu.

Dómar

Dómarar nota einkunnaskala á bilinu 0-10, að báðum meðtöldum, í heilum og hálfum tölum.

Ef notuð er tímataka þá fær hraðasti keppandinn (eftir að búið er bæta við refsisekúndum) einkunnina 6,00. Næstu keppendur þar á eftir fá alltaf 0,2 minna, þ.e. annar keppandi fær 5,8, þriðji 5,6 og svo framvegis. Lægsta einkunn er þó aldrei lægri en 0.

Aðaleinkunn er meðaltal allra hluta keppninnar. Allar einkunnir eru rúnnaðar af með einum aukastaf samkvæmt almennum reglum stærðfræðinnar.

Skilyrði

Lengd verkefnis og verkefnið sjálft mótað af staðháttum á hverjum stað. Erfiðleikastig brautarinnar skyldi þó ekki hærra en viðmiðanir í almennum viðavangshlaupum. Það er leyfilegt að fara af baki.

Hægt er að hafa eftifarandi æfingar:

- Upp og niður brekkur, þær geta verið miserfiðar
- Stökk á hægri eða vinstri hönd
- Kappreiðastökk (á tímatökukafafla)
- Stokkið yfir girðingar (t.d. hlið), einnig mögulegt að hafa auðveldari hindranir, mesta hæð 60cm
- Farið fram hjá sérstökum aðstæðum (t.d. dráttarvél)
- Mjóir stígar
- Riðið í gegnum vatn, læki eða polla
- Mismundandi gangtegundir riðnar á sérstökum köflum

Almennar athugasemdir

Lengd verkefnis: 15-50 mínútur. Greinin er framkvæmd utan keppnissvæðis.

Aðaláhersla skal vera á samræmi og samspil knapa og hests sem og meðferð knapa á hesti við erfiðar aðstæður sem möguleiki er að lenda í þegar riðið er út í náttúrunni.

8.9 Viðauki 1: Heimslisti/ World Ranking

Undir eftirliti sportfulltrúa FEIF er haldinn Heimslisti yfir knapa sem taka þátt í eftirfarandi greinum: Tölt T1 og T2, T3; fimmgangur F1, F2; fjórgangur V1, V2 Fimikeppni FS1, Gæðingaskeið PP1, Skeiðkappreiðar 250m P1, og 150 m P3, Fljúgandi skeið P2, T3, Fimikeppni FS1.

Frá og með 2015 þurfa þrírar alþjóðlegir dómarar að dæma Worldranking móti. Einn þeirra þarf að hafa fasta búsetu í öðru landi. Listi yfir dómara með gild réttindi má á hverjum tíma finna á www.feif.org (farið á Adresses – Judges – International Sport judges). Úrslitum móta þar sem þessum skilyrðum er ekki fullnægt er hafnað.

Sportfulltrúi FEIF getur deilt skyldum tengdum Heimslistanum til undirnefndar.

Frá og með 2009 þurfa allir hestar sem notaðir eru í keppni á Worldranking listunum að vera rétt skráðir í Worldfeng. Röðunin sjálf er áfram ekki háð hestum en einkunnir hestanna munu verða tengdir þeim í Worldfeng. Þannig að skrá þarf FEIF id númer hesta sem taka þátt í keppninni og skila inn til FEIF.

Sambönd FEIF-landanna skulu nefna greinar sem eru sambærilegar FIPO greinunum og eiga að gilda inn í Heimslistanum, að fylgdum reglum settum af sportfulltrúa FEIF.

Listi yfir öll tilkynnt móti eru kynntur í apríl.

Allur árangur fyrir knapa sem er betri en eftirtalin mörk er skráður í Heimslistann sem haldinn er fyrir viðkomandi greinar. 5,5 í forkeppni í greinunum nefndum hér að ofan (þar sem við á) eða 25.60 sekúndur eða betra 250 m skeiðkappreiðum, 16.50 sekúndur eða betra í 150 m skeiðkappreiðum, 8.70 sekúndur eða betra í Fljúgandi skeiði.

Sérsambönd hvers lands eru ábyrg fyrir réttum úrslitum.

Allur árangur er gildur í tvö ár frá síðasta degi móts þar sem árangur náðist (að sömu dagsetningu tveimur árum seinna, en ekki að meðtalinni).

Röðunin í hverri grein er byggð á meðaltali þriggja bestu einkunna knapa. Betri eða jafngóður árangur kemur í stað eldri einkunna.

Þar sem röðunin er byggð á áframhaldandi kerfi (árangur gildir í tvö ár) er aldrei nein lokaröðun.

